**SVERRIR FALUR BJÖRNSSON**

*Sálfræðin er skemmtilegust*

Nám

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS






**JOHN REID OG ÓSKAR PÁLL**

*Metsölulagahöfundur í Idol-stjörnuleit*

Samdi fyrsta smellinn fyrir Kelly Clarkson

**FÓLK 39**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. mars 2006 — 73. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


### Goskraftur í Hafnarborg



Sigrún Harðardóttir myndlistarmaður sýnir hljómrík og gjósandi myndlistarverk í Hafnarborg. Gestir geta spilað með í tónverki náttúrunnar.

**MENNING 28**

### Hamingjusöm í sveitinni



Hulda Gústafsdóttir hestakona kann vel við næðið í sveitinni milli þess sem hún skellir sér á hestamót þar sem hún nælir iðulega í efstu sætin.

**FÁKAR 18**

### Hve hratt og hvert?

Jóni Ormi Halldórssyni finnst ástæða til að staldra við þegar það sem kalla má daglega ritningu kapítalismans spyr hvort mikilvægi hagvaxtar sé ofmetið í ríkum löndum og hvort slíkt ofmat geti leitt til rangrar stjórnarstefnu.

**Í DAG 20**

### Mikill hagnaður hjá FH

Knattspyrnudeild FH skilaði 6,5 milljóna króna hagnaði árið 2005. Þjálfarar og leikmenn liðsins fengu greidd laun fyrir 35 milljónir króna.

**ÍÞRÓTTIR 34**

### VEÐRIÐ Í DAG




**SÓLARLÍTIÐ - Í** dag verður fremur hæg suðlæg átt. Súld eða dálítil rigning sunnan og vestan til en þurrt og skýjað annars staðar. Hiti 5-10 stig.

**VEÐUR 4**

Eldsvoði á Breiðdalsvík:

## Hús rýmd út af sprengihættu



**FRYSTIHÚSIÐ SKÍÐLOGAR** Eldurinn kviknaði í elsta hluta frystihússins. Þar eru birgðageymslur þess og var þak hússins hrunið þegar Fréttablaðið fór í prentun. Íbúðarhús höfðu verið rýmd vegna sprengihættu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LÖGREGLA** Frystihúsið á Breiðdalsvík, lífæð atvinnulífsins á staðnum, brann í gærkvöldi. Allt tiltækt slökkvilið á Breiðdalsvík og Fáskrúðsfirði vann að því að slökkva eldinn auk Stöðvarfjarðardeildar Rauða kross Íslands, björgunarsveitarmanna og lögreglu.

Íbúðarhús í nálægð við frystihúsið voru rýmd þar sem óttast var að ammoníakskútar sem tengdir eru frystigeymslum myndu springa. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu leiðbeindi mönnum fyrir austan um meðhöndlun kútanna í gegnum síma þar sem ammoníak getur verið ætandi losni um efnið.

Fjöldi fólks fylgdist með bruninum. Þegar Fréttablaðið fór í prentun skíðlogaði í elsta hluta frystihússins og var þakið hrunið. Búist var við því að slökkvistarfið stæði fram eftir nóttu.

- gag/mh

# Rektor segir skólann þurfa fimm milljarða

**Eigi að takast að koma Háskóla Íslands í hóp bestu háskóla heims þurfa rauntekjur skólans að aukast um fimm milljarða króna að mati rektors Háskólans.**

**MENNTAMÁL** „Það er vægast sagt óraunhæft að ætla að fjárframlög til Háskóla Íslands muni aukast um allt að sjötíu prósentum á næstu árum," segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar. Að mati Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, þurfa rauntekjur skólans að aukast um 65 til 70 prósent á næstu fimm árum miðað við núverandi nemendafjölda eigi að takast að koma skólanum í hóp eitt hundrað bestu háskóla heimsins eins og stefnt er að.

Þetta kom fram í máli Kristínar á málþingi Vísinda- og tækniráðs í gær en þar ræddi hún brýna nauðsyn þess að koma skólanum á kortið sem einni af bestu menntastofnunum heimsins. „Við eigum töluvert í land að komast í fremstu röð og verðum að herða enn róðurinn ef við ætlum að tryggja áfram stöðu Íslands með lífskjör á heimsmælikvarða. Með því að setja sér ögrandi og djarft en um leið raunhæft markmið um að komast í hóp hundrað bestu háskóla telur HÍ sig best þjóna þessu markmiði og hagsmunum þjóðarinnar."

Rauntekjur skólans þurfa því að hækka um fimm milljarða króna svo gerlegt verði að koma skólanum í fremstu röð en tekjur skólans í ár eru sjö milljarðar króna. Þar af koma 4,8 milljarðar úr ríkissjóði en 2,5 milljarðar eru sjálfsaflafé.

Sigurður Kári segir vilja hjá ríkisvaldinu til að auka enn framlög til skólans en segir skólann einnig þurfa að fara í innri skoðun. „Slíkir fjármunir sem Kristín fer fram á koma einungis með skattahækkunum og það er ekki á dagskránni. Eðlilegra teldi ég að skólinn færi meira í samstarf við fyrirtæki en nú er hvað varðar kostaðar stöður en einnig hvort ekki sé ástæða til að skoða upptöku skólagjalda."

Björgvin G. Sigurðsson, fulltrúi Samfylkingar í menntamálanefnd, segir markmiðið háleitt en langsótt. „Svo metnaðarfullar hugmyndir nást aðeins í gegn með stórauknum framlögum og núverandi menntamálaráðherra hefur engan pólitískan vilja til að fara í það."

- þþs/aöe



**BÆJARSTJÓRINN** Segir alveg skýrt að kosið verði um stækkun álversins.

Álver Alcan í Hafnarfirði:

## Íbúar kjósa um stækkun

**STÓRIÐJA** Ekki verður af stækkun álvers í Straumsvík án þess að íbúar í Hafnarfirði kjósi um það, að sögn Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra.

„Þegar búið verður að vinna málið þannig að hægt verður að taka afstöðu til þess verður kosið um það," segir hann. „Enda er skýrt kveðið á um það í lögum sem við vinnum eftir að íbúar kjósi um öll meiriháttar mál bæjarfélagsins. Enn hafa forsvarsmenn álversins ekki ákveðið neitt um það hvort þeir ætli sér að stækka það," segir hann.

- jse

### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




Dauður svanur í Hafnarfirði vakti óhug vegfarenda:

## Rannsókn of kostnaðarsöm

**FUGLAFLENSA** „Það fjármagn sem okkur er ætlað vegna þessa verkefnis er af svo skornum skammti að okkur er nauðugur einn kostur að velja og hafna," segir Jarle Reiersen, dýralæknir og sérfræðingur í alifuglasjúkdómum.

Svanur sá er fannst nær dauða en lífi á tjörninni í Hafnarfirði um miðjan dag í gær var ekki rannsakaður í tilraunastöð Háskólans að Keldum með tilliti til fuglaflensu sökum fjárskorts. Segir Jarle að líkurnar á fuglaflensu séu hverfandi þegar aðeins sé um stakan fugl að ræða eins og var í þessu tilviki.

Vegfarendur létu vita af svaninum þar sem hann lá lífvana á miðri tjörninni en hann reyndist ekki dauður þegar til kom. Var hann aflífaður af lögreglu skömmu síðar og var það mat lögreglumanna að fuglinn hefði einfaldlega orðið fyrir bíl.



**SVANURINN SKOTINN** Svanurinn í Hafnarfirði reyndist ekki dauður þegar til kom og var því gripið til þess ráðs að skjóta hann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Að sögn Jarle Reiersen eru líkurnar á fuglaflensu engar þegar um staka fugla er að ræða. Hins vegar verði strax gripið til aðgerðaráætlunar berist tilkynning um fleiri en einn dauðan fugl á svipuðum slóðum. Lögreglan í Hafnarfirði mun áfram vakta tjarnir bæjarins ef vera skyldi að fleiri fuglar finnist dauðir.

- aöe






## SPURNING DAGSINS

*Haraldur, heldurðu að íbúar í Álftamýri séu í sérstökum áhættuhópi?*

„Ekki held ég það."

Fuglaflensan geisar víða og fyrirboðinn hefur víðast verið álftadauði. Haraldur Briem er sóttvarnarlæknir.

Ísraelskir hermenn réðust inn í Jeríkó í gærmorgun:

# Rændu föngum úr fangelsi

**PALESTÍNA, AP** Ísraelskir hermenn réðust í gærmorgun á fangelsi Palestínumanna í Jeríkó og sátu um það uns fangaverðir og fangar höfðu gefið sig þeim á vald síðdegis.

Meðal fanganna voru sex Palestínumenn sem sakaðir eru um morð á ísraelska ráðherranum Rehavam Zeevi árið 2001. Einn þeirra er Ahmet Saadat, yfirmaður Alþýðufylkingar til frelsunar Palestínu, en hann er sakaður um að hafa gefið skipunina um morðið.

Ísraelsmenn óttuðust að Hamas-samtökin, sem nú hafa náð meirihluta á þingi Palestínumanna, myndu sleppa Saadat úr haldi. Ísraelski herinn gerði árásina skömmu eftir að Bretar höfðu skýrt frá því að þeir væru hættir að hafa eftirlit með fangelsinu vegna þess að ekki hefði verið orðið við óskum um úrbætur í öryggismálum.

Margir Palestínumenn kenna Bretum og Bandaríkjamönnum um árásina. Reiðir Palestínumenn réðust í framhaldinu á útlendinga víðs vegar á Gaza-strönd og Vesturbakkanum. Meðal annars báru þeir eld að bresku sendiskrifstofunni í Gaza-borg og í það minnsta níu manns var rænt af vopnuðum mönnum. - gb



**Á LEIÐ ÚT ÚR FANGELSINU** Tugir fanga komu út úr fangelsinu í Jeríkó í smáhópum yfir daginn, flestir á nærfötunum, meðan ísraelskir hermennirnir beindu að þeim byssuhlaupum sínum. MYND/AP

Ólöglegar aftökur í Írak:

# Lögreglumen[n] fundu 85 lík

**ÍRAK, AP** Íraska lögreglan
minnst 85 lík í gær og fy[r]
víða um Bagdad, höfuðborg
og í nágrannaborgum h
Fórnarlömbin voru flest bu[ndin]
höndum og fótum og höfðu
skotin í höfuð, líkt og um a
hefði verið að ræða. Meðal
voru 27 lík sem fundust í
gröf í hverfi sjíamúslima.

Morðin virðast öll vera
trúarbragðaágreiningi, en
þúsund manns hafa farist
síðan árás var gerð á hel
sjíamúslima, Gullnu mosk
Samarra, í febrúar. Óttast
átökin geti reynst upphafið a
arastyrjöld þar í landi.

Bandarískt dagblað:

# CIA-njósnarar á netinu

**BANDARÍKIN, AP** Fréttamenn dagblaðsins Chicago Tribune fundu nöfn 2.650 starfsmanna bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, á netinu. Jafnframt fundu þeir aðsetur um 25 leynilegra vinnustaða leyniþjónustunnar.



Fréttamennirnir notuðu gagnaskrár netfyrirtækja sem bjóða aðgengi að opinberum gögnum gegn greiðslu. Allir hafa aðgang að þessum upplýsingum svo lengi sem þeir greiða fyrir þær, kom fram í frétt blaðsins. Blaðið gaf ekki upp nöfn starfsmannanna eða nánari staðsetningu á vinnustöðunum utan ríkjanna sem þau finnast í, því ritstjórnin vildi ekki stofna öryggi starfsmanna CIA í hættu. - smk

Rannsóknir í Evrópu:

# Íslendingar í fyrsta sæti

**VINNUMARKAÐUR** Hlutfallslega langflestir Íslendingar og Finnar starfa við rannsóknir af Evrópuþjóðum og eru þessar þjóðir langt yfir meðaltalinu í ESB. Ísland er í fyrsta sæti og Finnland í öðru sæti á listanum, sem er niðurstaða rannsóknar Eurostat, Tölfræðistofnunar ESB.

2,24 prósent Íslendinga og 2,09 prósent Finna starfa við rannsóknir en meðaltalið í Evrópu er 0,85 prósent. Norðmenn eru með 1,58 prósent og Danir næstir með 1,36 prósent. Svíar hafa langlægsta hlutfallið, aðeins 0,78 prósent. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Árekstur við Höfðabakka** Tveir bílar lentu í árekstri við Höfðabakka í gærmorgun með þeim afleiðingum að flytja þurfti einn á slysadeild. Voru meiðsl hans þó ekki alvarleg. Aðrir tveir leituðu einnig aðstoðar læknis vegna smávægilegra eymsla. Bílarnir voru fluttir á brott með krana.



**JÓN KRISTJÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** „Á mannamáli er verið að segja að skapa þurfi bönkunum svigrúm til að hækka vexti á íbúðalánum með því að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum."

# Fórna á Íbúðalánasjóði fyrir bankana

**Jóhanna Sigurðardóttir telur að með því að koma Íbúðalánasjóði af íbúðalánamarkaði sé verið að bjarga bönkunum úr stöðu sem þeir hafi sjálfir komið sér í. Félagsmálaráðherra vill ekki lofa frumvarpi um málið fyrir þinglok í vor.**

**STJÓRNMÁL** Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra kveðst ekki geta svarað því hvort nýtt frumvarp um breytingar á Íbúðalánasjóði verði lagt fram á yfirstandandi þingi. Lagt sé upp með víðtækt samráð um hugsanlegar breytingar og við það verði staðið. „Það er númer eitt í mínum huga að áfram verði tryggð íbúðalánaþjónusta við alla landsmenn," sagði Jón og neitaði því að til stæði að einkavæða sjóðinn.

Jóhanna Sigurðardóttir kvaddi sér hljóðs á Alþingi í gær vegna ummæla forsætisráðherra á mánudag um að hraða skyldi vinnu við að breyta hlutverki Íbúðalánasjóðs, meðal annars vegna aðstæðna í efnahagslífinu. Hún spurði félagsmálaráðherra hvort hann væri sammála forsætisráðherra um þá ráðstöfun.

Fram kom í máli hennar að ekki lægi fyrir stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Íbúðalánasjóði sem fyrrverandi félagsmálaráðherra óskaði eftir. Hún taldi víst að sú skýrsla yrði ekki tilbúin í áður en þing færi heim og spurði hvort beðið yrði eftir henni. „Það er auðvitað nokkuð kaldhæðnislegt að fórna eigi Íbúðalánasjóði og hann eigi að bjarga bönkunum úr þeirri stöðu sem þeir eru sjálfir búnir að koma sér í með óábyrgri útlánastarfsemi. Telur ráðherra til dæmis ekki vera áhyggjuefni að verðbréfafyrirtækið Merrill Lynch segir í nýrri skýrslu að bankarnir geti ekki reiknað með hagnaði af íbúðalánastarfsemi fyrr en framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs hafi verið ákveðið? Á mannamáli er verið að segja að skapa þurfi bönkunum svigrúm til að hækka vexti á íbúðalánum með því að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum," sagði Jóhanna.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Arnbjörg Sveinsdóttir, Sjálfstæðisflokki, sagði augljóst að ekki yrðu dramatískar breytingar á Íbúðalánasjóði nema fyrir lægi hvernig íbúðalánum á landsbyggðinni yrði sinnt.

Jón Bjarnason hjá Vinstri grænum harmaði að gömlum félagshyggjuflokki, Framsóknarflokknum, yrði enn einu sinni beitt fyrir það sem hann nefndi einkavæðingarvagn Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra.

Jón Kristjánsson sagði alrangt að til stæði að einkavæða Íbúðalánasjóð en starfseminni yrði breytt. Hann svaraði ekki hvort beðið yrði skýrslu Ríkisendurskoðunar eða hvort frumvarp um sjóðinn kæmi fram á yfirstandandi þingi.

johannh@frettabladid.is

Jákvæð skýrsla um bank[a]

# Mæla með bankabréfu[m]

**VIÐSKIPTI** Þýski bankinn
telur í nýrri greiningu að
skuldabréf íslensku banka[nna]
of hátt. Bankinn segir að þa
sem sé á bréfunum sé tö
umfram það sem áhættan re
að hans mati.

Bankinn segir að tvennt
mönnum áhyggjum. Annað
gæði útlána bankanna geti
að við veikingu krónunnar.
bankinn segir þá skoðun
aða og geri hún ráð fyrir út
til stórra aðila sem ekki séu
ir fyrir gengisbreytingum.
að bankarnir séu háðir fjár
un á skuldabréfamörkuðun
sé rétt, en á móti komi fj
ingabankastarfsemi þar
þóknunartekjur séu mikl
dragi það úr viðkvæmni.



**MÓTMÆLI VIÐ SORBONNE** Háskólan[emar]
í París efndu til mótmæla. FRÉTTA

Harðar deilur í Frakkland[i]

# Chirac styðu[r] Villepin

**PARÍS, AP** Jacques Chirac
landsforseti lýsti í gær yfir
ingi við Dominique de Villep[in]
sætisráðherra í harðví
deilum um atvinnumál sem
hafa þar í landi undanfarið.

De Villepin vill gera brey
á lögum um atvinnumál sem
atvinnurekendum auðvelda
reka unga starfsmenn. Ma
breytinganna er að drag
atvinnuleysi meðal ungs fól
bæði stúdentar og verkalýð
hafa efnt til harðra mótmæl




Rannsóknir Reykjavíkurlögreglu á fíkniefnasmygli og ofbeldismálum:

# Sjö sitja í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Sjö einstaklingar sitja nú í gæsluvarðhaldi meðan lögreglan í Reykjavík rannsakar mál þeirra, sem annað hvort tengjast fíkniefnum eða hnífaárásum.

Ungur maður sem tekinn var á Keflavíkurflugvelli þegar hann gerði tilraun til að smygla 3,2 kílóum af amfetamíni var úrskurðaður í gæsluvarðhald til mánaðamóta. Lithái sem tekinn var með tvær vínflöskur af amfetamínbasa á að sitja inni til 7. apríl. Hins vegar rennur gæsluvarðhald út næstkomandi föstudag hjá tveimur öðrum Lithaum, sem einnig eru til rannsóknar hjá lögreglu vegna amfetamínsmygls. Annar þeirra er búsettur hér og var tekinn í tengslum við fyrri smygltilraunina frá Litháen. Sambýliskona hans var úrskurðuð í farbann til



**LITLA-HRAUN** Gæsluvarðhaldsfangar sitja yfirleitt á Litla-Hrauni meðan mál þeirra eru í rannsókn.

24. mars. Hinn síðarnefndi var tekinn fyrir hálfum mánuði með umtalsvert magn af fljótandi amfetamíni á flöskum.

Þá sitja þrír piltar í gæsluvarðhaldi vegna hnífaárása. Einn þeirra, sem stakk mann 17. [...]
ar, á að sitja inni til mánaða[móta].
Hinir tveir, sem veittu fólki á[verka]
með hnífum sömu helgina
skemmstu, eiga að sitja inni
apríl.

*Opin íbúðalán*



# Eiga ekki allir að njóta frelsis?

Íslendingar hafa náð glæstum sigrum í þágu frelsisins á mörgum sviðum lífsins.
Draugar fortíðarinnar eru þó skammt undan. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

**Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.**
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**

spron

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

# Horfðu til framtíðar, fáðu tilboð og helmingi lægri vexti!

Himinn og haf / SÍA

Fáðu tilboð í bankaviðskipti frá Netbankanum og þú færð helmingi lægri yfirdráttarvexti í 6 mánuði og góða vexti eftir það. Netbankinn býður þér einstaklega góð kjör, fjölbreytt lánaúrval og þjónustu sem er sérsniðin að þínum þörfum. Þú getur sparað ótrúlegar fjárhæðir á ári með því að skipta við Netbankann.

Allir nýir viðskiptavinir Netbankans eiga þess kost að vinna glæsilega ferð fyrir tvo til Evrópu og þeir sem panta MasterCard kreditkort geta einnig unnið 50.000 kr. ferðaávísun. Dregið 1. júní 2006.

nb.is sparisjóður hf.

**www.nb.is**

**Netbankinn**
*– með betri vexti*

• Sæktu um á nb.is
• Hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990
Á MÁNUÐI?*
*M.v. 12 mánaða samning.

Hive

**Það er ekkert mál að skipta.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

LEGACY

SUBARU




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**Nú fylgir leiðsögutæki* að andvirði 96.500,- með hverjum seldum Legacy**

Legacy er fullkominn bíll fyrir bæjarbúann sem finnst gaman að ferðast um landið. Lipur og léttur innanbæjar - öflugur með kraftmiklu drifi á öllum hjólum utanbæjar. Þú einbeitir þér að akstrinum og tölvan vísar þér til vegar - hvort sem þú ert á hálendinu eða bara að leita að Andrésbrunni í Grafarholtinu.






Sjálfskiptur Sedan **2.440.000,-** Beinskiptur Wagon **2.390.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.590.000,-**

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga. kl. 9:00–18:00 og lauardaga kl. 12:00–16:00 |
|---|---|---|

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hrísmýri 2a<br>800 Selfoss<br>482-3100 | Sæmundargötu 3<br>550 Sauðárkróki<br>453-5141 | Eyralandi 1<br>530 Hvammstanga<br>451-2230 | Holtsgötu 52<br>260 Njarðvík<br>421-8808 | Óseyri 5<br>603 Akureyri<br>461-2960 | Sindragötu 3<br>400 Ísafirði<br>456-4540 | Dalbraut 2b<br>300 Akranesi<br>431-1376 | Víkurbraut 4<br>780 Höfn í Hornafirði<br>478-1990 | Búðareyri 33<br>730 Reyðarfirði<br>474-1453 |

SYMMETRICAL AWD

* Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3.

„... enda
eruð þið
laaang bestir.“

**Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.**

„Ég er gríðarlega ánægður með þjónustuna sem ég fékk við framrúðuskiptin. Hefðu ekki getað verið betri. Frábær þjónusta hjá ykkur enda eruð þið laaang bestir.

Með vinsemd og virðingu, Ölver Arnarsson.“

**Ánægjuvog tryggingafélaga 2005**




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.




**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is



Heimildarmynd gerð fyrir erlenda ökumenn:

# Tuttugu hafa látist á sex árun

**UMFERÐARMÁL** Á undanförnum sex árum hafa tuttugu erlendir ökumenn farist í umferðarslysum á Íslandi. Það eru rúm þrettán prósent af heildarfjölda þeirra sem fórust í umferðarslysum á þessu tímabili.

Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra árið 2004 var 138 og þar af voru erlendir ríkisborgar sautján talsins, rúm tólf prósent af heildarfjölda.

„Víða á vegum landsins er að finna aðstæður sem eru nokkuð framandi fyrir erlenda ökumenn og það eru helst lausamöl, blindbeygjur, blindhæðir og beygjur skammt hjá blindhæðum sem hafa



**BIFREIÐ EFTIR SLYS Á ÞJÓÐVEGI** Mikill fjöldi erlendra ökumanna fer um vegi landsins á sumrin og geta hætturnar sem leynast á íslenskum vegum komið þeim í opna skjöldu.

reynst þeim erfiðar,“ segir Magnús Magnússon, upplý fulltrúi Umferðarstofu.

Umferðarstofa hefur nú ist við þessu með átaki og fyrir erlenda ökumenn. „Við gefið út fræðslumynd sem How to drive in Iceland en þ þeir fræðst um þær hættu fylgja akstri á íslenskum v Einnig er áhorfandinn fr um ýmsar umferðarreglu hér gilda,“ segir Einar Magn

Heimildarmyndin er á f tungumálum og hefur henn dreift á fjölda bílaleiga en er hægt að sjá hana á v Umferðarstofu.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna í uppnámi:

# Áköf leit að málamiðlun

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Áköf leit er gerð að málamiðlun sem gæti fengið Bandaríkin til að styðja áform um að setja á stofn nýtt Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna sem á að taka við af núverandi Mannréttindanefnd.

Fundi Mannréttindanefndarinnar var frestað á mánudag þegar ljóst var að samstaða myndi ekki nást um stofnun arftaka hennar, fyrirhugaðs Mannréttindaráðs.

Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust var samþykkt að stofna nýtt mannréttindaráð til þess að taka við hlutverki Mannréttindanefndarinnar, sem hefur fallið mjög í áliti vegna þess að ekkert kemur í veg fyrir að í henni geti átt sæti ríki sem hika ekki við að brjóta mannréttindi á þegnum sínum. Þar hafa verið nefnd ríki á borð við Súdan, Líbíu, Simbabve



**MANUEL RODRIGUEZ-CUADROS** Formaður Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóða

og Kúbu, sem öll hafa nýverið átt sæti í Mannréttindanefndinni.

Bandaríkin hafa áhyggjur af því að einfaldur meirihluti verði látinn nægja til þess að velja ríki inn í hið fyrirhugaða Mannrétt-

indaráð. Til þess að koma fyrir að ríki sem brjóta man indi á þegnum sínum verði ráðið vilja Bandaríkin a þriðju atkvæða þurfi til að þykkja aðildarríki.

www.icelandexpress.is/frankfurthahn





**SÓFINN OG STÚKAN**

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
Iceland Express FÆRIR ÞÉR HM Á S

Við færum þér HM á SÝN og við getum líka fært þig á HM í Þýskalandi. Hvort sem sófinn eða stúkan verður fyrir valinu, verðum við með þér á HM.

# FRANKFURT HAHN



## Fallegt svæði og þægilegur viðkomustaður



**Frankfurt Hahn flugvöllurinn er ákaflega vel í sveit settur. Hann er í Hunsrück, einni helstu perlu Þýskalands, nokkurn veginn miðja vegu á milli Frankfurt og Lúxemborgar á svæði sem afmarkast af fljótunum frægu Rín, Mósel, Nahe og Saar.**

Svæðið er þekkt fyrir vínrækt, forna kastala, ótrúlega náttúrufegu og vinalegt viðmót heimamanna. Frankfurt Hahn er mjög þægilegur viðkomustaður á leið annað enda mjög miðsvæðis og naut mikilla vinsælda meðal farþega Iceland Express sumarið 2005.

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*

Iceland Express
www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum



100%
Vaxtalausir dagar
SUZUKI VIT. ZV-713
Nýskráður 20.07.1999 ek. 127 þús.
Verð kr. 650 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.083
SUZUKI VIT. UJ-250
Nýskráður 23.04.1999 ek. 99 þús.
Verð kr. 690 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.950
TOYOTA RAV4 JF-806
Nýskráður 22.10.1998 ek. 122 þús.
Verð kr. 1.050 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 22.750
SUZUKI GR. VIT. DU-003
Nýskráður 30.04.1998 ek. 110 þús.
Verð kr. 900 þús.
Afborgun á mánuði
kr.19.500
STJÖRNU-TILBOÐ
VW POLO NL-684
Nýskráður 16.06.2004 ek. 30 þús.
Verð kr. 1.050 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 22.750
SUZUKI VITARA OH-781
Nýskráður 10.02.1999 ek. 123 þús.
Verð kr. 780 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 16.900
ENGIN
útborgun!!
100% lán
Engin útborgun
Vaxtalaust í 4 ár
Aðeins í 3 daga!!!
Opið í dag frá
9-20
STJÖRNU-TILBOÐ
FORÐ FOCUS JG-990
Nýskráður 06.03.2000 ek. 143 þús.
Verð kr. 650. þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.083
TOYOTA COR. TOUR. TP-978
Nýskráður 19.10.1999 ek. 237 þús.
Verð kr. 390 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 8.450
STJÖRNU-TILBOÐ
SUZUKI BALENO RZ-789
Nýskráður 03.09.1999 ek. 51 þús.
Verð kr. 650 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.083
STJÖRNU-TILBOÐ
SUBARU IMPREZA YT-273
Nýskráður 16.06.1999 ek. 102 þús
Verð kr. 590 þús
Afborgun á mánuði
kr. 12.783
STJÖRNU-TILBOÐ
ALFA ROMEO OH-555
Nýskráður 04.06.1999 ek. 62 þús.
Verð kr. 850 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 18.417
STJÖRNU-TILBOÐ
NISSAN ALMERA JE-772
Nýskráður 19.04.2000 ek. 85 þús.
Verð kr. 490 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 10.617
SUZUKI JIMNY NB-475
Nýskráður 16.06.1999 ek. 82 þús.
Verð 590 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 12.783
SUZUKI SWIFT MU-659
Nýskráður 29.05.1997 ek. 116 þús.
Verð kr. 370 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 8.017
SUZUKI LIANA SE-769
Nýskráður 26.06.2003 ek. 44 þús.
Verð kr. 1.000 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 21.667
MEIRA EN
100
BÍLAR Í BOÐI
Kynntu þér
úrvalið
á www.suzukibilar.is
MIKIÐ
úrval af
jeppum
og 4x4!
Lán miðast við jafnar greiðslur í 48. mánuði,
lántökukostnaður innifalinn.
Suzuki notaðir bílar Skeifunni 17

„ORÐRÉTT“

*Alltaf vel rökuð*

**„Mér finnst Virance betri en sú sem var á undan en það er bara mitt álit.“**

JENSÍNA BÖÐVARSDÓTTIR MARKAÐSSTJÓRI GLÓBUS UM NÝJA GILLETTE RAKVÉL. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Mæltu manna heilastur*

**„Flugrekstur og fjárskortur er banvænn kokteill.“**

ODDUR GARÐARSSON SEM SAGT HEFUR UPP STÖRFUM HJÁ LANDHELGISGÆSLUNNI. FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ANDRÉS GUÐMUNDSSON KRAFTAMAÐUR

## *Allir með kraftadellu á heimilinu*



„Þessa dagana er ég upptekinn við að halda Skólahreysti,“ segir Andrés Guðmundsson, kraftamaður og mótshaldari, spurður hvað helst sé að gera hjá honum. Skólahreysti er keppni nemenda í níunda og tíunda bekk grunnskólanna í hreysti og aflsmunum. Keppni í tveimur af fjórum riðlum er lokið og hefur þátttaka verið góð og áhugi mikill. „Krakkarnir hafa mjög gaman af þessu,“ segir Andrés, sem hefur sjálfur gaman af að sjá í hve góðu formi ungmennin eru. Um 200 krakkar taka þátt og segist Andrés þess fullviss að innan um leynist upprennandi afreksmenn.

Næsta keppni fer fram í Íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi annað kvöld og reyna keppendur frá ellefu skólum með sér. Mótið er sýnt á Sýn á mánudagskvöldum.

Sjálfur er Andrés í hópi hraustustu manna en hefur lítið getað sinnt eigin líkama að undanförnu sökum anna. „Það hefur verið svo mikið að gera að æfingarnar hafa aðeins setið á hakanum. Reyndar er svo mikil vinna fólgin í að setja brautirnar upp og taka þær svo niður að ég held mér í formi með því,“ segir hann og hlær.

Þó mikill tími fari í mótshaldið á það ekki hug Andrésar alveg allan. Hann er mikill fjölskyldumaður og það er nóg að gera á heimavelli. „Ég er með þrjá peyja svo það er mikið að gera hér heima. Strákarnir eru eins árs, fjögurra og átta ára og það er mikið fjör og mikið tekist á. Það eru allir með kraftadellu á heimilinu,“ segir Andrés og jánkar að lokum að allir séu strákarnir duglegir að borða matinn sinn.



**LITADÝRÐ** Hindúar á Indlandi fagna vorkomunni þessa dagana á mikilli trúarhátíð. Skærir litir eru allsráðandi á hátíðinni og er enginn maður með mönnum nema hann sé gulur, rauður, grænn eða blár. Já eða bleikur, eins og stúlkurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KLIPIÐ Í KINNAR** Gulur varð fyrir valinu hjá þessum félögum sem tóku fullan þátt í hátíðinni í gær. Hindúarnir syngja og dansa í tilefni af vorinu sem er í nánd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP









**Í FREMSTU RÖÐ** Judit Polgar og Vishy Anand eru í hópi allra sterkustu skákmanna í heiminum. Polgar er fjórtánda á styrkleikalista A skáksambandsins og Anand er í þriðja sæti. Þá er Anand heimsmeistari í hraðskák. Þau hafa bæði teflt áður á Íslandi en aldrei mæ FRÉTTAB

# Hraðskákinni svipar til heims viðskiptann

**Snillingarnir og stórmeistararnir Vishy Anand frá Indlandi og Judit Polgar frá Ungverjalandi eru meðal þátttakenda í Glitnismótinu í hraðskák - minningarmóti um Harald Blöndal sem haldið er í Reykjavík í dag og á morgun.**

Anand og Polgar hafa bæði komið áður til landsins og tekið þátt í sterkum skákmótum. Við undirritun samstarfssamnings Glitnis og Skáksambands Íslands í gær lýstu þau bæði ánægju sinni með að vera komin til landsins.

„Ég hlakka alltaf til að koma hingað, landið er ólíkt öllum öðrum löndum og skákin hefur hér sterka stöðu,“ sagði Anand á fundi með fréttamönnum í höfuðstöðvum Glitnis í gær. Polgar tók í sama streng en hún kom fyrst til Íslands árið 1988, þá tólf ára að aldri. „Ég er afar ánægð með að vera komin hingað,“ sagði hún.

Þó þau hafi bæði teflt nokkrum sinnum á Íslandi hafa þau ekki mæst hér. Skákunnendur bíða því spenntir eftir viðureign þeirra í hraðskákmótinu.

Mótið er öllum opið og þurfa þátttakendur að skrá sig á vef skáksambandsins, skaksamband.com, fyrir hádegi í dag. Má heita fáheyrt að almenningi gefist kostur á að taka þátt í mótum með svo sterkum skákmönnum, en auk Anands og Polgar mun fjölmargir keppendur á Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótinu sem lauk í gær taka þátt.




**SAMSTARFIÐ STAÐFEST** Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis, og Guðfríður Lilja arsdóttir, foseti Skáksambands Íslands, skrifa undir samstarfssamning sem gildir til ára. FRÉTTAB

Samningur Glitnis og Skáksambandsins er til tveggja ára og verður efnt til fjölmargra viðburða í nafni bankans á þeim tíma.

Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis, lýsti í gær ánægju sinni með samstarf bankans og Skáksambandsins og fór nokkrum orðum um Harald Blöndal hæstaréttarlögmann, sem lést fyrir tveimur árum. „Haraldur, sem hefði orðið sextugur á þessu ári, er öllum ógleymanlegur sem honum kynntust. Hann var leiftrandi greindur, einstaklega litríkur karakter og vinmargur og auk þess áhugamaður um framgang skáklistarinnar. Það er því afar viðeigandi að tileinka Haraldi þetta mót því það verður í hans anda. Það verður fjölbreytt, fjörugt, litríkt og öllum opið. skák krefst snarprar hug skjótrar ákvörðunartöku nákvæmni en um leið ó trausts á eigið innsæi. Þar a andi mætti segja að hún sé ek heimi viðskiptanna,“ sagði meðal annars og bætti við að skák gæti Davíð unnið Golíat

Guðfríður Lilja Grétars forseti Skáksambands Í kvaðst einkar ánægð með sa inn við Glitni auk þess se sagði það mikinn heiður að Anand og Polgar til landsins.

Glitnismótið í hraðskák - ingarmót um Harald Blönda ur sett klukkan fimm í dag. F fram í Tjarnarsal Ráðhúss R víkur.

**bjorn@fretta**

# Bókaskuldir til fagmanna

Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur samið við innheimtufyrirtækið Intrum um innheimtu á safnefni sem er í vanskilum.

Safnið hefur fram til þessa annast innheimtuna sjálft en nú hefur verið afráðið að fela hana fagmönnum í innheimtu.

Intrum tekur til óspilltra málanna við innheimtu bóka og annarra gagna í eigu Borgarbókasafnsins á miðvikudaginn í næstu viku en fram að því verður svokölluð sektarlaus vika á safninu. Í því felst að fólk getur skilað bókum sem það hefur haft of lengi á náttborðinu hjá sér án þess að greiða þær skuldir sem jafnan fylgja slíku slugsi.



**BÆKUR Á BÆKUR OFAN**
Frá Borgarbkasafni Reykjavíkur.

# Eyjamenn vilja nýjan Herjólf

Flestir Vestmannaeyingar vilja að nýr Herjólfur verði fenginn til siglinga milli lands og eyja, samkvæmt nýrri könnun á vef Eyjafrétta. Næstflestir vilja að ferjulægi verði gert í Bakkafjöru en þar á eftir koma fylgjendur jarðganga milli lands og eyja.

Spurt var hvaða kosti þátttakendur vildu að bæjarstjórn einbeitti sér að í samgöngumálum. Tæp 37 prósent þátttakenda sögðust vilja að bæjaryfirvöld beittu sér fyrir því að nýr Herjólfur yrði fenginn til að sigla á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar en litlu færri, tæp 36 prósent, nefndu ferjulægi í Bakkafjöru.

Rúm 23 prósent þátttakenda vilja að bæjarstjórn einbeiti sér að greftri jarðganga en tæp þrjú prósent vilja bættar flugsamgöngur.



**HERJÓLFUR** Eyjamenn vilja nýtt skip.



**KIRSUBERJATRÉ** Vorið heldur afar fallega innreið í Washington í Bandaríkjunum, þar sem öll kirsuberjatré standa nú í fullum blóma. Vorhátíð tileinkuð blómunum er haldin þar frá 25. mars til 9. apríl.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**JUDIT POLGAR**

■ *Fremsta skákkona heims*

Judit Polgar fæddist í Ungverjalandi 23. júlí 1976. Hún er yngst þriggja systra sem allar hafa náð langt í skákinni. Elsta systirin, Zsuzsa, er stórmeistari og Zsófia er alþjóðlegur meistari.
Judit vakti snemma athygli fyrir hæfileika sína og hún varð yngst allra til að hljóta stórmeistaratign. Það var 1991 þegar hún var aðeins fimmtán ára. Sló hún þá met Bobby Fischer.
Judit hefur unnið fjölmörg stórmót um ævina en árangur hennar á ógnarsterku alþjóðlegu móti í Hollandi árið 2003 er jafnan talinn hennar besta frammistaða. Hafnaði hún þá í öðru sæti, hálfum vinningi á eftir Vishy Anand og heilum vinningi á undan þáverandi heimsmeistara Vladimir Kramnik.
Judit Polgar er jafnan sögð sterkasta skákkona sögunnar. Hún hefur 2711 Elo-stig og trónir langefst á styrkleikalista kvenna. Þá er í hún í fjórtánda sæti á listanum yfir sterkustu skákmenn heims. Þess má geta að stigahæsti íslenski skákmaðurinn er Jóhann Hjartarson með 2619 Elo-stig. Situr hann í 98. sæti alþjóðlega styrkleikalistans.



**VISHY ANAND**

■ *Heimsmeistari í hraðskák*

Vishy (Viswanathan) Anand fæddist á Indlandi 11. desember 1969. Fljótlega komu hæfileikar hans á skáksviðinu í ljós og hann sigraði á mörgum alþjóðlegum mótum ungmenna. Anand varð stórmeistari átján ára að aldri og varð þá jafnframt fyrsti indverski stórmeistarinn. Árið 2000 sigraði hann Alexei Shirov í einvígi um heimsmeistaratitilinn með þremur og hálfum vinningi gegn hálfum. Áður hafði hann komist mjög nærri því að hampa heimsmeistaratitlinum.
Anand hefur alla tíð teflt hraðskák samhliða hefðbundinni kappskák og jafnan þótt skara framúr á því sviði. Hann fór með sigur af hólmi í opinberu heimsmeistaramóti í hraðskák árið 2003.
Anand er nú í þriðja sæti á styrkleikalista Alþjóða skáksambandsins á eftir Gary Kasparov og Veselin Tropalov með 2792 Elo stig.
Anand hefur fjórum sinnum verið útnefndur skákmaður ársins, jafn oft og Gary Kasparov. Bobby Fischer hlaut þá viðurkenningu þrisvar sinnum á sínum ferli.


www.toyota.is








Kostum hlaðinn Hiace

Íslenskir atvinnubílstjórar hafa aðeins góða reynslu af Hiace, enda þjónar hönnunin þeim tilgangi að draga úr óeðlilegu álagi á líkamann. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Verð frá 1.810.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000

„Reglubundinn sparnaður gerir mig frjálsan. Ég þarf ekki lengur að segja: Þetta reddast."

LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000
EYDDU Í SPARNAÐ

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**

GOTT FÓLK McCANN




HANDSÁPA (3 teg.) 500 ml
HANDSÁPA 98 KR. 500 ml
ÞVOTTADUFT (2 teg.) 2 KÍLÓ
ÞVOTTAEFNI 199 KR. 2 kíló
UPPÞVOTTAVÉLADUFT 3 KÍLÓ
UPPÞVOTTAVÉLADUFT 389 KR. 3 KÍLÓ
UPPÞVOTTALÖGUR 1 LÍTRI
UPPÞVOTTALÖGUR 129 KR. HEILL LÍTRI
bonus.is
EUROSHOPPER
á hversdagsverði
4 EUROSHOPPER ELDHÚSRÚLLUR
ELDHÚSRÚLLUR 129 KR. 4 Í PAKKA
KAFFI REGULAR 149 KR. 500g
Coffee
TEKEX 39 KR. 200 grömm
RÍSKÖKUR 59 KR. 100 grömm
80 BÓMULLARSKÍFUR
EYRNAPINNAR 59 KR. 200 STYKKI
BÓMULLARSKÍFUR 59 KR. 80 STYKKI
200 EYRNAPINNAR
Vörur sem vit er í!
200 KAFFIPOKAR
KAFFIPOKAR 129 KR. 200 Í PAKKA
Nýtt!
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
HEILT KÍLÓ AF ÁVAXTAMÚSLÍ
ÁVAXTAMÚSLÍ 159 KR. HEILT KÍLÓ!
2 BAGÚETTUR 79 KR. 300g
2 FERSKAR FORBAKAÐAR BAGÚETTUR Í PAKKNINGU
Ciabatta
CIABATTABRAUÐ 79 KR. 225g
CIABATTABRAUÐ FRÁ EUROSHOPPER FORBAKAÐ, FERSKT OG KLÁRT Í OFNINN
NÚMER 2 OG 4
SKYNDIKAFFI 200g
SKYNDIKAFFI 299 KR. 200g
EKKERT BRUÐL
BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA 198 KR. HEILT KÍLÓ!
6 PÍTUBRAUÐ Í PAKKNINGU
Klár í brauðristina!
6 PÍTUBRAUÐ 79 KR. 400g
HEILT KÍLÓ AF TÓMATSÓSU
BAKAÐAR BAUNIR 29 KR. 420g
BAKAÐAR BAUNIR 430g
TÓMATSÓSA 98 KR. KÍLÓ!
MIKIÐ ÚRVAL AF FROSNU GRÆNMETI Í KÍLÓPAKKNINGUM
SÆTSÚR SÓSA 98 KR. 500g
STEIKTUR LAUKUR 200g
STÖKKUR RISTAÐUR
MAÍSBAUNIR 39 KR. 340g
MAÍSBAUNIR 340g
LASANJA 98 KR. 500g
Crisp fried onion
STEIKTUR LAUKUR 59 KR. 200g
PASTAVÖRUR Í ÚRVALI - FYLGIST MEÐ OKKUR!
www.bonus.is
BÓNUS

**Fákar** *og fólk*

**?** **Vissir þú...**
*að gæðingurinn Orri frá Þúfu á 924 skráð afkvæmi í Worldfeng. Hæst dæmda afkvæmi hans er Bringa frá Feti með 8.66 í aðaleinkunn. Heimild: www.worldfengur.com*

**HESTAMAÐURINN:** HULDA GÚSTAFSDÓTTIR

# *Yfir sig hamingjusöm í sveitinni*

„Það er aldrei neitt gefið í þessum bransa en hryssan er í feiknaformi og það er ekkert launungarmál að maður stefnir á þetta sæti,“ segir Hulda Gústafsdóttir, sem sigraði á hryssunni List frá Vakurstöðum í töltkeppni VÍS-meistaradeildarinnar sem haldin var síðastliðið fimmtudagskvöld. Huldu líst mjög vel á deildina í ár. „Þetta er skemmtileg uppfylling á þeim tíma sem eingöngu eru töltmót,“ segir Hulda en í meistaradeildinni er keppt í mismundandi greinum annað hvert fimmtudagskvöld fram á vor. Þá safna knapar stigum á milli móta og keppt er í hefðbundnum greinum eins og tölti og fjórgangi en auk þess skemmtilegum nýjungum eins og smalareið.

Hulda er mjög hrifin af hryssunni List. „List er ofsalegur gæðingur. Hún er alger prímadonna og veit upp á hár að hún er rosalega flott og fín. Hennar helsti kostur er þessi gífurlega jákvæðni og vilji því hún er alltaf að vinna með manni,“ segir Hulda og finnst skemmtilegt að hryssan heilsi henni ávallt með kumri þegar hún kemur inn í hesthús.

Hulda og maður hennar Hinrik Bragason, sem einnig er landsþekktur hestamaður, festu kaup á bænum Árbakka í nágrenni Hellu fyrir hartnær ári síðan. Þangað fluttu þau síðan með börn og bú síðastliðið sumar. „Ég er yfir mig hamingjusöm í sveitinni,“ segir Hulda, sem finnst henni verða meira úr verki í sveitinni enda meiri friður og ró. „Þarna er minna áreiti en samt nægur félagsskapur. Það er ekki eins og maður sé að verða einhver einsetukerling. Allavega ekki strax,“ segir Hulda glettin en hún er stödd í bænum þegar náð er t
henni en þangað fer hún tvo til þrjá daga
til að kenna enda vinsæll reiðkennari.



Hún segist því ekki nýtast nema að li
leyti til útreiða á bænum en þau
hjónin eru með um fjöru
hesta á húsi. Hinrik er e
upptekinn maður enda
þau saman fyrirtækið He
utan um starfsemi sína,
þau kaupa og selja hesta
annast hestaútflutning s
kennslu og ráðgjöf inna
sem utan. Þau eru því e
margir aðrir hestamenn
hafa jafn mikið á sinni
með starfsmenn á sínu
snærum sem hjálpa þeim
þjálfun og tamningar.



**OG FAXIÐ FLAXAST TIL** Búlgarskur maður reynir að hemja hest sinn eftir kappreiðar sem haldnar voru í þorpinu Mogila, um 200 kílómetrum austur af höfuðborginni Sófíu. Kappreiðarnar eru hluti af hátíð sem kallast Hestapáskar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**VINSÆL KEPPNI** Ístöltið í Skautahöllinni hefur verið mjög vinsælt í gegnum tíðina og nú eru menn farnir að hita upp fyrir keppnina
etja tvær þekktar kempur, Sigurbjörn Bárðarson og Þorvaldur Árni Þorvaldsson, saman hestum sínum. FRÉTTABLAÐ


JAKKAR
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100

**Ekkert blað í morgun?**
**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn


# Hundrað um 18 sæt

**Ljóst er að miklu færri fá en vilja þegar niðurstöður forkeppni fyrir Ístölt 200
liggja fyrir um næstu helgi. Um hundrað knapar skrá sig með hesta sína til le
en einungis átján sæti eru laus í aðalkeppninni. Spennan verður því mikil.**

„Það stefnir í að skráningar í forkeppni Ístölts 2006 verði álíka margar og í fyrra, um hundrað talsins,“ sagði Birgir Skaptason hjá Ístölti, en í gær var síðasti skráningardagur og nöfn knapa og hesta streymdu inn. Knaparnir koma alls staðar að af landinu en flestir eru af Suðurlandi og Vesturlandi. Það á sér þá skýringu að þrír efstu knapar frá Stjörnutöltinu á Akureyri vinna sér sæti á Ístöltinu.

Alltaf ríkir viss stemning í kringum Ístöltið, enda aðstæður aðrar en á hefðbundnum mótum. Oft tefla knapar á tæpasta vað í hita leiksins og áhorfendur halda niðri í sér andanum af spenningi. Þetta eru mótin sem færri hafa komist á en viljað hafa.

„Við höfum lagt þær línur að taka einungis sigurvegara úr keppnum úti á landi þar sem keppt er við sambærilegar aðstæður, sem þýðir að skautahöll þarf að vera þar til staðar,“ sagði Birgir um undirbúning forkeppninnar. „Við leggjum mikla áherslu á forkeppnina þannig að hross og knapar komist inn eftir keppni. Einkunnir eftir hana verða ekki gefnar upp, því við viljum að menn mæti allir jafnir til leiks í aðalkeppnina. Hins vegar getur hver knapi fengið að vita sínar einkunnir vilji hann bæta einhver atriði milli forkeppni og aðalkeppni. En hann fær ekki að vita einkunnir annarra knapa. Síðan er dregið í riðla.“

Margir þekktir knapar höfðu skráð sig til leiks í gær. Ljúft er að geta þriggja nafntogaðra, sem hafa þó einkum haft annan starfa með höndum á Ístölti og öðrum vettvangi. Fyrsta skal telja Sigrúnu Sigurðardóttur reiðkenn-
ara, Erling Sigur
sem lengi vel bar h
þunga Ístöltsins, s
Trausta Þór Guðm
son, sem hingað til
staðið á bak við mik
inn í Skautahöllinni

Í stórum drættu
þannig valið í Ístölt 2006
forkeppni verður valið í átjá
af þrjátíu. Úr forkeppninni
sex riðlar. Í einum riðli kep
Ístöltsmeistarar síðustu þ
ára í Ístölti. Að þessu sin
það Þorvaldur Árni Þorval
Björn Jónsson á Vatnsley
Hans Kjerúlf. Þá koma inn
keppnina þrír efstu keppend
Stjörnutöltinu á Akureyri, e
áður sagði. Loks eru tveir
sem valið er í með öðrum ha

Forkeppnin fer fram á
ardagskvöld í Skautahöllin
hefst hún klukkan 18.30.

jss@fretta


**OKKUR ER HLÝTT TIL ÞÍN...**

...þess vegna bjóðum við þér **UNIVERN** Røros kuldagalla með **35%** afslætti í takmarkaðan tíma

Við sláum mikið af verðinu en ekkert af gæðakröfunum.

**VERÐ NÚ kr. 6.780,-**
VERÐ ÁÐUR kr. 10.431,-



**Vandaðir**, vindheldir, fóðraðir gallar sem henta einstaklega vel við íslenskar aðstæður.

concept

Skeifan 3
108 Reykjavík
Sími: 588 5080
www.dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið


**SÉRFRÆÐINGURINN** SVEINN RAGNARSSON FÓÐURFRÆÐINGUR:

## Lystugt, án ryks og myglu



Fyrsta boðorð hestamannsins er að það hey sem hann gefur hrossum sínum á að vera lystugt og laust við ryk og myglu,“ segir Sveinn Ragnarsson fóðurfræðingur.

Hann segir að menn þurfi að þekkja fóðurþarfir hestanna og fóðurgildi fóðursins og því sé æskilegt að láta efnagreina heyið.

„Nú er kominn til nýr þáttur, með tilkomu pakkaða heysins,“ bætir Sveinn við. „Það er breytileiki í þurrefni þess. Það getur munað tugum prósenta á þurrefni milli plastpakkaðs heys sem menn kaupa. Ef gefin eru sex kíló og það er tuttugu prósenta munur á þurrefni, þá munar rúmu kílói á hversu mikið þarf að gefa af heyinu. Hins vegar hefur þurrefnið ekki áhrif á orkustyrkleika (fóðureiningar) heys, heldur eru áburðargjöf, grastegund og sláttutíminn þar stærri áhrifavaldar.“

Sveinn segir að menn verði að miða gæði heys út frá efnagreiningu þess og þurrefnisinnihaldi og erfitt sé að gefa fóðurleiðbeiningar sé efnainnihald fóðursins ekki þekkt.

„Trúlega ættu hestamenn að óska eftir því við heysalann að greining á efnainnihaldi fylgi með í kaupunum. Það er mikilvægt að vita hvað maður er að kaupa mikið vatn og hvert er prótein- og orkuinnihald fóðursins. Æskilegt er fyrir hestamenn að kunna að holdstiga hesta, það er meðal annars gert með því að taka á síðu hestsins og finna fitumagnið auk þess að skoða hárafar og vöðvafyllingu. Reiðhestur í meðalbrúkun á að vera í holdstigi 3–3,5 , sem þýðir að með því að þreifa á síðu hestsins má finna öftustu rifbeinin, sem eiga þó alls ekki að sjást.“

30-50% afsláttur

# BAÐ
## INNRÉTTINGAR

MESTA ÚRVAL LANDSINS!
50 uppstilltar innréttingar




Hvítt háglans innrétting 140 x 48 sm



Carl 2 L 62 x D 53



LES 100x44 sm hnota



Hvít eik á MDF 120 sm nr 29



Eplaviður á MDF 165x48 sm nr 7



SX - 001 L 70 x D 45



NICO 83x50 sm




Hvítt háglans 120x48



Hlynur á MDF 102 sm



HVJ 233 L 42 x D 51



Hnota á MDF 120 sm nr 6



DORLI 120 x 45 sm




Hvítt háglans 90x48 sm

Allar innréttingar afgreiddar af lager

Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

# skoðun

SKOÐUN
ÞORSTEINN PÁLSSON

Vatnalög valda málþorsta:

## Á að sæta sálfræðilegu lagi?

Frumvarp iðnaðarráðherra til nýrra vatnalaga hefur verið til rökræðu á Alþingi. Umræður um frumvarpið hafa staðið lengur en gengur og gerist. Oftar hefur verið fleygt grundvallarhugtökum stjórnmálaumræðunnar en almennt tíðkast í sölum Alþingis. Fleiri stóryrði hafa fallið en menn eiga að venjast á löggjafarsamkomunni. Fregnir hafa verið sagðar af smávægilegum ryskingum í þinghúsinu af þessu tilefni, sem er dæmalaust.

Um hvað deila þingmenn í þessu máli? Það er meira og minna á huldu. Fjölmiðlar hafa gefið umræðunni góðan gaum. Samt sem áður er deiluefnið í meira lagi óskýrt. Hvers vegna dugar ekki allur sá tími sem þingmenn hafa notað og þeirra meitluðu og stóru orð, til þess að gera kjósendum ljósa grein fyrir mismuninum á stefnu stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna í málinu? Líklegasta skýringin er að sú djúpa gjá sem orðræðan hefur gefið til kynna að sé fyrir hendi sé í raun og veru ekki til staðar.

Vatnsréttindi hafa að mestu byggst á grunni einkaeignarréttar frá því landið var numið með þeim takmörkunum sem almannahagsmunir hafa krafist. Góð sátt hefur verið um þá löggjöf sem gilt hefur um þetta efni frá því snemma á þriðja áratug síðustu aldar. Nýja frumvarpið raskar engum meginreglum um nýtingu vatns. Engar tillögur liggja fyrir um að þjóðnýta réttindi sem fram til þessa hafa verið undirorpin einkaeignarrétti. Þegar horft er á málavexti í þessu ljósi er eðlilegt að spurt sé hvernig það megi vera að störf Alþingis séu í uppnámi af þessum sökum.

Deilurnar um veðlögin á sínum tíma voru af svipuðum toga. Þar var meðal annars verið að lögfesta í nýju formi heimildir til þess að veðsetja fiskveiðiréttindi, sem fylgdu skipum. Engir voru með tillögur um að kollvarpa því fyrirkomulagi um þessi efni sem var grundvöllur útgerðarrekstrar og bankastarfsemi í landinu. Margir þingmenn, bæði stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn, áttu þó erfitt með að horfast í augu við veruleikann þegar hann hafði verið settur á blað í frumvarpsbúningi; mest vegna þokukenndrar þjóðareignarumræðu.

Það tók fimm þing að afgreiða málið. Fiskveiðiréttindi voru veðsetjanleg áður en frumvarpið var flutt, öll árin sem meðferð þess tók á þingi og eins eftir að afgreiðslu málsins lauk og æ síðan. Núverandi forsætisráðherra var í stjórnarandstöðu þegar veðlagafrumvarpið var fyrst lagt fyrir Alþingi og hafði verið utanríkisráðherra í tvö ár þegar það var endanlega samþykkt sem lög. Hann átti þátt í að finna það orðalag sem á endanum leysti málið. Sú lausn var ekki pólitísk heldur sálfræðileg.

Þó að vatnalagafrumvarpið sé betrumbót er erfitt að halda því fram að allt standi og falli með tafarlausri afgreiðslu þess. Er ekki í því ljósi kostur, eins og að minnsta kosti einu sinni áður hefur verið gert, að sæta sálfræðilegu lagi til þess að sigla málinu inn fyrir skerjagarðinn?

Vera má að ríkisstjórnin spyrji sig hvort slík leið feli í sér viðurkenningu á því að stjórnarandstaðan ráði framgangi þingmála. Svarið í þessu tilviki er: Alltént ekki um mál sem öllu skiptir að afgreiða skjótt.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 12 hundruð milljarðar

Vert er að staldra ögn við útleggingar Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra um mikla eignamyndun heimilanna undanfarin misseri, sem hann bar á borð á fundi með blaða- og fréttamönnum í fyrradag. „Ég og ýmsir aðrir vildum gjarnan að skuldir heimilanna hefðu ekki vaxið jafn mikið og raun ber vitni. En þá verður jafnframt að hafa í huga að eignir heimilanna hafa vaxið gífurlega á undanförnum árum. Og ef við lítum til síðustu fimm ára hafa nettóeignir



heimilanna í landinu vaxið um 1.200 milljarða króna sem eru 12 milljónir króna á hvert einasta heimili. Ég hef alltaf varað við því að heimilin skuldsetji sig um of. Og mér finnst margir hafa gengið of langt í þeim efnum. En það verður hver að eiga við sjálfan sig og gera það upp við sig hvernig fjármálum sínum og fjölskyldunnar er best fyrir komið. Sem betur fer hafa íslensk heimili átt mikla möguleika í því sambandi. En á móti þessum skuldum eru miklar eignir þannig að nettóeignir hafa verið að stórvaxa á undanförnum árum en ekki minnka."

### Fyrirhyggjuleysið

Einhvern veginn rifjast hér upp orð Steingríms Hermannssonar, forvera Halldórs á formannsstóli Framsóknarflokksins. Í ráðherratíð sinni hafði hann eitt sinn þau orð um húsnæðismál landsmanna að þeir væru að reisa sér hurðarás um öxl. - En hugum að. Þekkt eru mýmörg dæmi um allt að 20 milljóna króna hækkun húseigna, einkum hjá fólki vel yfir miðjum aldri sem skuldar



lítið. Þar er eignaaukningin sannarl
hrein. En hvað um unga fólkið með
prósenta húsnæðislán? 70 fermetra
íbúð kostaði 13,5 milljónir króna í
höfuðborginni fyrir tveimur árum. H
kostar nú 17,5 milljónir. Afborganir,
vextir og verðbætur af 16 milljóna l
láni eru vart undir 80 þúsund krón
á mánuði. - Hver er eign unga fólks
ef hrikta fer í fasteignamarkaðnum
og íbúðaverð í þessu dæmi fer nið
fyrir 16 milljónir króna? Verður þá s
eins og einu sinni að fólk hafi reist
hurðarás um öxl? Verður sagt u
unga fólkið að það hafi gengið o
langt? - Svona til viðvörunar: Ári
1989 og 1990 tvöfölduðust va
húsnæðislána í Bretlandi o
síðara árið misstu um 30
þúsund fjölskyldur íbúðir
til lánadrottna vegna van

**johannh@frettabladid.is**

# Hve hratt eða hvert?

Í DAG
HAGVÖXTUR



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Hann segir að áður fyrr hafi menn horft vonaraugum til þess tíma þegar aukin velsæld gæti gert fólki kleift að vinna minna og njóta í staðinn lífsins, lista og mennta.*

Hagvöxtur hefur á síðustu árum orðið að nánast algildum mælikvarða sem menn nota til að meta árangur ríkisstjórna, hagkerfa og jafnvel þjóðfélaga. Ástæðurnar fyrir þessu virðast augljósar því að án hagvaxtar er ekki líklegt að tekjur manna hækki, atvinnuleysi sé haldið í skefjum eða að fé finnist til velferðarmála. Þess vegna vekur það athygli þegar spurt er í blaði sem kalla mætti daglega ritningu kapítalismans, Financial Times, hvort mikilvægi hagvaxtar sé ofmetið í ríkum löndum og hvort slíkt ofmat geti leitt til rangrar stjórnarstefnu. Maðurinn sem spurði þessarar spurningar nú fyrir skemmstu í uppáhaldsblaðinu mínu, Financial Times, Sir Samuel Brittan, er einn virtasti dálkahöfundur Bretlands og áhrifamaður á sviði hagfræði. Dálkar hans hafa verið skyldulesning fyrir áhugamenn um efnahagsmál og frjáls viðskipti í áratugi. Sir Samuel sem var sleginn til riddara fyrir framlag til hagfræðilegra málefna var um tíma einn af ritstjórum Financial Times. Dálæti mitt á honum á sér langa sögu.

Fyrir nærri þrjátíu árum stóð ég á brautarpalli og þáði ráð frá einum umdeildasta stjórnmálamanni Bretlands, Sir Keith Joseph. Tengsl mín við stjórnmálamanninn voru raunar dálítið í stíl við Forrest Gump, ég þekkti manninn nánast ekki neitt en rambaði inná myndir af honum sem birtust í sjónvarpi, blöðum og á kosningaplakati í Bretlandi. Ég sá þær síðast í fyrra í sjónvarpsþætti um upphaf Thatcherismans. Ég hafði verið valinn til að fylgja honum á fund þar sem ungir byltingarmenn létu rigna yfir hann tómötum, eggjum, hveiti og öðrum hráefnum til baksturs til að mótmæla því hvað hann hafði vondar skoðanir. Sir Keith var stundum kallaður faðir Thatcherismans og sagður hinn eiginlegi upphafsmaður þeirrar byltingar sem kennd var við Thatcher. Sir Keith hafði lengi verið ráðherra í stjórnum Macmillans og Heath áður en hann varð leiðtogi frjálshyggjumanna sem vildu breyta íhaldsflokknum og gerðu það. Hann átti það til að tala óvarlega og sumir segja að ein einasta ræða sem hann flutti í Edgebaston hafi kostað hann leiðtogaembættið. Þess í stað studdi hann unga konu, Margréti Thatcher, til valda. Þótt fáir teldu Thatcher heilalausa sögðu margir Sir Keith vera heilann á bak við Thatcherbyltinguna.

Ég var svo heppinn að lestinni seinkaði og Sir Keith fann ekki annað betra að gera í hálfa klukkustund eða svo en að fræða ríflega tvítugan strák um eðli og kosti frjálshyggju í efnahagsmálum. Síðasta ráðið sem hann gaf mér hafði mesta þýðingu. Það var einfaldlega að reyna að lesa allt sem Samuel Brittan skrifaði.

Það nægir, sagði Sir Keith
fylgjast með öllu því nýj
hugsun um efnahagsmál. H
eftir að endurmeta sumt
sem ég lærði á þessum há
sem varð mér þó verðmæt
flestir fyrirlestrar sem é
heyrt um ævina. Sir Keith
var vellauðugur barón, va
aðeins einstaklega ga
maður heldur líka heiðarle
vel meinandi maður sem
umhugað um kjör fá
manna. Ráði hans um að les
af greinar Brittans hef é
fylgt.

Í nýjustu grein sinni
Brittan að sú skoðun að ha
hrynji ef þau séu ekki í sífe
vexti sé röng og ekki ann
lumpeneconomics eins og
kallar það en langt mál og
legar tilvísanir þyrfti líkle
þýðingar á því hugtaki.
kvöðlastarf, segir Brittan,
allt eins snúast um að b
sama magn af vörum en á
tíma. Hann bendir á að töl
hagvöxt og þjóðarframl
séu takmarkaðir mælikvar
lífskjör og velferð og notar
þráhyggju um þá athygl
beinist að hagvexti í stönd
ríkjum. Hann segir að áðu
hafi menn horft vonaraug
þess tíma þegar aukin ve
gæti gert fólki kleift að
minna og njóta í staðinn l
lista og mennta. Brittan b
einnig á að þráhyggjan me
vöxt stafi að einhverju le
þeim sökum að miklu auðv
sé að bera saman vaxtarh
framleiðslu en að bera
lífskjör á grundvelli upply
um þjóðarframleiðslu ein
landa. Lokaorð Brittans eru
Við ættum stundum að ha
vagninum og spyrja frekar
við erum að fara en ur
hversu hratt við keyrum. ■

## EFST Í HUGA GUÐMUNDAR INGA ÞORVALDSSONAR LEIKARA

### Íslendingar

Hvern andskotannn erum við að fara? Við höfum aldrei drukkið meira, dópað meira, skuldað meira, verið feitari, étið jafn mikið af geðlyfjum og aldrei sagst vera hamingjusamari. Íslensk erfðagreining ætti að rannsaka hvort að fíknargenið sé innbyggt í þjóðina alla sem finnst bara (eins og alvöru fíklum) að lífið hafi bara aldrei verið betra en einmitt núna. Lífið er endlaus Þjóðhátíð í Eyjum og meðan maður er fullur er maður allavega ekki þunnur.

### Ísland

Verum betri við Ísland. Græðum landið. Hugsum ekki bara um hvernig má græða á landinu. Þá fáum við fallegar gjafir til baka.

Frelsisstjórn Davíðs Oddssonar hefur lengi unnið að því að selja eignir íslensku þjóðarinnar í hendur athafnamanna sem hafa betra vit á fjármálum en ríkisstjórnin (eflaust rétt) og síðan gefið þessum mönnum færi á að komast undan því að borga skatta og gjöld (sem átti að vera okkar tekjulind). Það er búið að selja Ísland og peningamennirnir segja bara „ef við fáum ekki að hafa þetta eins og við viljum förum við annað" Alcan sagði „annaðhvort fáum við að stækka Verið um helming eða förum". Hvað ætli ríkisstjórnin segi við því?

### Framtíðin

Ég ætla að flytja með unnustunni til Ástralíu, komast aðeins út úr þessari hringavitleysu og læra að meta þjóðina að nýju. Þar skal lært meira um leikhús.

### Hugðarefnin

Ég hugsa eðlilega mikið um mín daglegu hugðarefni. Hungur, sem ég frumsýndi 18. febrúar. Glæp gegn Diskóinu. Atómstöðin vinnur að plötu. Ég undirbý leikstjórn á ævintýri eftir Salman Rushdie, Harún og Sagnahafið, fyrir Útvarpsleikhúsið.



Sem barn í sveitinni fór é
mikið í leikhús en átti allar
týra- og barnaplötur. Ég
því mikið til að vinna í þeim
sem heillaði mig svo miki
barn.

### Þórdís

Mest hugsa ég samt um Þór
vona að við getum farið að
okkur sjálfum. Í vinnutö
undanfarið hefur annað g
fyrir. Lífið snýst um að finna
ingjuna, og fara vel með
þegar þú hefur fundið hana
partý.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓR
Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 5**
SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarpre
ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum ve
á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 16

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 15. mars 2006 – 10. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa


Glitnir

Á syllu sérþekkingar



10

Sparisjóðirnir

Skila methagnaði



12-13

Tölvulistinn

Horfir til útlanda



18




**FLUGFÉLAG ÍSLANDS** Flugfélagið ku vera til sölu. Eigendur Landsflugs neita því að þeir ætli að kaupa félagið.

## Flugfélagið til sölu?

Orðrómur er uppi um að Flugfélag Íslands sé til sölu eins og margt annað í eignasafni FL Group.

Beinast böndin að eigendum Landsflugs sem líklegum kaupendum, enda eru kannski ekki margir aðilar sem hafa þekkingu og reynslu til að reka innanlandsflugfélag. Samkvæmt upplýsingum frá Landsflugi stendur ekki til að kaupa flugfélagið þar sem verðmiðinn þykir hár.

FL Group hefur selt Bílaleigu Flugleiða og Ferðaskrifstofu Íslands auk þess sem vilji er fyrir að selja Kynnisferðir. Á vormánuðum verður Icelandair skráð á markað. **- eþa**

## Krónufjárfestar brenndir

Bæði innlendir og erlendir fjárfestar hafa tapað töluverðum fjárhæðum við veikingu krónunnar undanfarna daga.



Sérfræðingar á peningamarkaði segja að ekki séu til opinberar tölur um hversu margir hafi verið að tapa peningum eða hversu miklum, en það séu helst spákaupmenn. Síðustu mánuði hafa erlendir fjárfestar komið inn og fjárfest í svokölluðum krónubréfum og verða því undir þegar gengið snýr svo snögglega við. Á móti kemur svo mikill vaxtamunur sem ver þá að einhverju leyti gegn gengistapinu. Þá er vitað til þess að einhver hópur innlendra spákaupmanna hafi lent í „súrum stöðum“. **- óká**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Endurfjármagna** | KB banki fékk um fjórum sinnum hagstæðari kjör á 43 milljarða króna evrópsku sambankaláni heldur en með útgáfu skuldabréfa.

**Norðlenska semur** | Norðlenska á Akureyri hefur samið við Landsbankann um endurfjármögnun birgða- og rekstrarlána og um fjármögnun á nýbyggingu undir skrifstofur.

**Nýtt nafn** | Íslandsbanki hefur tekið upp nafnið Glitnir og fengið nýtt merki og útlit. Dótturfélög og skrifstofur í fimm löndum taka einnig upp nýja nafnið.

**Öðruvísi banki** | Í skýrslu Credit Sights er Glitnir talinn njóta sérstöðu meðal íslenskra banka, meðal annars sé meira samræmi og minni tækifærisbragur á útrás bankans.



**Methagnaður** | FL Group skilaði 17,2 milljarða króna hagnaði árið 2005 samanborið við 3,6 milljarða árið 2004. Afkoman var í takt við væntingar markaðarins.

**Meiri verðbólga** | Verðbólga milli febrúar og mars jókst meira en búist var við eða um 1,12 prósent. Verðbólga síðustu 12 mánuði nemur 4,5 prósentum.

**Pósturinn græðir** | Íslandspóstur hagnaðist um 237 milljónir króna á síðasta ári og var afkoman betri en stjórnendur félagsins reiknuðu með.

**Krefjast kaupa** | Atorka Group, næststærsti hluthafinn í Hampiðjunni, telur að stærsti hluthafinn, Vogun, hafi gerst yfirtökuskyldur í Hampiðjunni og hefur stefnt félaginu.

# Staða Seðlabankans erfið

## Horfur eru á að verðbólga verði nálægt sex prósentum í vor. Búist er við að veiking krónunnar gangi eilítið til baka.

Óli Kr. Ármannsson
skrifar

Sérfræðingar búast við aukinni verðbólgu þegar líður á vorið. Veiking krónunnar þrýstir á um verðhækkanir auk þess sem inn koma af fullum þunga áhrif verðhækkana á olíu sem hátt gengi krónunnar hefur dregið úr.

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur á greiningardeild Kaupþings banka, segir líklegt að veiking krónunnar gangi eitthvað til baka næstu daga, en býst við 25 punkta hækkun stýrivaxta Seðlabankans í lok mars. Slík hækkun væri í samræmi við stefnu bankans um smærri skref, auk þess sem nokkur hluti verðbólgunnar skýrist af þáttum sem bankinn sé ekki skyldugur að bregðast við svo sem hækkunum á heimsmarkaðsverði olíu. Ásgeir sér engu að síður fyrir sér að verðbólga aukist með vorinu, nálgist jafnvel sex prósent. Hann segir að á móti gengislækkuninni vegi að fasteignamarkaður sé tekinn að hægja á sér. „Þá hefur gengið áhrif á svo margt í svona litlu og opnu hagkerfi. Einkaneysla er til dæmis gríðarlega næm fyrir gengishreyfingum. Fólk eyðir miklu meira þegar gengið hækkar og dregur verulega úr neyslu þegar það lækkar. Árið 2000 var til dæmis 10 prósenta viðskiptahalli af því gengið var hátt, en svo lækkaði gengið og viðskiptahallinn hvarf á einu til tveimur árum.“

Ingólfur H. Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, segir ljóst að Seðlabankinn sé í erfiðri stöðu. Um leið segist hann telja að mikil lækkun krónunnar sé að einhverju leyti yfirskot sem ganga muni eitthvað til baka. „En þær væntingar grundvallast náttúrlega á þeim viðbrögðum sem maður sér hjá Seðlabankanum um að hann muni hækka stýrivexti sína um einhverja 50 punkta í lok þessa mánaðar samhliða útgáfu Peningamála og komi þá með nokkuð harða yfirlýsingu um að hann standi við verðbólgumarkmið sitt.“ Ingólfur segir um leið að þær aðgerðir muni tæpast nægja til að styrkja krónuna mjög og ljóst að verðbólguhorfur séu ekki góðar. „Hún mun fara vaxandi á næstunni og gæti orðið nálægt sex prósentum í vor.“ Hann segir lækkun gengisins koma nokkuð snemma á hagvaxtartímabilinu og of snemma fyrir Seðlabankann svo muni um það bil ári. „Bankinn hefði viljað sjá þetta á sama tíma og vinnumarkaðurinn og hagkerfið í heild væri farið að kólna talsvert. Þá vinna aðrir hlutir í vísitölunni á móti verðbólguáhrifum gengislækkunarinnar.“

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans segir ljóst að hröð lækkun á gengi krónunnar sé óheppileg út frá verðbólgumarkmiði bankans. Næsti vaxtaákvörðunardagur bankans er 30. mars og um leið útgáfudagur Peningamála, ársfjórðungsrits bankans. Uppi hafa verið vangaveltur um hvort bankinn muni hleypa í gegn verðbólgu en Arnór segir slíkt af og frá. „Það er stefna sem við höfum margvarað við í Peningamálum og ég reikna ekki með neinni breytingu í því. Að okkar mati er ekkert til sem heitir að hleypa verðbólgu í gegn. Þegar hún er komin inn í væntingar og launaþróun heldur hún áfram og fóðrar sig sjálf þar til gripið er í taumana. Það myndi ýta enn frekar undir gengislækkun ef einhver slík stefnubreyting yrði hjá Seðlabankanum.“

# Hagvöxtur 5,5% árið 2005

## Landsframleiðsla nálgast eitt þúsund milljarða en heldur dregur úr vexti hennar. Útlit fyrir að toppi hagsveiflunnar hafi verið náð árið 2004.

Landsframleiðslan nam 996 milljörðum króna á síðasta ári samkvæmt áætlunum frá Hagstofu Íslands og óx að raungildi um 5,5 prósent frá fyrra ári sem er í takt við spá fjármálaráðuneytisins.

Til samanburðar nam hagvöxtur 8,2 prósentum árið 2004 og 3,0 prósentum árið 2003.

Landsframleiðslan var því 2,7 prósentum yfir meðaltali OECD-ríkja á síðasta ári.

Þjóðartekjur árið 2005 hækkuðu nokkuð meira en landsframleiðslan eða um 6,7 prósent vegna batnandi viðskiptakjara á milli ára og minni nettó vaxta- og arðgreiðslna til útlanda.

„Vöxtur landsframleiðslunnar á liðnu ári einkenndist af mikilli fjárfestingu, sem óx um 34,5%, og einkaneyslu sem óx um 11,9%. Þjóðarútgjöldin uxu því langt umfram landsframleiðsluna eða um 14,9% og leiddi það til verulegs viðskiptahalla sem nam 162,3 milljörðum króna, 16,3% af landsframleiðslu,“ segir í Hagtíðindum, riti Hagstofunnar. Þar er bent á að þróun hagstærða á síðasta ári hafi verið á sömu nótum og árin þar á undan nema með meiri vexti.

Hagvöxtur ársins 2004 reyndist mun meiri en reiknað hafði verið með en bráðabirgðatölur í september sýndu 6,2 prósenta hagvöxt. Munurinn felst í meiri fjárfestingu atvinnuveganna en áður var talið.

Greining Glitnis telur að útlit sé fyrir að toppi hagsveiflunnar hafi verið náð árið 2004 og reiknar með að hagvöxtur verði 4,3 prósent á þessu ári en landsframleiðsla standi hins vegar í stað á hinu næsta. **- eþa**


GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. febrúar–28. febrúar 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 2% | 17% |
| Alfesca | -10% | -12% |
| Atorka Group | -3% | -9% |
| Bakkavör | -4% | -2% |
| Dagsbrún | -4% | 9% |
| FL Group | -11% | 25% |
| Flaga | -11% | -27% |
| Glitnir | -9% | 6% |
| KB banki | -10% | 12% |
| Kögun | -2% | 6% |
| Landsbankinn | -11% | 1% |
| Marel | 1% | 6% |
| Mosaic Fashions | -2% | -8% |
| Straumur | -12% | 8% |
| Össur | 2% | -1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Hagnaður minnkar



Osta- og smjörsalan hagnaðist um 6,4 milljónir króna á árinu 2005. Hagnaðurinn árið á undan var 94 milljónir en innifalinn í því var 49 milljóna króna hagnaður af sölu Íslensks markaðar. Sala á ostum og viðbiti jókst töluvert árið 2005.

Á aðalfundi félagsins var kosið í nýja stjórn Osta- og smjörsölunnar, sem er sameignarfélag MS, KS, Norðurmjólkur og Mjólkursamlagsins á Ísafirði. Í stjórninni eru Þórólfur Gíslason formaður, Birgir Guðmundsson varaformaður, Helgi Jóhannesson, Erlingur Teitsson og Guðbrandur Sigurðsson. **- hhs**

# Opera í þýskum farsímum Debite

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software gerði í gær tveggja ára samning við þýska fjarskiptafyrirtækið Debitel. Samningurinn kveður á um að Debitel býður viðskiptavinum sínum upp á stuðning við öll stýrikerfi Opera, Opera Mini, Opera Mobile og Opera Platform, í farsímum fyrirtækisins. Jón von Tetzchner, forstjóri Opera Software, segist ekki viss um hagna irtækisins. Hann fari eftir þeirra sem kjósi að nýta sér ustuna. Viðskiptavinir D eru tíu milljónir t Gengi hlutabréfa í Software hækkuð rúm sjö prósent í g er gengið nú 25,80 k á hlut.



**JÓN VON TETZCH** Stofnand Softwar

# TM íhugar að skrá sig úr Kauphöll

Í máli Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar, stjórnarformanns TM, á aðalfundi félagsins kom fram að taka þyrfti ákvarðanir um hvort það ætti að vera áfram skráð í Kauphöllina. Félagið uppfyllir ekki skilyrði um dreifða eignaraðild.

Óskar Magnússon, forstjóri TM, segir að hugur stjórnenda standi fremur til þess að það verði áfram á hlutabréfamarkaði þótt ekkert hafi verið ákveðið.



**ÍHUGA AFSKRÁNINGU** TM uppfyllir ekki skilyrði um dreifða eignaraðild. Félagið hefur fjárfest í tveimur norrænum tryggingafélögum.

TM hefur fjárfest í tveimur norrænum tryggingafélögum upp á síðkastið. Annars vegar á fyrirtækið 4,5 prósenta hlut í Invik í Svíþjóð og hins vegar tæplega tíu prósenta hlut í norska tryggingafélaginu NEMI sem sérhæfir sig í þjónustu við útvegginn, olíugeirann og vatnaflsvirkjanir. „Þetta er í samræmi við stefnu okkar að dreifa fjárfestingum okkar víðar og koma að rekstri sem við höfum þekkingu og reynslu á," segir Óskar. **- eþa**

# Búist við tilboði fasteignajöfurs í kráakeðju

Búist er við því að íranski fasteignaauðjöfurinn Robert Tchenguiz geri fjögurra milljarða punda tilboð í bresku bjór- og veitingahúsakeðjuna Mitchells & Butlers í næstu viku. Bankarnir Royal Bank of Scotland, HBOS og Kaupþing koma að fjármögnun Tchenguiz auk Goldman Sachs, sem einnig er ráðgefandi við tilboðið, að því er fram kom í vefútgáfu breska dagblaðsins Times í gær.

Í apríl í fyrra gerði Tchenguiz kauptilboð í verslanakeðjuna Somerfields ásamt Barclays Capital og verðbréfasjóðnum Apax Partners. Baugur kom til skamms tíma að kaupunum en dró sig út úr þeim.

Á meðal vörumerkja Mitchells & Butlers eru All Bar One, Harvester og Vintage Inns.

# Tryggir hluthafar

Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að meira en 85 prósent af þeim hlutum sem í boði voru fyrir hluthafa í Íslandsbanka hafi gengið út. Á aðalfundi Íslandsbanka þann 21. febrúar 2006 síðastliðinn var hluthöfum gefinn kostur á að fá allt að helming arðs síns greiddan með hlutum í Íslandsbanka á genginu 18,60 á hlut. Lokaniðurstöður liggja ekki fyrir fyrr en 13. mars en að því gefnu að bráðabirgðaniðurstöður segi rétta sögu fjölgar útistandandi hlutum bankans um um það bil 122 milljónir hluta sem jafngildir rúmlega 2,2 milljarða hækkun eiginfjár bankans.

Í lækkunum mánudagsins fór gengi bréfa í félaginu, sem nú heitir Glitnir, lítillega undir þetta gengi. **- hhs**

# Launaskrið á bankastjórun

## Forstjórar viðskiptabankanna fengu allir yfir áttatíu milljó króna í laun á síðasta ári. Mest hækkuðu laun Sigurjóns Árnasonar og Jóns Sigurðssonar á milli ára.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Launakjör allra bankastjóranna nema Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra KB banka, hækkuðu mikið á síðasta ári. Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, var launahæsti forstjórinn í Kauphöll Íslands með 149 milljónir króna á síðasta ári en hluti launa var uppgjör á kaupréttarsamningi sem skekkjir samanburð á milli ára.

Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri Atorku, fékk 200 milljónir króna í kaup á síðasta ári en þar af voru 160 milljónir króna vegna uppgjörs á kaupréttarsamningi við starfslok hans.



**LAUNAHÆSTIR Á SÍÐASTA ÁRI** Bankastjórar Landsbankans skipuðu tvö efstu lista yfir launahæstu forstjórana í Kauphöllinni. Hluti af launum Halldórs J. Kristjá var þó vegna uppgjörs á kaupréttarsamningi.

Sigurjón Þ. Árnason, Hreiðar Már Sigurðsson og Bjarni Ármannsson þáðu allir um og yfir áttatíu milljónir króna í laun, bónusa og hlunnindi fyrir árið 2005. Laun Sigurjóns hækkuðu um 144 prósent á milli ára og laun Bjarna um tæpan helming.

Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, fékk yfir 71 milljón króna og Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums - Burðaráss, 64 milljónir króna.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, fékk 53,8 milljónir króna í laun á síðasta ári en mestan hluta ársins var hann í starfi sem starfandi stjórnarfo ur samstæðunnar. Alls g þrír starfi forstjóra FL G fyrra; Ragnhildur Geirsdó Sigurður Helgason auk Han Námu launagreiðslur til for félagsins alls 113,5 mill króna en skuldbindingar starfsloka Ragnhildar og Sig nema um 238 milljónum kr

Forstjórar framle fyrirtækjanna Actavis, Kö Marels og Össurar eru með uð lægri laun en bankastj ir. Jón Sigurðsson, hjá Ö fékk 771 þúsund Bandarík sem samsvara um 48,7 mill króna, og hækkuðu laun ha 130 prósent á milli ára. R Wessman þáði 504 þúsund sem jafngiltu tæpum 38 m um króna.

Hörður Arnarson og G Smári Egilsson voru hvor u með yfir 31 milljón króna.

David Baker, forstjóri var með lægsta kaupið a stjórum félaga í Úrvalsvísit eða um 8,9 milljónir kró þess ber að geta að hann t stjórnarkeflinu í apríl í fyr

**LAUNAKJÖR FORSTJÓRA FÉLAGA Í ÚRVALSVÍSITÖLU KAUPHALLAR ÁRIÐ 2005 (ALLAR UPPHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| Forstjóri | Félag | Laun 2005 | Laun 2004 | Br. milli ára | |
|---|---|---|---|---|---|
| Halldór J. Kristjánsson | Landsbanki | 149 | 27 | 451% | * |
| Sigurjón Þ. Árnason | Landsbanki | 83 | 34 | 144% | |
| Hreiðar Már Sigurðsson | KB banki | 81,4 | 97,2 | -16% | |
| Bjarni Ármannsson | Glitnir | 80 | 53,4 | 50% | |
| Lýður Guðmundsson | Bakkavör Group | 71,6 | 62,6 | 14% | |
| Þórður Már Jóhannesson | Straumur-Burðarás | 64 | 44,8 | 43% | |
| Hannes Smárason | FL Group | 53,8 | 0 | Á ekki við | ** |
| Jón Sigurðsson | Össur | 48,7 | 21,1 | 131% | |
| Róbert Wessman | Actavis | 37,6 | 32 | 18% | |
| Hörður Arnarson | Marel | 31,8 | 22,2 | 43% | |
| Gunnar Smári Egilsson | Dagsbrún | 31,4 | 0 | Á ekki við | ** |
| Gunnlaugur M. Sigmundsson | Kögun | 22,8 | 13 | 76% | |
| Jakob Sigurðsson | Alfesca | 15,1 | 16,6 | Á ekki við | *** |
| Magnús Jónsson | Atorka Group | 14,1 | 0 | Á ekki við | ** |
| David Baker | Flaga | 8,9 | 0 | Á ekki við | ** |
| Derek Lovelock | Mosaic Fashions | Upplýsingar liggja ekki fyrir | 0 | Á ekki við | |

** Hluti launa uppgjör á kaupréttarsamningi*
*** Tóku við forstjórastarfi árið 2005*
**** Launakjör árið 2005 miðast við sex mánuði*

9,0%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*12 mánaða nafnávöxtun m.v.
tímabilið 28. feb. 2005 til 28. feb. 2006
GEIMSTOFAN
ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is
Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.




IP net Símans

Hvað er í boði á IP neti Símans:

- **Viðskiptamiðja**
  Gerir fyrirtækjum kleift að senda gögn rafrænt á milli ólíkra bókhaldskerfa.
- **Tal yfir IP**
  Hjálpar þér að lækka símakostnað.
- **Forgangsröðun gagna**
  Skapar betri nýtingu á bandbreidd.
- **Rekstur á víðneti**
  Við sjáum um að netkerfi þitt sé í lagi.
- **Tengir saman dreifðar starfsstöðvar**
  Örugg samskipti milli allra starfsstöðva á einkaneti fyrirtækisins.
- **Hámarks gagnaöryggi**
  Lokað og öruggt einkanet, einungis aðgengilegt þeim sem þú tilgreinir.
- **Einfalt og sveigjanlegt**
  IP netið er fyrir allar stærðir fyrirtækja.
- **Heimsgátt - IP netið um allan heim**
  Þú getur tengst IP netinu nánast hvar sem er í heiminum.
- **Kynntu þér fleiri kosti IP nets Símans á siminn.is**

# Hugaðu að heilsu fyrirtækisins!

**IP net Símans** hjálpar fyrirtæki þínu í kapphlaupinu um að ná forystu á sínu sviði. Á IP netinu geta fyrirtæki tengt saman starfsstöðvar sínar á lokuðu og öruggu einkaneti fyrirtækisins. Þegar fyrirtæki stækka er einfalt að bæta við nýjum starfsstöðvum og stækka þannig einkanetið.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í síma **800 4000** eða með tölvupósti á netfangið **8004000@siminn.is** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

800 4000 - **siminn.is**

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM20103

# Ekki bara spari að spara!

**Verðbréfasjóðir eru alltaf að verða stærri partur af sparnaði okkar Íslendinga. Með því að fjárfesta í verðbréfasjóðum er dregið úr áhættunni sem fylgir kaupum á einstökum bréfum.**

**Sérfræðingar í Eignastýringu SPRON Verðbréfa hafa sett saman þrjú fjárfestingarsöfn með mismunandi markmið um ávöxtun og áhættu. Leiðirnar endurspegla verðbréfasjóði SPRON Verðbréfa. Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift. Í boði eru þrjú sparisöfn:**

## Örugga safnið

Áherslan er á stöðuga ávöxtun og lágmarkssveiflur. Hentar vel fyrir þá sem vilja taka litla áhættu. Áherslan er á innlenda og erlenda skuldabréfasjóði eða 75% á móti 25% fjárfestingu í hlutabréfasjóðum.

24,18% ávöxtun.






## Hefðbundna safnið

Áherslan í Hefðbundna safninu er að ná góðri ávöxtun og áhersla lögð á áhættudreifingu. Fjárfest er 50% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum ásamt 50% í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum. Áhættan í þessari leið er í meðallagi. Ákjósanleg leið fyrir þá sem vilja vera varkárir en vænta jafnframt góðrar ávöxtunar.

39,3% ávöxtun.






## Ávöxtunarsafnið

Áherslan í Ávöxtunarsafninu er að fjárfesta að miklum meirihluta í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum eða 75% á móti 25% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum. Markmiðið er að ná góðri áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum. Í þessu safni eru meiri sveiflur og áhætta og hærri væntingar um ávöxtun til lengri tíma.

54,42% ávöxtun.






Sjóðastýring: Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í sjóðastýringu SPRON Verðbréfa. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni. Kaup í ofangreindum söfnum sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við 01.08.2005–01.02.2006 á ársgrundvelli. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

Netbankinn

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

spron VERÐBRÉF

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

# Meiri sala hjá McDonald's




**Sala jókst hjá McDonald´s-skyndibitakeðjunni um 4,7 prósent á heimsvísu í síðasta mánuði en um 3,6 prósent á innanlandsmarkaði í Bandaríkjunum. Að sögn forsvarsmanna McDonald´s í Bandaríkjunum er ástæða söluaukningarinnar meðal annars ný og sérstaklega sterkkrydduð kjúklingasamloka sem notið hefur nokkurra vinsælda, fleiri réttir á morgunverðarmatseðli og lengri afgreiðslutími hjá útibúum skyndibitakeðjunnar í Bandaríkjunum.** - jab

# Egyptar gera samning við Dan

Egypska fyrirtækið Arabian Cement Company, sem að hluta er í eigu Spánverja, gerði á föstudag í síðustu viku samning við danska verkfræðifyrirtækið FLSmidth um sérfræðiráðgjöf og byggingu stórrar steypustöðvar í nágrenni Súezborgar. Samningurinn nemur jafnvirði fimm milljarða íslenskra króna.

Þetta þykir umtalsverður umsnúningur fyrir gengi danskra fyrirtækja í Mið-Austurlöndum en í kjölfar þess að skopteikningar af Múhameð spámanni birtust í danska Jótlandspóstinum í september á síðasta ári hafa múslímar víða um heim hvatt til þess að danskar vörur verði sniðgengnar.

Danski mjólkurframleiðandinn Arla Food þykir hafa komið verst út úr þessu en fyrirtækið tapar jafnvirði um 112 milljóna íslenskra króna í Mið-Austurlöndum á degi hverjum. - jab



**RIYADH Í SÁDI-ARABÍU** Maður horfir á tómar hillur [...] vörur frá Arla food voru áður.

# Japanar herja á Bandaríkin

Japönsku bílaframleiðendurnir Toyota og Fuji Heavy, sem framleiðir meðal annars Subarubifreiðar, ætla að taka höndum saman og auka framleiðslu á bílum af gerðinni Toyta Camry í verksmiðju fyrirtækjanna í Lafayette í Indiana-ríki í Bandaríkjunum. Camry er mest seldi japanski bíllinn í Bandaríkjunum og hyggjast fyrirtækin auka hlutdeild sína enn frekar í landinu og verða leiðandi í bílaframleiðslu í Bandaríkjunum eftir tvö ár.

Þessar áætlanir boða ekki gott fyrir bandaríska bílaframleiðendur en General Motors Corp., einn stærsti bílaframleiðandinn þar í landi, sem sleit samstarfi við Fuji Heavy seint á síðasta ári, hefur átt við mikla rekstrarerfiðleika að etja og tapaði 8,6 milljörðum Bandaríkjadala á síðasta ári. Tekjur Toyota jukust hins vegar um 34 prósent á síðasta ársfjórðungi og nam hagnaður fyrirtækisins þremur milljörðum Bandaríkjadala. - jab



# Margir Bretar drepa í

Niðurstöður nýlegrar breskrar könnunar benda til að margir Bretar vilji hætta að reykja áður en lög sem banna reykingar á krám og pöbbum í Bretlandi taka gildi um mitt næsta ár. Breskir læknar sem voru þátttakendur í könnuninni segja að æ fleiri reykingamenn hafi komið til þeirra og leitað upplýsinga um það hvernig þeir geti hætt ósómanum.

Robert West, hjá breskri rannsóknarstöð í krabbameinsfræðum, segir að fyrir hvern reykingamann sem drepi í rettu sé komið í veg fyrir ótímabært andlát. Talið er að tólf milljónir Breta reyki á degi hverjum.

Bretar eru frekar seinir til að banna reykingar á almenningsstöðum samanborið við Íra, sem bönnuðu notkun tóbaks á almenningsstöðum fyrir tveimur árum, auk þess sem búið er að samþykkja reykingabann í Wales sem tekur gildi á næsta ári. Þá hafa ýmsar hömlur verið samþykktar gegn tóbaksreykingum í sex öðrum löndum. - jab



**DREPIÐ Í RETTUNNI**



**WARREN BUFFETT** Hér situr hann ásamt vöðvatröllinu og Hollywoodstjörnunni Arnold Schwarzenegger. Buffett hefur oft len[...] fjármálatímaritsins Forbes yfir ríkustu menn í heimi.

# Arftaki Buffetts fundinn

## Warren Buffett segir fjárfestingarfyrirtæki sitt í öruggum höndum og hann geti dáið sáttur á morgun.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Forsvarsmenn fjárfestingarfyrirtækisins Berkshire Hathaway, sem bandaríski milljarðamæringurinn Warren Buffett stofnaði árið 1965, greindu frá því fyrir skömmu að búið væri að finna arftaka að veldi Buffetts. Þrátt fyrir þetta hefur arftakinn hvorki verið nafngreindur né hvenær Buffett, sem er 75 ára, hyggst setja fjármálaskóna á hilluna fyrir aldurs sakir.

Buffett, sem oft hefur lent á lista fjármálatímarita yfir ríkustu menn í heimi, skrifaði í árlegu bréfi sínu til hluthafa Berkshire Hathaway á dögunum að hann væri svo ánægður með val á eftirmanni sínum að hann gæti dáið sáttur.

Hagnaður fjárfestingarfyrirtækis Bu[...] jókst um 54 prósent á síðasta ársfjórðun[...] nam 5,13 milljörðum dollara. Fyrirtækið [...] unnið að því að verja sig fyrir yfirvofandi la[...] erlendra gjaldmiðla gagnvart dollaranum[...] sem með kaupum á hlutabréfum í fyrirta[...] sem fá stærstan hluta af tekjum sínum[...] Bandaríkjanna.

Steven Check, forstjóri bandaríska fjá[...]ingarfyrirtækisins Check Capital Manage[...] sem sérhæfir sig í fjárfestingum í fyrirta[...] í tæknigeiranum, segir að Buffett muni ka[...] fyrirtækjum sem honum hafi fram til þessa[...] best við. "Það eru fyrirtæki sem hafa verið[...] starfandi með stöðugan vöxt, mikið af laus[...] góða yfirstjórn," sagði hann.



# HVERJAR ERU BESTU AÐFERÐIRNAR VIÐ MARKAÐSSAMSKIPTI?

## NÁMSTEFNA SAU OG BIRTINGAHÚSSINS 16. MARS

**Roderick White, ritstjóri Admap, mun halda fyrirlestur á Íslandi 16. mars n.k. á námstefnu SAU og Birtingahússins.**



Roderick White hefur verið ritstjóri Admap síðan 1996 og hefur skrifað fjölda greina fyrir það tímarit og önnur, auk þess að að vera höfundur bókarinnar Advertising. Hann er jafnframt höfundur flestra "Best Practice" greinanna í Admap og hefur kennt auglýsingafræði við ýmsa breska viðskiptaháskóla.

Roderick hefur 40 ára reynslu úr auglýsingageiranum, fyrst sem starfsmaður auglýsingastofanna JWT og Landsdown Marketing (nú HHCL red cell) og síðar sem sjálfstæður ráðgjafi. Hann hefur tekið þátt í gerð herferða fyrir vörumerki á borð við Kodak, Kelloggs, Kraft, Ford, Gillette, NatWest, Bank of Scotland, De Beers, Nestle Rowntree, Asda, Allied Carpets, Lever Faberge, Ferrero og Alfa Romeo.

**Umfjöllunarefni námstefnunnar**

- Hverjar eru bestu aðferðirnar (e. best practice)?
  Hvar finn ég upplýsingar um hverjar þær eru?
  Hvernig get ég bætt mína aðferðafræði?
  Hvernig get ég tryggt að bestu aðferðirnar séu notaðar?
- Bestu aðferðirnar við birtingaáætlanagerð á 21 öldinni.
  Markaðshlutun og skilgreining boðmiðlunarhóps
  Samanburður miðlategunda
  Birtingar í dagblöðum, sjónvarpi og útvarpi
  Ein miðlategund eða fleiri?
  Samlegðaráhrif – getum við mælt þau?
- Bestu aðferðirnar við mat á árangri markaðssamskipta
  Forprófun herferða – er hún fyrirhafnarinnar virði?
  Hvað eigum við að mæla? Stöðluð aðferðafræði
  eða sniðin að hverri herferð fyrir sig?
  Eftir-á-prófanir herferða
  Þarf að endurmennta fjármálastjóra?

**Fyrir hverja?**
Forstjóra/framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og yfirmenn markaðsmála, starfsfólk auglýsingastofa, birtingahúsa, markaðsrannsóknafyrirtækja og fjölmiðla.

**Staður og stund**
Smárabíói (Sal 5) þann 16. mars n.k. milli kl. 9 og 12.

**Verð, skráning og fjöldi þátttakenda**
Skráning þátttakenda fer fram á sau.is en fjöldi þeirra er takmarkaður við 100 vegna forms námstefnunnar. Verð kr. 19.900. Ráðstefnugögn og léttar veitingar innifalið í verði.

**Um Birtingahúsið**
Birtingahúsið sérhæfir sig í gerð birtingaáætlana og miðlun þekkingar til auglýsenda í þeim tilgangi að auðvelda faglega ákvarðanatöku við fjárfestingar í auglýsingabirtingum. Birtingahúsið er eina birtingafyrirtækið á Íslandi sem er óháð framleiðendum auglýsinga.

**Um Samtök auglýsenda**
Samtök auglýsenda eru hagsmuna- og fræðslusamtök fyrir alla auglýsendur. Aðilar að samtökunum eru fyrirtæki og stofnanir sem eiga það sameiginlegt að nota auglýsingar til að koma á framfæri upplýsingum um starfsemi, vörur eða þjónustu viðkomandi.

SAU
Rödd íslenskra auglýsenda

BIRTINGAHÚSIÐ

# Lygamælir á flugvöllum

Ísraelska tæknifyrirtækið Nemesysco hefur búið til lygamæli sem farþegar á flugvöllum þurfa að nota áður en þeir halda út í vél. Með lygamælinum er hægt að bera kennsl á þá sem hyggjast smygla fíkniefnum á milli landa eða ræna flugvél.

Prófanir standa yfir um þessar mundir á lygamælinum á Domodyedevo-flugvellinum í Moskvu.

Lygamælirinn, sem heitir GK-1, er þannig gerður að áður en farþegar halda út í vél þurfa þeir að setja á sig heyrnartól og svara nokkrum spurningum um tilgang ferðalagsins ýmist játandi eða neitandi. Hugbúnaður lygamælisins nemur óeðlilegan titring í



ÚR FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

röddinni og getur komið upp um þá sem hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

Forsvarsmenn Nemesysco segja að eftir hryðjuverkaárásina í Bandaríkjunum 11. september árið 2001 hafi mörg flugfélög lýst yfir áhuga á tækjum á borð við lygamælinn til að auka öryggi flugfarþega. - jab

# Markaðssetning Windows Vista hafin

Hugbúnaðarrisinn Microsoft er byrjaður að undirbúa jarðveginn fyrir útgáfu nýja stýrikerfisins Windows Vista og mun Bill Gates, stofnandi fyrirtækisins, hafa hvatt markaðsdeild Microsoft til að endurskapa spennuna sem skapaðist þegar Windows 95 fór á markað. Fimm ár eru síðan síðasta stýrikerfið, Windows XP, kom á markað.

Markaðsstjórar fyrirtækisins hafa látið sér detta í hug ýmsar auglýsingabrellur, svo sem að koma tölvu með Windows Vista stýrikerfinu inn í sjónvarpsþátt Opruh Winfrey, en flestar vörur sem Oprah mælir með rokseljast í kjölfar þáttarins.



Microsoft býst við að selja 400 milljón eintök af stýrikerfinu á fyrstu tólf mánuðunum en það nemur fimmtíu prósenta hlutdeild á stýrikerfamarkaðnum.

Auk nýja stýrikerfisins lítur nýr hugbúnaðarvöndull Microsoft, Office 2007, dagsins ljós síðar á þessu ári. - jab

# Ráðamenn hræðast Google Eart

## Stjórnvöld óttast að hryðjuverkamenn fari á netið og sko hugsanleg skotmörk.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Á tíunda áratug síðustu aldar gaf ríkisstjórn Bandaríkjanna einkafyrirtækjum leyfi til að nýta gervitungl til að taka ljósmyndir í hárri upplausn af mörgum stöðum á Jörðinni og selja til einstaklinga og fyrirtækja. Miklar kvaðir tengjast dreifingu ljósmynda af þessum toga. Til dæmis er bannað að selja ljósmyndir í hárri upplausn sem teknar eru af Ísrael. Það er einmitt ástæðan fyrir því að einungis er hægt að skoða myndir í tiltölulega lágri upplausn af nokkrum löndum á veftólunum Google Earth og DigitalGlobe. Fleiri lönd hafa bæst í hópinn sem hafa ímugust á tólunum.

Þeir sem áhuga hafa á ferðalögum en geta af einhverjum sökum ekki hugsað sér að ferðast frá einu landi til annars ættu að kynna sér þessa kosti. Á vefsvæði Google er hægt að nálgast ókeypis tól sem gerir lötustu ferðalöngum kleift að virða fyrir sér merkar borgir víða um heim í fínni upplausn. Hins vegar þarf að greiða fyrir notkun DigitalGlobe. Möguleikar beggja tóla eru þeir sömu.

Þeir sem kjósa að skoða heiminn með þessum hætti geta jafnframt skoðað götur, einstaka hús og opinberar byggingar. Það fer skiljanlega illa í stjórnvöld sem hafa eitthvað að fela. Að sögn bandaríska dagblaðsins New York Times hafa ráðamenn í nokkrum löndum látið í ljós áhyggjur sínar vegna þess, að m.a. virðist sem hægt sé að sjá hvar herstöðvar og önnur mikilvæg hernaðarmannvirki eru staðsett. „Þetta getur ógnað öryggi landsins," sagði V. S. Ramamurthy, embættismaður í ráðuneyti sem fer með tækni og vísindamálefni á Indlandi, í samtali við dagblaðið, en indversk lög banna allar myndatökur af landinu hvort sem er úr flugvél eða gervitungli. Ráðamenn í Suður-Kóreu, Taílandi, Rússlandi og í Bandaríkjunum taka í sama streng. Þá hafði dagblaðið eftir starfs-



**VEFSVÆÐI GOOGLE** Einfalt er að nota Google Earth og um heiminn án þess að yfirgefa skrifborðið.

manni rússnesku leyniþjónustunnar að nú þ hryðjuverkamenn ekki að senda lið á vettva að grandskoða aðstæður fyrir hryðjuverkaára þeir gætu einfaldlega skoðað staðina á netinu

Af þessum sökum hafa nokkur ríki sett G þau skilyrði að ljósmyndir af opinberum ingum eða hernaðarlega mikilvægum stöðum einungis í lágri upplausn.

Þegar New York Times leitaði svara hj svarsmönnum Google Earth og DigitalGlobe aðist enginn við að ráðamenn hefðu haft sam og óskað eftir því að mikilvægir staðir yrðu g ógreinilegir á vefsvæðunum. Ótti þeirra ástæðulaus því tiltölulega gamlar myndir va finna á vefsvæðunum. Myndir á Google Earth færast á 18 mánaða fresti en eitthvað nýrri m er að finna á vefsvæði DigitalGlobe.



# Nýr farsími ber kennsl á notandann

Farsímafyrirtækið Vodafone ætlar að setja á markað í Japan í næsta mánuði farsíma sem getur borið kennsl á andlit eiganda símans. Öryggishugbúnaður í símanum kemur þannig í veg fyrir að óviðkomandi noti símann, sem japanska hátæknifyrirtækið Sharp framleiðir. Síminn nefnist 904SH og er með VGA-skjá, sem hefur fjórfalt meiri upplausn en farsímar eru með í dag. Frumgerð símans var kynnt á 3GSM-kaupstefnunni í Barcelona á Spáni um miðjan síðasta mánuð.

Tæknin sem notuð er til að bera kennsl á andlit eiganda farsímans er fremur einföld en agnarsmá myndavél er undir skjánum. Kemur hún í stað sérstaks kóða og fingrafaraskynjara, sem fram til þessa hafa verið notuð í öryggisskyni í öðrum farsímum. Ef farsímanotandinn ætlar hins vegar að nota símann í myrkri með þeim afleiðingum að myndavél símans getur ekki skynjað þann sem heldur á honum fer öryggishugbúnaður í gang sem spyr ákveðinna spurninga, sem eigandi símans veit manna einn svör við.

Fleiri tækninýjungar verða í farsímanum frá Vodafone og Sharp, til dæmis verður hægt að uppfæra hugbúnað símans og spjallbúnað í Java-skrá. Allt að átta manns sem eru í námunda við Sharp-símann geta tekið þátt í spjallinu og er óþarfi að hringja eitt eða neitt því hægt er að tengjast spjallinu með blátannartækni (e. Bluetooth). Segir Hiroshi Ohta, yfirmaður þróunar- og framleiðsludeildar Vodafone í Japan, að spjalltæknin komi sér vel fyrir starfsfólk fyrirtækja sem sitji löngum stundum á fundum en langi til að spjalla við kollega sína án þess að valda hávaða.

Auk þessa nauðsynjabúnaðar er meðal annars að finna skynjara í farsímanum sem getur borið kennsl á stjörnumerkin á heiðskírum kvöldum og myndavél með 3,2 megadíla upplausn. - jab



**NÝR FARSÍMI TIL SÝNIS** Sýningarstúlka Vodafone í Japan kynnir nýjan síma sem Sharp framleiðir og á að geta komið í veg fyrir að óviðkomandi stelist í hann.

# Meðalvegur í staðlastríðinu

Suður-kóreski raftækjaframleiðandinn LG Electronics greindi frá því í síðustu viku að fyrirtækið ætli að hætta við að setja Blue-ray diskaspilara á markað í vor eins og áætlað var. Fyrirtækið ætlar ekki að blanda sér í staðlastríðið á milli Sony, sem styður Blue-ray staðalinn, og Toshiba, sem ætlar að setja HD DVD spilara á markað á næstunni. LG Electronics ætlar þvert á móti að fara millivegin og setja á markað samhæfðan spilara sem getur spilað bæði HD DVD diska og Blu-ray diska. Spilarinn kemur á markað seint í sumar eða snemma í haust.

Búist er við harðri samkeppni í staðlastríðinu og hafa margir líkt því við stríðið sem stóð á milli raftækjaframleiðenda um VHS- og Beta-staðla í myndbandatækni á níunda áratug síðustu aldar.

HD DVD diskur getur rúmað á bilinu fimmtán til þrjátíu gígabæti af gögnum en Blu-ray getur rúmað allt frá 27 gígabætum til 50 gígabæta. - jab



**SONY OG TOSHIBA SÝNA DISKA OG SPILARA** Blue-ray diskar rúma meira af gögnum en HD DVD diskar.

SÖGUHORNIÐ

# Selfridges 97 ára

Á þessum degi árið 1909 stofnaði Bandaríkjamaðurinn Harry Gordon Selfridge fyrstu Selfridges stórverslunina á Oxford Street í Lundúnum. Selfridge hafði rekið stórverslun í Chicago í Bandaríkjunum en átti sér þann draum að setja á laggirnar álíka verslun í Bretlandi. Þegar hann lagði hornstein að fyrstu verslun Selfridges 1908 mun hann hafa sagt það vera sína stærstu stund.

Nokkrar nýjungar voru á boðstólum í verslun Selfridge. Á þessum árum tíðkaðist m.a. að hafa vörur í hillum verslana aftan við afgreiðsluborðið og þurftu viðskiptavinir að segja afgreiðslufólki hvað þeir ætluðu að kaupa. Harry Selfridge setti vörurnar hins vegar í hillur sem viðskiptavinir gátu gengið að og sett í körfur. Samfara þessari byltingu í verslunargeiranum seldi Selfridge jafnframt ilmvötn, en það var nýlunda í verslun á þessum tíma.

H. Gordon Selfridge, eins og hann var gjarnan nefndur, hafði mikinn áhuga á vísindum og taldi víst að hægt væri að laða fólk í verslunina með sýningu á nýjasta tæknibúnaði. Með þetta fyrir augum kom Selfridge höndum yfir flugvél Louis Blériots, sem fyrstu manna flaug yfir Ermarsund árið 1909. Vélin var til sýnis í versluninni og komu 12.000 manns til að bera hana augum.




**VERSLUN SELFRIDGES Í LUNDÚNUM** Baugur er með umboð fyrir verslunarkeðjuna á Norðurlöndum.

Verslun Selfridges í Oxford Street var sú eina í Bretlandi í 89 ár en það var ekki fyrr en árið 1998 sem fyrsta útibú verslunarinnar opnaði í Trafford Centre í útjaðri Manchester. Fram til þessa hafa fimm verslanir Selfridges verið opnaðar í Bretlandi, tvær í Lundúnum, tvær í Manchester og ein í Birmingham. Áætlanir eru uppi um að opna sjöttu verslunina í Glasgow í Skotlandi á næsta ári.

Verslunarkeðjan er ekki lengur í eigu fjölskyldu Selfridge því fyrir þremur árum keypti fjárfestingafyrirtæki Galen Westons verslanirnar fyrir rúma 7,6 milljarða íslenskra króna. Hefur fjárfestingafyrirtækið eytt umtalsverðu fjármagni í endurbætur á flaggskipi fyrirtækisins, fyrstu verslun Selfridges í Oxford Street.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




Áhættustýring

Það er alltaf gaman að semja við nýjan viðskiptavin en þó má ekki gleyma að huga að greiðslusögu hans. Með Midt Factoring getur þú haft stjórn á óvissunni sem oft fylgir viðskiptum.

Midt Factoring hefur yfir að ráða miklum og nákvæmum fjárhagsupplýsingum um skuldara hér heima og erlendis í gegnum alþjóðlegan viðskiptagagnagrunn. Þú getur því nálgast skuldasögu og greiðslugetu viðskiptavina þinna strax í gegnum okkur áður en stórir samningar eru gerðir. Þess vegna verður fyrirtækið þitt ávallt skrefi á undan. Ef svo fer að krafa tapast þá bætir greiðslutryggingin 90% af andvirði kröfunnar.

Kynntu þér forvarnir í lánsviðskiptum á **www.mfi.is**

MidtFactoring
á Íslandi hf.

*Sími 553 - 6300 · www.mfi.is · Suðurlandsbraut 20 · 108 Reykjavík*

# Tylla sér á syllu sérþekkingarinnar

**Glitnir hefur markað sér þá stefnu í útrás að fjárfesta í sérhæfðri fjármálaþekkingu og byggja alþjóðleg viðskipti á grunni þekkingar á afmörkuðum atvinnugreinum. Þessari stefnu hefur verið fylgt af staðfestu undanfarin ár. Jón Diðrik Jónsson s sókninni á alþjóðamarkaði og réð til sín ráðherra til að sækja fram í þjónustu við uppbyggingu endurnýjanlegra orkugjafa. *Hafliði Helgason* ræddi við Jón Diðrik um sérhæfingu í sókn á erlenda markaði.**

Jón Diðrik Jónsson stýrir Fjárfestinga- og alþjóðasviði Glitnis sem hét áður Íslandsbanki. Hvorki Jón Diðrik né sviðið sem hann stýrir hafa skipt um nafn, en athyglin beindist að þessari starfsemi þegar nýr liðsmaður bættist í teymi Jóns Diðriks, þegar Árni Magnússon fyrrverandi félagsmálaráðherra gekk til liðs við bankann.

Fyrirtækjaráðgjöf Viðskiptahússins aðstoðar við kaup, sölu og sameiningu fyrirtækja. Einnig aðstoðum við fyrirtæki við sölu á rekstrareiningum og fjármögnun á keyptum rekstrareiningum og fyrirtækjum. Viðskiptahúsið leggur áherslu á fagleg vinnubrögð.

Upplýsingar aðeins veittar á skrifstofu:
* Innflutnings- og þjónustufyrirtæki velta 700 m.
* Framleiðslu- og þjónustufyrirtæki velta 300 m.
* Framleiðslufyrirtæki í sjávarútvegi velta 250 m.
* Innflutnings- og dreifingarfyritæki í efnageiranum velta 150 m.
* Fiskeldisstöð tilbún til rekstar.

Erum með kaupendur af:
* Félagi með veltu uppá 200-400 m.




**TÆPLEGA ÁTTA MILLJARÐA HAGNAÐUR VARÐ Á REKSTRI STÆRSTU SPARISJÓÐANNA** Hreinar vaxtatekjur sparisjóðanna aukast hóflega milli ára vegna minni vaxtamunar. Útlán sparisjóðann mögnunar. Aðrar tekjur aukast stórlega vegna gengishagnaðar og tekjuaukningar af eignarhlutum í öðrum félögum. MARKAÐURINN/VILHELM

# Sparisjóðir *spenna*

## Stóru sparisjóðirnir skiluðu nær allir methagnaði á síðasta ári og nutu góðs af hagstæð andi vanskilum. Aukin viðskipti með stofnfé og fyrirhugaðar stofnfjáraukningar eru að ö og/eða samruna við önnur fjármálafyrirtæki. *Eggert Þór Aðalsteinsson* skoðar stöðu sex

Viðskiptabankarnir voru ekki einir um að skila methagnaði á síðasta ári því rekstur stærstu sparisjóðanna gekk einnig skínandi vel.

Sex stærstu sparisjóðirnir, SPRON, SPH, SPV, Sparisjóðurinn í Keflavík (SPKef), Sparisjóður Mýrasýslu (SPM) og Sparisjóður Kópavogs (SPH), hafa skilað uppgjörum fyrir árið 2005. Þótt samanburður á milli sparisjóðanna sé fróðlegur þá er hann varla algildur, enda er um gríðarlegan stærðarmun að ræða og endurspegla ólíkar áherslur sparisjóðanna afkomu hvers og eins.

**VAXTAMUNUR DREGST SAMAN**

Hagnaður stærstu sparisjóðanna nam 7,9 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við tæpa 3,4 milljarða króna árið 2004 og jókst því um 135 prósent á milli ára. Þrír þeirra högnuðust yfir einn milljarð, það er SPRON, SPV og SPKef, og varð metafkoma á rekstri fimm stærstu sparisjóðanna. Afkoma SPK varð sú næstbesta frá upphafi. Meginvöxtur tekna stóru sparisjóðanna kom ekki í gegnum vaxtatekjur heldur frá annarri fjármálastarfsemi.

Hreinar vaxtatekjur stærstu sparisjóðanna voru 6.445 milljónir króna í fyrra og hækkuðu um 8,2 prósent milli ára. Vaxtamunur þrýstist niður jafnt hjá sparisjóðum sem og bönkum á síðasta ári, sem stafar af innkomu fjármálafyrirtækja inn á íbúðalánamarkað og mikilli samkeppni þeirra um viðskiptavini. Vaxtatekjur drógust örlítið saman hjá SPRON vegna breyttra reikningsskilavenja.

Í tilvikum SPV, SPKef og SPK duga h vaxtatekjur fyrir rekstrargjöldum.

Aðrar rekstrartekjur, svo sem tek hlutabréfum og eignarhlutum í öðrum um, þóknunartekjur og gengishag hækkuðu hins vegar um 86 prósent. Vor samanlagt 11,4 milljarðar samanborið milljarð árið 2004.

Gengishagnaður nam þar af 6,4 millj króna og hækkaði um 120 prósent á mi Sparisjóðirnir eru þó misjafnlega háðir ishagnaði, þannig var hann meiri en hag eftir skatta í tilviki SPKef en aðeins prósent af hagnaði SPK. Gengishagnaðu hækkaði mest milli ára eða um 620 pró

Eignarhlutur SPRON, SPKef og S Exista skilar miklum hagnaði. Exis stærsti hluthafinn í KB banka, Bak og Símanum og hagnaðist um 50 millj síðasta ári. Sparisjóðabankinn, sem er sparisjóðanna, á einnig nokkuð stóran Exista og skilaði methagnaði. Því er lj allir sparisjóðirnir njóta góðs árangurs með beinum eða óbeinum hætti.

**KOSTNAÐARHLUTFALL LÆKKAR**

Sökum methagnaðar lækkaði kostnaða fall sparisjóðanna milli ára og eru

**SAMANBURÐUR Á SPARISJÓÐUNUM (Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| | Hagnaður 2005 | Hagnaður 2004 | Breyting | Arðsemi eigin fjár 2005 | Heildareignir í lok árs 2005 | Eigið fé | CAD-eiginfjárhlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SPRON | 4.092 | 1.631 | 151% | 61,5% | 114.929 | 13.016 | 13,6% |
| SPH | 704 | 319 | 121% | 22,9% | 42.756 | 3.784 | 15,1% |
| SPV | 1.123 | 683 | 64% | 22,6% | 37.537 | 6.088 | 19,5% |
| SPKef | 1.150 | 409 | 181% | 42,9% | 31.777 | 3.764 | 12,4% |
| SPM | 616 | 192 | 221% | 41,6% | 25.698 | 2.095 | 11,0% |
| SPK | 238 | 134 | 78% | 36,5% | 17.067 | 878 | 14,1% |
| **Alls** | **7.923** | **3.368** | **135%** | | **269.764** | **29.625** | |




gar gríðarlega eftir að þeir hófu að lána til íbúðakaupa og endurfjár-

# ...oogann

## ...rkaðsaðstæðum og minnk-
## ...indum undanfarar yfirtaka
## ...tu sparisjóðanna.

þeirra með hlutfall kostnaðar af heildartekjum undir 40 prósentum. Hafa ber í huga að síðasta ár var óvenjugott vegna árferðis á hlutabréfamörkuðum og því er ekki ólíklegt að hlutfallið hækki nema sparisjóðunum takist að auka tekjur sínar enn frekar. Kostnaðarhlutfallið, sem er hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum, er lægst hjá vélstjórum og í Keflavík, eða um 35 prósent, en hæst í Hafnarfirði, 61,7 prósent. Sögulega séð hefur þetta hlutfall verið lægst hjá vélstjórum í gegnum tíðina.

Vanskil hafa farið minnkandi í bankakerfinu. Framlög sparisjóðanna sex í afskriftarreikning útlána námu 1.361 milljón króna en 1.795 milljónum árið 2004. Er það samdráttur um 24 prósent á milli ára.

**MIKIL ÚTLÁNAAUKNING**

Efnahagsreikningar sparisjóðanna bólgnuðu vel út á síðasta ári. Heildareignir þeirra námu 270 milljörðum króna um síðustu áramót og hækkuðu um tæpa 80 milljarða á milli ára eða yfir 40 prósent. Eignir SPRON og SPM hækkuðu um 67 prósent, yfir helming hjá SPK en minna annars staðar. Útlánaaukning skýrir að mestu leyti þennan mikla vöxt en útlán fóru úr 141 milljarði í tæpa 207 í árslok. Hefur þátttaka sparisjóðanna á íbúðalánamarkaði mest um það að segja.

Eigið fé sparisjóðanna sex var 29,6 milljarðar króna í árslok og hafði hækkað um rúma 10,9 milljarða. Mest hækkaði eigið fé SPRON, um 124 prósent, en annars staðar nam hækkunin 20-48 prósent. Stofnfé SPRON var sexfaldað á síðasta ári til að styðja við vöxt bankans og voru það ekki síður stofnfjáreigendur sem nutu góðs af þeirri þróun, enda hækkaði markaðsvirði stofnfjár um 300 prósent árið 2005.

**SPRON Í SPORUM RÍKISBANKANNA**

Rúmur helmingur af heildarhagnaði stóru sjóðanna féll SPRON í skaut en sparisjóðurinn skilaði fjögurra milljarða króna hagnaði og hefur skilað hæstri arðsemi eiginfjár undanfarin tvö ár. Heildareignir SPRON og eigið fé voru hvort um sig tvöfalt meiri í árslok en hjá þeim sparisjóðum sem koma næst á eftir. Um leið naut sparisjóðurinn góðs af frábærri ávöxtun af átta prósenta eignarhlut í fjárfestingarfélaginu Exista, sem skilaði sparisjóðnum tæplega 3,5 milljarða hagnaði á síðasta ári.

Stjórn hans hefur fengið heimild til að auka stofnféð úr fjórum milljörðum í allt að 9,1 milljarð króna sem bendir óneitanlega til þess að bankinn hafi hug á fjárfestingum í öðrum fjármálafyrirtækjum. Heildareignir SPRON eru nú þær sömu og eignir Búnaðarbankans á fyrstu stigum einkavæðingar hans og fjárhagslegur styrkleiki tvímælalaust meiri.

**Í STARTHOLUM FYRIR ÚTRÁS**

SPV skilaði methagnaði á síðasta ári þegar hagnaður hans nam 1,1 milljarði króna. Sparisjóðurinn hefur verið ein best rekna fjármálastofnun landsins í gegnum árin og reksturinn þótt traustur og stöðugur. Þannig hefur yfirbyggingin verið lítil og hreinar vaxtatekjur staðið undir rekstrarkostnaði ár eftir ár. Stjórnendur SPV hafa beint spjótum sínum í vaxandi mæli að eflingu eignasafns og þátttöku í verðbréfastarfsemi.

Seint á nýliðnu ári opnaðist gáttin fyrir viðskipti með stofnfé SPV og hefur helmingur þess skipt um hendur. Með nýjum stofnfjáreigendum koma fram ný sjónarmið um stefnu og rekstur SPV og er ekki ósennilegt að bankinn stækki með yfirtökum innan- sem utanlands á þessu ári eftir að stjórn fékk heimild til margfalda stofnfé. Eiginfjárhlutfall (CAD) var um 20 prósent í árslok sem gefur sparisjóðnum verulegt svigrúm til útþenslu.

**GUSTAR UM Í HAFNARFIRÐI**

Mikið hefur verið fjallað um málefni SPH á undanförnum mánuðum eftir stjórnarbyltingu á aðalfundi sjóðsins í apríl 2005 og síðar rannsókn FME og ríkislögreglustjóra á viðskiptum með stofnfé í sjóðnum. En því er ekki að neita að rekstur SPH tók stakkaskiptum með nýjum mönnum. Hagnaður sparisjóðsins jókst um 120 prósent á milli ára og skýrist að mestu af 70 prósenta samdrætti á framlagi í afskriftarreikning útlána. Það er ekki langt síðan SPH var stærsti sparisjóður landsins en á undanförnum árum hefur hann glímt við mikil útlánatöp. Nú er ljóst að sparisjóðurinn er á beinni braut og var arðsemi á síðasta ári sú mesta um árabil.

Sparisjóðurinn í Keflavík átti einnig gott ár og hafði eignarhlutur bankans í Exista sitt að segja. Arðsemi eigin fjár í fyrra var um 43 prósent. Vöxtur bankans hefur verið mikill á undanförnum árum samfara miklum uppgangi á Suðurnesjum og er nú svo komið að eigið fé hans er það sama og hjá SPH. Sparisjóðurinn í Mýrasýslu er annar stærsti sparisjóðurinn sem vinnur á starfssvæði utan höfuðborgarinnar. Á síðasta ári tók sparisjóðurinn yfir rekstur Sparisjóðs Ólafsfjarðar og á auk þess Sparisjóð Siglufjarðar og fyrir vikið jukust hreinar vaxtatekjur SPM um þriðjung.

Rekstur Sparisjóðs Kópavogs, sem er minnsti sparisjóðurinn í þessari athugun, hefur batnað stórlega á undanförnum tveimur árum með kostnaðaraðhaldi og bættum útlánum. Arðsemi eigin fjár hefur verið yfir 20 prósent tvö ár í röð.

**EFTIRSÓTT STOFNFÉ**

Allar gáttir hafa opnast með viðskipti með stofnfé í stærstu sparisjóðunum og er ljóst að nýir eigendur munu gera allt til að hámarka arðsemi stofnfjárbréfanna. SPRON reið á vaðið haustið 2004 þegar settur var á fót stofnfjármarkaður með stofnfé sparisjóðsins. Síðan þá hefur markaðsverðmæti stofnfjár meira en nífaldast og nemur nú tæpum 30 milljörðum króna. Flestir geta verið sammála um að sterk kjölfesta hafi myndast í eigendahópi SPRON eftir að stofnfjárviðskipti fóru af stað en á lista yfir stærstu eigendur í janúar áttu fimm aðilar meira en fimm prósent stofnfjár sem er hámark þess atkvæðisréttar sem fara má með í sparisjóði. Föroya Sparikassi og Holt Holding, félag í eigu Skúla Þorvaldssonar, áttu tæp tíu prósent stofnfjár.

Aukning stofnfjár gaf SPRON mikið svigrúm til eflingar og stækkunar. Aðrir sparisjóðir hafa fylgst náið með þessari þróun. SPV hefur fengið heimild til allt að þrjátíuföldunar stofnfjár sem yrði nýtt til stækkunar sjóðsins innan- sem utanlands. Viðskipti með stofnfé SPV hafa verið blómleg á gráa markaðnum en um helmingur þess hefur skipt um hendur á þremur mánuðum og hefur gengi bréfanna hækkað um 150 prósent frá fyrstu viðskiptum. Stjórnendur SPV undirbúa nú stofnun stofnfjármarkaðar í samvinnu við FME.

Einnig hafa verið viðskipti með stofnfé á yfirverði í Sparisjóðnum í Keflavík, þar sem þriðjungur hefur skipt um hendur, sem og í SPK. Aðeins tveir aðilar eiga stofnfé í SPM en það er í eigu Borgarbyggðar og Hvítársíðuhrepps sem renna brátt í eitt sveitarfélag.

**SAMEININGAR Á NÆSTA LEITI?**

Frá því að sameiningarviðræðum SPRON og SPV var slitið hefur lítið farið fyrir samrunaferli innan sparisjóðakerfisins en miklar breytingar sem hafa átt sér stað innan eigendahóps SPH, SPV og fleiri sparisjóða gætu breytt miklu. Fjármálafyrirtæki, fjárfestingafélög og fjárfestar hafa eignast bréf í SPH á undanförnum mánuðum. Meðal stærstu stofnfjáreigenda eru SPK og SPV sem og MP Fjárfestingabanki sem er einn stærsti eigandinn í SPV.

Hugmyndir um sameiningu SPH og SPV, og jafnvel SPK, eru ekki nýjar af nálinni. Yfirlýsing Jóns Auðuns Jónssonar, nýkjörins stjórnarformanns SPH, um að sparisjóðurinn vilji ganga til sameiningar gefur þessari kenningu byr undir báða vængi en stjórnendur SPV hafa áður lýst yfir áhuga á að ganga til samruna við aðra sparisjóði á höfuðborgarsvæðinu.

Þá hafa stjórnendur SPM lýst því yfir að hugur þeirra standi til frekari yfirtaka og samruna á landsbyggðinni.

**Eignarhlutur SPRON, SPKef og SPM í Exista skilar miklum hagnaði. Exista er stærsti hluthafinn í KB banka, Bakkavör og Símanum og hagnaðist um 50 milljarða á síðasta ári. Sparisjóðabankinn, sem er í eigu sparisjóðanna, á einnig nokkuð stóran hlut í Exista og skilaði methagnaði. Því er ljóst að allir sparisjóðirnir njóta góðs árangurs Exista með beinum eða óbeinum hætti.**

**FRAMLÖG Í AFSKRIFTARREIKNING ÚTLÁNA DRAGAST SAMAN (Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| | Framlög 2005 | Framlög 2004 | |
|---|---|---|---|
| SPRON | 327 | 470 | -30% |
| SPH | 160 | 561 | -71% |
| SPV | 186 | 172 | 8% |
| SPKef | 329 | 316 | 4% |
| SPM | 284 | 219 | 30% |
| SPK | 75 | 57 | 32% |
| | **1.361** | **1.795** | **-24%** |

**HVAÐAN KOMA TEKJUR SPARISJÓÐANNA (Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| | Hreinar vaxtatekjur 2005 | Hreinar vaxtatekjur 2004 | Breyting | Aðrar rekstrartekjur 2005 | Aðrar rekstrartekjur 2004 | Breyting | Gengishagnaður 2005 | Gengishagnaður 2004 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SPRON | 2.225 | 2.275 | -2% | 5.526 | 2.508 | 120% | 3.496 | 1.149 | 204% |
| SPH | 1.358 | 1.195 | 14% | 1.274 | 1.154 | 10% | 511 | 615 | -17% |
| SPV | 915 | 865 | 6% | 1.457 | 900 | 62% | 596 | 410 | 45% |
| SPKef | 876 | 742 | 18% | 1.771 | 913 | 94% | 1296 | 561 | 131% |
| SPM | 650 | 490 | 24% | 1.052 | 427 | 146% | 525 | 73 | 619% |
| SPK | 421 | 389 | 8% | 331 | 238 | 39% | 11 | 80 | -84% |
| **Alls** | **6.445** | **5.956** | **8%** | **11.411** | **6.140** | **86%** | **6.435** | **2.888** | **123%** |



**FORSTJÓRI RSA SECURITY** Art W. Coviello Jr. er forstjóri eins stærsta tölvuöryggisfyrirtækis í heimi. Hann heimsótti landið fyrir helgi og fundaði með íslensku bönkunum, en hann er á heimleið eftir fyrirlestraferð um Evrópu. Coviello er Bandaríkjamaður en hefur yfir sér evrópskt yfirbragð og með skoðanir sem ekki endilega eru í takt við stefnu núverandi stjórnvalda vestra. MARKAÐURINN/STEFÁN

geta staðið sig betur í að sækja tölvuþrjóta til saka, auk þess að starfa með öðrum löndum. Þannig geta stjórnvöld leikið stórt hlutverk og eiga að setja lög þar sem það á við," segir hann og bendir á löggjöf í Bandaríkjunum sem kveður á um upplýsingaskyldu fyrirtækja ef öryggi persónuupplýsinga fólks hefur verið stefnt í voða. „Þannig ber fyrirtækjum að láta vita ef brotist hefur verið inn í tölvukerfi og greiðslukortaupplýsingum stolið."

**HÁHRAÐI OG ÞRÁÐLAUS TÆKNI**

Forstjóri RSA Security var tregur til að spá um of í framtíðina þegar kemur að tölvum og tækni. „Í þessum efnum eru svo margir óvissuþættir," segir hann, en kveðst þess fullviss að í netmálum ættum við eftir að sjá stórkostlegar breytingar. Hann líkir þróun internetsins og viðskipta á netinu við þróun járnbrautanna sem hafi verið lengi að ná fótfestu og breiða úr sér með aukinni tækniþróun. „Það eiga enn eftir að eiga sér svo miklar breytingar stað varðandi staðla í gerð hugbúnaðar þannig að ólík forrit geti talað saman og skipst á gögnum með öruggum hætti. En allra hagur er að þessar breytingar eigi sér stað og það á eftir að gerast."

Vaxtarbrodda segir Coviello bæði vera á sviði háhraðaneta sem kunni að eiga eftir að hafa mikil áhrif á tækniþróun, og svo einnig á sviði þráðlausrar tækni. „En ég er mjög bjartsýnn. Þótt árásir tölvuþrjóta eigi eftir að verða þróaðri þá held ég að hugbúnaðarframleiðendur, notendur og fyrirtæki komi til með að bregðast við með viðeigandi hætti. Vandinn kemur ekki til með að hverfa, en við náum á honum þeirri stjórn að framleiðnin verði sú sem við ætlum okkur að ná með tækninni. Um leið held ég að lífsgæðastuðullinn komi til með að hækka um allan heim. Þetta er eitt af því besta við internetið því eftir því sem tíminn líður kemur frjálst flæði upplýsinga um netið til með að ýta undir lýðræðisþróun í heiminum og frelsi í viðskiptum býr til grundvöll þar sem öll lönd keppa á jafningjagrundvelli og frumkvæði og athafnir einstaklingsins ráða velgengni hans."

olikr@markadurinn.is

a Rekstrarverkfræðistofan Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

KONICA MINOLTA
Lítil og fjölhæf



Konica Minolta 130f
Flest fyrirtæki þurfa prentara, ljósritunarvél, litskanna og faxtæki. Minnsta vélin frá KONICA MINOLTA gerir allt þetta og meira til. Hún sendir tölvupóst og hefur frumritamatara sem staðalbúnað.
Myndgæðin eru fyrsta flokks.
Tilboðsverð kr. 69.900 m/vsk
UMFANG TÆKNIBÚNAÐUR
UMFANG–TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is
ÓTTÓ AUGLÝSINGASTOFA



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

# Flytjandi forvarnir – skilar árangri

Í fréttum Ríkissjónvarpsins fyrir stuttu var mynd af flutningabíl á hliðinni sem fokið hafði út af vegi í ofsaveðri. Kom í ljós að vindhviður höfðu farið yfir 44 m/sek. Áætlað tjón á farmi var yfir 40 milljónir króna fyrir utan tjón á flutningabílnum sjálfum. Ökumaður slapp við meiðsli í það sinn. Á undanförnum árum hafa tjón í vondum veðrum verið nokkuð tíð. Stjórnendur Flytjanda höfðu áhyggjur af þessu ásamt nokkuð hárri tjónatíðni á sínum bílum. Farið var í forvarnasamstarf við tryggingafélagið sem tryggði bílana.

**TJÓNATÍÐNI ÚR 80% Í 30% Á ÞREMUR ÁRUM**

Starfsmenn Flytjanda tóku virkan þátt í þessu verkefni með ýmsum hætti, sóttu námskeið, héldu fundi og komu með tillögur að varnaðarorðum sem sett voru aftan á flutningabílana. Fylgst var með akstri þeirra um landið og valinn fyrirmyndarökumaður reglulega. Árangurinn lét ekki á sér standa, tjónatíðnin lækkaði á 3 árum úr tæpum 80 prósentum niður fyrir 30 prósent.

Ávinningur fyrirtækisins var, fyrir utan mun lægri eigin tjónakostnað, betri nýting bílanna, betra útlit þeirra og þarf af leiðandi bætt ímynd.

**STORMUR Í AÐSIGI**

Eitt vandamálið hjá fyrirtækinu var að ökumenn voru að fara af stað þótt veður væru válynd og stormi jafnvel spáð. Flutningabílar eru háir og taka á sig mikinn vind. Af því leiddi að of margir enduðu útaf eftir að hafa fokið. Tryggingafélagið hóf að senda stormviðvaranir til ökumanna þegar von var á slæmu veðri, ýmist varnaðarorð eða ef útlitið var mjög slæmt, þá voru bílar stöðvaðir alveg.

**ÖRUGG FYRIRTÆKI**

Átak Markaðarins og Sjóvá

**FORYSTA Í FORVÖRNUM**

Árangurinn lét ekki á sér standa, slys þar sem bílar fyrirtækisins fuku útaf vegi nánast hurfu. Í fyrstu þótti mönnum þetta vera afskiptasemi en nú þremur árum seinna er það talin sjálfsögð vinnubrögð að skoða veðurspána áður en lagt er af stað. Viðskiptavinir Flytjanda kunna að meta þetta, því þeir líta á það sem öryggi og tillitssemi við þeirra vörur að hætta þeim ekki vegna veðurs. Einn ávinningurinn er að í dag eru margir flutningabílstjórar farnir að fylgjast með hvort Flytjandabílarnir fari af stað. Ef þeir fara ekki, þá er ástæða fyrir aðra að bíða líka.

Á þeim þremur árum sem unnið hefur verið með forvarnastarf hjá fyrirtækinu hefur tjónatíðni þeirra lækkað verulega og er þrefalt lægri eftir þessi þrjú ár en hún var í upphafi.

**Einar Guðmundsson**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

# Latir og hræddir

Þessi bankaumræða er ljóta ruglið. Ættingjarnir allir að fara á taugum og halda að allt sé að hrynja.

Ég er reyndar á því að þetta sé rétt að byrja, þó við munum sennilega sjá einhver rólegheit á þessu ári. Ég var búinn að tryggja mig í gjaldeyri áður en krónan féll. Átti reyndar ekki von á þessu svona snemma, en allur er varinn góður og ég tók strax heim svolítið af krónum til að eiga á hliðarlínunni þegar krónan sló í 120.

Þar sem ég átti svona mikinn gjaldeyri á gamla genginu ákvað ég að skreppa til Köben og taka þátt í partíinu í kringum Tívolífundinn. Svo var náttúrlega dottið í það. Ég þekki svolítið til í danska fjármálageiranum og tók nokkra öllara með Dönunum. Á þriðja bjór kom öll gusan. Þeir eru náttúrlega algjörlega að fara á límingunum greyin yfir því hvernig við erum að kaupa allt og alla þarna úti.

„Det er russiske penge, ikke?“ sögðu þeir drafandi og maður varð að útskýra fyrir þeim að svo væri ekki. Ég sá enga ástæðu til að vera að draga neitt undan og sagði þeim beint út að þeir væru sennilega latari, heimskari og hræddari en við. Svo hló ég ógurlega. Þeir urðu náttúrlega helvíti móðgaðir, en þó að ég sjái pínu eftir að hafa sagt þetta svona beint út, þá er soldið til í þessu.

Skandinavarnir eru alveg fastir í gamaldags hugsun um banka. Þeir nenna heldur ekki að reka búðir sem krefjast þess að það sé vakað yfir þeim allan sólarhringinn. Ég nenni því reyndar ekki heldur, en svo þora þeir ekki að taka neina áhættu. Ég þori það hins vegar. Fyrir vikið er Danmörk full af gömlum forstjórum sem þrá það að fara að spila golf allan ársins hring. Vandi þeirra er að enginn þorir að skuldsetja sig til að kaupa af þeim fyrirtækin.

Í stað þess að vera fúlir út í okkur ættu Danirnir að vera okkur þakklátir fyrir að gefa þeim tækifæri til að njóta efri áranna við uppbyggilega iðju eins og golf. Ef þeir ætla að fara að grafa undan Íslendingunum með áróðri, þá lenda þeir bara í því að vinna til sjötugs.

Ég þarf hins vegar ekki að vinna frekar en ég vil, en það er bara svo gaman að þessu geimi að maður getur ekki hætt, þó maður gæti auðveldlega lifað af vöxtum ríkiskuldabréfa.

**Spákaupmaðurinn á horninu**


# Vildarþjónusta fyrirtækja




ARGUS 06-0052

## Alltaf að vinna?

Í meira en 100 ár höfum við aðstoðað fyrirtæki við fjármálin. Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

Leyfðu okkur að aðstoða þig og nýttu tímann í annað.

*SPH – fyrir þig og fyrirtækið!*

sph

550 2000 | www.sph.is

AURASÁLIN

# Ókeypis luns

**Aurasálin hefur alltaf** farið vel með sitt og verið ráðdeildarsöm í hvívetna. Það er meðal annars þess vegna á hún erfitt með að skilja þá óráðsíu og græðgiskynslóð sem hvarvetna veður uppi í þjóðfélaginu.

**Ráðdeild og útsjónarsemi** eru höfuðdyggðir að mati Aurasálarinnar og sómi hvers þegns. Af þeim sökum þótti Aurasálinni nokkuð einkennilegt að viðskiptaráðherra sem ætti að hafa slíkar dyggðir í hávegum skyldi sjá af því tækifæri að fá eina ókeypis máltíð á viku. Valgerður skrifaði nefnilega um það að henni hefði um nokkurt skeið staðið til boða að snæða vikulega með ritstjóra Morgunblaðsins, væntanlega á hans kostnað. Þetta hefði Aurasálin þegið með það sama og hyggst nú reyndar vinna áfram með þessa hugmynd. Þannig er, eins og flestum mun vera ljóst, að Aurasálin er mikill viskubrunnur um efnahagsmál og viðskiptalíf. Þörfin fyrir slíkt fólk verður seint ofmetin og í raun fáránlegt að ráðherrar og æðstu menn samfélagsins skuli ekki átta sig á þessu.

**Þannig ætlar Aurasálin** að koma forkólfum stjórnmála og viðskiptalífs og öðru áhrifafólki í íslensku samfélagi í skilning um gagnsemi funda við Aurasálina til heilla fyrir land og þjóð. Planið er einfaldlega þetta. Á mánudögum er hádegisverður með ritstjóra Morgunblaðsins sem hann borgar. Á þriðjudögum er hlaðborð í hádeginu með viðskiptaráðherra. Síðan koma bankastjórarnir í röð miðvikudag, fimmtudag og föstudag. Allt á þeirra kostnað.

**Með þessu myndi Aurasálin** slá margar flugur í einu höggi. Hún kæmi vitinu fyrir ráðandi öfl í samfélaginu og kæmi sjálfri sér í hálft fæði sér að kostnaðarlausu. Bara af þessu einu ætti viðskiptajöfrum að vera ljóst að Aurasálin hefur miklu að miðla um útsjónarsemi og ráðdeild. Þannig gæti hún með fullan munninn útskýrt fyrir bankastjórum þessa lands að til þess að þjóðin eigi að lifa í velsæld um ókomin ár þurfi að framleiða vöru. Það hafi aldrei neinn fengið magafylli af Excel-skjölum eða bankaskuldabréfum á alþjóðamörkuðum. Svo myndi Aurasálin skála við þá í ilmandi víni og horfa í þakklát augu þeirra fyrir að fá að sitja við fótskör slíks meistara.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



**HAFÞÓR HELGASON OG ÁSGEIR BJARNASON** Hafþór og Ásgeir eru í forsvari fyrir Tölvulistann og systurfyrirtæki hans. Ásgeir er eigandi og forstjóri fyrirtækisins, en Hafþór stofnenda Tölvulistans og sinnir nú starfi framkvæmdastjóra Innkaupa og dreifingar sem er með heildsölu á tölvum og tækjum. MARKAÐURINN

# Tölvulistinn horfir til útland

Tölvulistinn hefur vaxið ört síðustu ár og er umsvifamesti innflytjandi tölva og íhluta á landinu. Fyrirtækið ætlar að hasla sér völl á fyrirtækjamarkaði um leið og haldið er áfram áherslu á þjónu við einstaklinga. *Óli Kristján Ármannsson* hitti **Ásgeir Bjarnason** forstjóra Tölvulistans og **Hafþór Helgason** annan stofnenda fyrirtækisins.

IOD ehf., systurfélag Tölvulistans, var útnefnt dreifingaraðili fyrir Acer á Íslandi í ársbyrjun og Tölvulistinn útnefndur sölu- og þjónustuaðili Acer á Íslandi. Acer hefur á skömmum tíma vaxið í að vera þriðja stærsta fartölvumerki í heimi og selur mest allra af fartölvum og kristalsskjám í Evrópu. Tölvulistinn ætlar að hasla sér völl á fyrirtækjamarkaði, en hefur um nokkurt skeið verið með forystu í sölu tölva og tölvuvarnings til almennings. Í ár ætlar fyrirtækið að ná stöðugleika í rekstrinum eftir mikinn vöxt, en hefur um leið uppi ráðagerðir um opnun þriggja nýrra verslana, auk þess sem horft er til útrásar í útlöndum.

Ásgeir Bjarnason, forstjóri og eigandi Tölvulistans og IOD, segir fyrirtækin hafa velt 1.340 milljónum króna í fyrra og að í ár sé markið sett á 1.600 milljón króna veltu. „Leiðin hefur stöðugt verið upp á við og fyrirtækið allt frá upphafi skilað hagnaði,“ segir hann með nokkru stolti. Ásgeir keypti Tölvulistann ásamt föður sínum Bjarna Ásgeirssyni í ársbyrjun 2004, en saga fyrirtækisins nær allt aftur til ársins 1993. Júlíus Ólafsson stofnaði fyrirtækið og seldi tölvuleiki í póstkröfu. Fljótlega bættist svo við Hafþór Helgason og þeir félagar tóku að selja farsíma, sem þá voru rándýrir og níðþungir, þótt þeir væru sagðir passa vel í „flestar skjalatöskur“. Vendipunktur í sögu Tölvulistans var svo árið 1995 þegar fyrirtækið fór að setja saman og bjóða til sölu sínar eigin tölvur undir merki ACE. Fyrst í stað fór salan rólega af stað, ein til tvær tölvur seldust á viku, en um mitt sumar 1996 virtist sem fólk hafi áttað sig á starfseminni sem þá var í gangi við Skúlagötu í Reykjavík og skyndilega tóku að seljast 10 tölvur á dag. Það vatt svo upp á sig og á stundum mokuðu félagarnir í Tölvulistanum út 20 til 30 tölvum á dag. Núna er Tölvulistinn með þrjár verslanir og starfsmenn yfir 60 talsins.

**Tölvulistinn**
Stofnaður: 1993
Starfsmenn: 64
Verslanir: Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri

## MEÐ ACER OG ZYXEL

Þær breytingar hafa orðið hjá Tölvulistanum að Hafþór Helgason, annar stofnenda Tölvulistans, er orðinn framkvæmdastjóri IOD sem sinnir markaðsmálum, heildsölu og dreifingu á tölvuhlutum. IOD varð til eftir að fest voru kaup á fyrirtækinu Tölvum og neti.

„Við erum eiginlega eini óháði aðilinn sem eftir er á markaðnum og svo erum við bara orðnir nokkuð stórir,“ segir Ásgeir, en ákveðinn vendipunktur varð hjá fyrirtækinu í byrjun janúar. „Þá fengum við formlega útnefningu sem ACER Ísland og það styrkir okkur náttúrlega upp á framtíðina að gera.“ Hann bætir við að frá kaupum hans á fyrirtækinu árið 2004 hafi verið unnið að því tryggja því vörumerki. „Við ætlum hins vegar að halda áfram að bjóða upp mjög breiða línu af varningi. Í búðinni erum við til dæmis með 52 tegundir af ferðatölvum, frá framleiðendum á borð við HP, Dell, IBM, ACER, Sony, MSI og Toshiba. Við erum bara með úrvalið og ætlum ekkert að hætta því.“ Ásgeir áréttar enda að það sé IOD sem dreifi ACER-tölvunum, ekki Tölvulistinn, þó svo að eignarhaldið sé það sama. Hann segir að fram til þess tíma að fest voru kaup á fyrirtækinu Tölvum og neti, sem síðan var breytt í IOD, hafi Tölvulistinn einbeitt sér að smærri vörumerkjum, sem þó voru mörg hver vel þekkt meðal tæknisinnaðra fyrir gæði. „En með þeim kaupum fylgdi umboð fyrir ZyXEL á Íslandi og það er í raun eini valkosturinn í heiminum á móti búnaði Cisco, eftir að þeir keyptu LinkSys.“ ZyXEL framleiðir netbúnað og miðlægar lausnir fyrir einstaklinga og miðlungsstór fyrirtæki. „Með þennan búnað innanborðs erum við komin í mjög sterka stöðu. Hive er til dæmis alfarið með ZyXEL og svo skrifuðum við nýverið undir mjög stóran samning við Og Vodafone um að þeir færi sig alfarið yfir í ZyXEL fyrir allan sinn endabúnað. Þá er BTnet einnig með ZyXEL og flestar internetþjónustur landsins.“

## META STÖÐUNA OG NÁ JAFNVÆGI

Ásgeir segir samspil vörumerkjanna ACER og ZyXEL gera að verkum að fyrirtækið geti gert sig gildandi í samkeppni irtækjamarkaði hér. Um leið árétta Ásgeir og Hafþór að hvergi verði kvik þeirri stefnu að leggja áherslu á þjónus einstaklinga. „Við höfum alltaf sinnt markaðnum,“ segir Hafþór og hlær við

Ásgeir segir einna helst horft til Sví og Noregs varðandi vöxt Tölvulista fyrir landsteinana. „Við höfum farið og hvergi séð þetta viðskiptamódel se byggjum á hér,“ segir hann en um leið þeir félagar að hafa verði vaðið fyrir sig í þessum efnum. „Við viljum þá fara þá leið að kaupa smærri stakar anir og breyta þeim í Tölvulistabúðir, fáum við um leið tækniþekkinguna sem ir fyrirtækinu. Ef keypt er keðja fær ekki annað en verslanir fullar af afgre fólki,“ segir Hafþór. Ásgeir og Hafþór þó ekki komið að stækkun enn þótt up um hana ráðagerðir. „Í ár náum við jaf eftir mikinn vöxt og tökum kúrsinn,“ Ásgeir, en engu að síður stendur til að á næsta ári þrjár nýjar verslanir, eina uðborgarsvæðinu og tvær úti á landi. er allt löngu sprungið utan af okkur verðum að leita leiða til að létta álag búðinni hér í Nóatúni sem oft er alveg full af fólki,“ segir Hafþór og hlær v segir Ásgeir að einnig komi til greina a út í samstarf við verslanir úti á landi, gert hafi verið á Egilsstöðum, Blönduó Kópavogi. „Við viljum gjarnan fá til li okkur *partnera*, enda er mikið betra a með mörgum í liði en að vera alltaf e berjast.“

Nokkrar hræringar hafa verið tölvufyrirtækja undanfarið og þau kaupum og sölum. Ásgeir segir að sal skoðuð ef slíkt kæmi upp en enn hafi haft samband í þeim erindagjörðum. Þa hann að hugleiða þyrfti slík mál mjög lega, því það gæti breytt stöðu fyrirtæ að verða hluti af stærri samstæðu. J gæti það orðið til að fæla frá viðskip sem þá af samkeppnisástæðum mynd vilja halda viðskiptum áfram. „Þann slíka hluti þarf að skoða mjög vandlega vill er langbest að halda bara sjálfstæð



## TÖLVULISTINN Í HNOTSKURN

1993 Tölvulistinn stofnaður og selur tölvuleiki í heildsölu og póstkröfu úr litlu húsnæði í Sóltúni í Reykjavík. Ársvelta: 4.000.000 kr. Starfsmenn: 1

1994 Hafþór Helgason er kominn í hópinn og við bætist sala á notuðum tölvum og farsímum. Ársvelta: 10.000.000 kr. Starfsmenn: 2

1995 Tölvulistinn flytur í Skúlagötu 61. Sala tölvuíhluta hefst og samsetning á tölvum undir merkinu ACE. Ársvelta 15.000.000 kr. Starfsmenn: 2

1996 ACE-tölvur taka að seljast í magni. Bragi Haraldsson kemur til liðs við Tölvulistann og stýrir auglýsingum og kynningu. Ársvelta: 60.000.000 kr. Starfsmenn: 4

1997 Tölvulistinn bætir við sig þjónustudeild í öðru húsnæði og ACE-tölvur mokseljast. Ársvelta 144.000.000 kr. Starfsmenn 7

1998 Sala til fyrirtækja fer að telja í starfsemi Tölvulistans sem og þjónusta við einstaklinga. Ársvelta 224.000.000 kr. Starfsmenn: 12

1999 Reksturinn heldur áfram að bæta hægt og rólega við sig. Ársvelta 246.000.000 kr. Starfsmenn: 16

2000 Sala gengur vel en reksturinn er við að sprengja utan af sér 50 fermetra húsnæðið. Ársvelta 338.000.000 kr. Starfsmenn: 18

2001 Tölvulistinn flytur í nýtt húsnæði að Nóatúni 17 og bætir við vöruúrvalið. Ársvelta 509.000.000 kr. Starfsmenn 22

2002 Tölvulistinn opnar útibú á Akureyri. Ársvelta 728.000.000 kr. Starfsmenn: 30

2003 Sala hafin á ACER-vörumerkinu, sem þá var í mikilli sókn á tölvumarkaði. Ársvelta: 821.000.000 kr. Starfsmenn: 36

2004 Júlíus og Hafþór selja eignarhaldsfélaginu BBen ehf. Tölvulistann. Ásgeir Bjarnason tekur þá stefnu að rækta enn frekar sambönd við erlenda framleiðendur. Ársvelta: 930.000.000 kr. Starfsmenn: 44

2005 Útibú opnað í Keflavík. Ráðnir til starfa tæknimenn til að þjónusta fyrirtæki á staðnum. Fest eru kaup á fyrirtækinu Tölvum og neti sem var með tengsl við framleiðandann ZyXEL. TON er breytt í IOD (Innkaup og dreifingu) og Hafþór tekur við framkvæmdastjórn þess fyrirtækis. Ársvelta: 1.340.000.000 kr. Starfsmenn: 60

2006 IOD verður dreifingaraðili ACER á Íslandi og Tölvulistinn þjónustumiðstöð fyrir búnaðinn. Hugað að stækkun og samstarfsaðilum innanlands um leið og ná á stöðugleika í rekstrinum. Áætluð ársvelta: 1.600.000.000 kr. Starfsmenn: Eru nú 64.

**Við viljum þá frekar fara þá leið að kaupa smærri stakar verslanir og breyta þeim í Tölvulistabúðir, þannig fáum við um leið tækniþekkinguna sem fylgir fyrirtækinu. Ef keypt er keðja fær maður ekki annað en verslanir fullar af afgreiðslufólki**





LONDON • PARÍS • FRANKFURT • AMSTERDAM • KAUPMANNAHÖFN
GB FERÐIR BJÓÐA UPPÁ ÁRSHÁTÍÐARFERÐIR TIL HELSTU BORGA EVRÓPU
Frábær hótel á góðu verði.
Skipuleggjum Gala kvöldverði á okkar hótelum fyrir 20-300 manns.
samstarfsaðili GB ferða:
ICELANDAIR www.icelandair.is
GB FERÐIR
www.gbferdir.is




KYNNINGARFUNDUR
15. mars kl. 17:15 að Ofanleiti 2

- Alþjóðlegt MBA nám á Íslandi
- Framúrskarandi kennarar
- Námið fer fram á ensku
- Námskeið í erlendum háskólum með öðrum MBA nemendum
- Sterkur hópur nemenda
- Tækifæri til starfsnáms í útlöndum

Það er hörð samkeppni um sæti í MBA námi HR, aðeins um helmingur umsækjenda kemst inn. Við mat á umsækjendum eru gerðar kröfur sem lúta að menntun og reynslu. Valnefnd skoðar umsóknargögn og metur út frá þeim og viðtölum við umsækjendur, hverjum þeirra skuli boðin skólavist. Markmiðið er að setja saman sterkan hóp nemenda með fjölbreyttan bakgrunn og víðtæka reynslu. **Fyrri umsóknarfrestur er 18. apríl 2006.**

Inntökuskilyrði eru B.A./B.Sc. próf, a.m.k. þriggja ára starfsreynsla, GMAT próf og góð enskukunnátta.

Nánari upplýsingar eru á **www.ru.is/mba**

MBA
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • SÍMI: 599 6200

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
513 4300
Sæmundur Jónsson lögg. fasteignasali
Ingvaldur Mar Ingvaldsson
Viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

## Skartgripavöruverslun

Hef til sölumeðferðar skartgripavöruverslun sem hefur þá sérstöðu á markaðnum að vera á þremur bestu sölusvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Góð velta og góður rekstur.

Hafir þú áhuga á að kanna þennan mjög svo spennandi fjárfestingakost hafðu samband við Ingvald, **ingvaldur@husid.is** eða komdu á skrifstofu okkar að Suðurlandsbraut 50 (bláu húsin við Faxafen).

www.husid.is

# Alþjóðleg ráðstefn
# IBM á Íslandi

IBM mun halda alþjóðlega ráðstefnu í Smárabíói þann 17. mars næstkomandi undir heitinu Lotusphere. Árlega er þessi ráðstefna haldin víðsvegar um heim en þetta er í fyrsta sinn sem hún er haldin hér á landi. Ráðstefnan er haldin í samvinnu við Nýherja, FOCAL Software & Consulting og Hugvit.

Á ráðstefnunni verða nýjungar í hugbúnaði fyrirtækisins kynntar ásamt öðrum nýjungum sem fyrirtækið er að vinna að. Ýmsir fyrirlestrar verða í boði og
sérfræðingar IBM meða
ars fjalla um framtíðarsý
fyrir Lotus Notes, Wor
samvinnu- og vefgáttal
og Domino, auk þess sem
breytt útgáfa af Sametime
ur kynnt til sögunnar
öðrum nýjungum. Ráðste
lýkur með fyrir
Guðmundar Kjærnested,
kvæmdastjóra Rekstrar
Stjórnarráðsbygginga,
reynslu Stjórnarráðs Íslan
innleiðingu Workplace.

Ekkert þátttökugjald er
stefnuna og hægt er að sk
á vefsíðum Nýherja, FOC
Hugvits.



# Eitt verð
## – ótakmörkuð notkun

## Vigor Viðskiptahugbúnaður

Fyrirtæki sem innleiða Vigor viðskiptahugbúnað greiða aðeins eitt verð fyrir ótakmarkaða notkun. Þau þurfa því ekki að hafa áhyggjur af bakreikningum eða eyða stórfé þótt starfsmaður bætist við. Það er nauðsynlegt í öllum rekstri að geta treyst á gagnsæja verðskrá.

Vigor viðskiptahugbúnaður frá TM Software er ein öflugasta viðskiptahugbúnaðarsvíta sem hefur alfarið verið þróuð og framleidd á Íslandi.

Vigor viðskiptahugbúnaður
- Fjárhags- og viðskiptakerfi
- Fylgirita- og samþykktarkerfi
- Áætlanakerfi
- Greiningarskýrslur
- Greiðslukerfi
- Innheimtukerfi
- Eignakerfi
- Verkbókhald
- Forðabókhald
- Sölukerfi
- Vörukerfi
- Innkaupakerfi
- Launakerfi

Sérlausnir
- Orkureikningakerfi
- Skaðabótakerfi
- Aksturskerfi
- Gámaleigukerfi
- Kæligeymslukerfi
- Áhaldaleigukerfi

TM Software, framleiðandi Vigor viðskiptahugbúnaðar, er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og hefur hlotið viðurkenningu sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum Evrópu. Um 460 manns starfa hjá TM Software.

TM Software | Business Solutions Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | vigor@t.is | www.t.is

Europe's 500

Himinn og haf / SÍA

## FÓLK Á FERLI

**SIGURÐUR ÓLAFSSON** hefur verið
ráðinn framkvæmdastjóri Varðar-
Íslandstryggingar hf. Hann er við



fræðingur fr
Háskóla Ísla
og lauk MBA
prófi í rekst
arhagfræði
Rotterdam S
of Manager
árið 1990. Si
var áður rek
arstjóri VÍS
eignarhalds
og þar áður starfsmannastjóri
VÍS, starfsmannastjóri Nýherja o
deildarstjóri hjá Flugleiðum. Vörð
Íslandstrygging varð til árið 2005
sameiningu Varðar Vátryggingafé
hf. og Íslandstryggingar hf. Starfs
félagsins eru 30 talsins á Akurey
Reykjavík auk umboðsmanna víð
land.

**JORGE EUGUI** hefur tekið við star
framkvæmdastjóra hjá Vensy, dó
félagi Alfesca á Spáni. Jorge Eug



útskrifaðist
lögfræðing
Universida
Navarra 19
1991 lauk h
mastersgrá
í verðbréfa
fjármálafra
frá Instituto
de Estudios
Bursatiles
Madríd. Ha
vann sem verðbréfamiðlari um tí
lauk síðan MBA-námi frá IESE 19
Jorge er 39 ára af spænskum æt
kvæntur og fjögurra barna faðir.
en Jorge kom til starfa hjá Vensy
hann framkvæmdastjóri markaðs
hjá Forlasa, leiðandi ostaframleið
á Spáni sem selur vörumerki eins
Ventero, Gran Capitán, El Cigarra

**WILLIAM DUNCANSON** hefur verið
framkvæmdastjóri hjá Farne, Sal
and Trout Ltd., dótturfélagi Alfesc
í Skotlandi. Farne framleiðir reyk
lax og tilbúna rétti úr laxi. Willian
útskrifaðist með BA í hagfræði á
1993 og stundaði síðan framhalds
upplýsingafræðum. William starf
fyrirtækið Uniq Group Prepared F
Bretlandi (Uniq) frá júlí 1994. Uni
nokkrar verksmiðjur sem framlei
matvæli, þar á meðal reyktan lax
tvö árin vann William í söludeild
innkaupastjóri í september árið 1
sem hann starfaði þar til í janúar
er hann var gerður að rekstrarst
Hann var síðan verksmiðjustjóri
til í desember 2004. Frá janúar 20
hefur William verið framkvæmda
Pinneys sem er dótturfélag Uniq
framleiðir lax. William er 34 ára a
skoskum ættum, kvæntur og á ei

# Annata fékk gullvottun Microsoft

## Fyrsta gullvottaða fyrirtækið sem sérhæfir sig í Microsoft Dynamics AX lausnum.

Hugbúnaðarfyrirtækið Annata hefur fengið svokallaða gullvottun Microsoft, eða Microsoft Gold Certified Partner. Fyrirtækið hefur vakið athygli bæði hér og erlendis fyrir sérsniðnar lausnir fyrir Microsoft Dynamics AX (áður Axapta) viðskiptalausnir.

Annata er fyrsta gullvottaða samstarfsfyrirtæki Microsoft hér á landi sem einbeitir sér að Microsoft Dynamics AX lausnum.

„Gullvottun Microsoft er veitt þeim samstarfsaðilum fyrirtækisins sem sýna fram á mikla sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum Microsoft lausna og þjónustu og hlýtur Annata vottunina fyrir framúrskarandi árangur við sölu, þjónustu, ráðgjöf og þróun Microsoft Dynamics AX lausna," segir í tilkynningu en Annata fékk einnig sérstaka vottun Microsoft fyrir svokallaðar „Information Worker" og „Data Management" lausnir.




**JÓHANN OG ELVAR FAGNA NÁNARA SAMSTARFI** Jóhann Jónsson er framkvæmdastjóri Annötu og Elvar Steinn Þorkelsson er framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

Jóhann Jónsson, framkvæmdastjóri Annötu, segir gullvottunina hjálpa fyrirtækinu við markaðssetningu og áframhaldandi þróun. „Með gullvottuninni fáum við enn betra aðgengi að þjónustu Microsoft, sem gerir sérstaklega vel við gullvottaða samstarfsaðila sína," segir hann.

Elvar Steinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi, segir að fyrirtækið vel að vottuninni komið og fagnar öflugum samstarfsaðila.

- óká



**MAGNÚS KRISTINSSON TEKUR VIÐ VIÐURKENNINGU FRÁ GUY KERJOUAN FRÁ TOYOTA MOTOR EUROPE** Á myndinni eru einnig Axel Bervoets og Neil Jenkins sem báðir starfa hjá Toyota Motor Europe.

# Toyota á Íslandi heiðrað

Toyota Motor Corporation (TMC), sem er móðurfyrirtæki Toyota samsteypunnar og er staðsett í Japan, heiðraði Toyota á Íslandi sérstaklega fyrir sölumet sem sett var á árinu 2005. Toyota á Íslandi sló met á síðasta ári og hefur bifreiðaumboð á Íslandi aldrei selt eins margar bifreiðar, eða samtals 4.697 Toyota og Lexus bifreiðar. Þar að auki skilaði fyrirtækið sinni bestu fjárhagslegu afkomu frá upphafi.

Af þessu tilefni afhentu fulltrúar Toyota í Evrópu Magnúsi Kristinssyni, eiganda Toyota á Íslandi, viðurkenningargrip fyrir hönd Katsuaki Watanabe, forstjóra TMC í Japan. Var honum jafnframt þakkað fyrir góðan umboðsmáta fyrirtækisins fyrir Toyota og Lexus bifreiðar á Íslandi.


FERLASTJÓRNUN
hjá Alcoa
Robert W. Roy

Fyrirlestur kl. 12:00 - 13:00

**Fimmtudaginn 16. mars** mun Robert W. Roy, Business Systems Manager hjá Alcoa, halda fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík um „Work Design for the Fjarðarál Smelter" **í stofu 326 á Höfðabakka 9.**

**WORK DESIGN FOR THE FJARÐARÁL SMELTER**

- Why we chose a "Process Centered" design
- What it looks like
- How it fits with the other business systems we have
- Where we are with the design work

Fyrirlesturinn er opinn öllum.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is



TIL SÖLU FASTEIGNIN LAUGAVEGUR 84




**Óskað er eftir tilboðum í fasteignina Laugaveg 84 í Reykjavík.**

Um er að ræða 4. hæða verslunar- og íbúðarhúsnæði, en skráð stærð eignarinnar er 415,7 m$^2$. Í dag er verslun á 1. hæð, en íbúðir á efri hæðum. Eignin verður til sýnis milli kl. 14-17 laugardaginn 18. mars.

Tilboðum skal skilað fyrir kl. 16. föstudaginn 24. mars á skrifstofu Lagastoðar ehf., Lágmúla 7, 6. hæð, í Reykjavík.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 581-1140.



Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000






AÐALFUNDUR

BAKKAVÖR GROUP HF.

Aðalfundur Bakkavör Group hf. 2006 verður haldinn föstudaginn 24. mars nk. kl. 17.00 í Íslensku óperunni, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Ákvörðun um stjórnarlaun.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
8. Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins. Fundarstörf fara fram á ensku.

*Léttar veitingar frá Bakkavör í Bretlandi verða í boði eftir fundinn.*

Stjórn Bakkavör Group hf.

1986 BAKKAVÖR 20 ÁRA 2006

# Heildarumsjón með þörfum notenda

**TÖLVUPÓSTURINN**

*Til Guðmundar Pálma Kristinssonar*

*forstöðumanns við gæði, þróun og greiningu á Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar*



**Hvað er fasteignastjórnun?**
Í fasteignastjórnun felst heildarumsjón með eignarhaldi, rekstri, viðhaldi, breytingum, tækni og fjarskiptakerfum, nýtingu fasteigna, aðlögun þeirra að þörfum notenda og margvíslegri stoðþjónustu fyrir eigendur og notendur fasteigna. Með öðrum orðum felur fasteignastjórnun í sér samhæft verklag við rekstur og stoðþjónustu, endurbætur, viðhald og aðlögun bygginga og grunngerðar fyrirtækja og stofnana, svo og ráðgjöf og stefnumörkun í fasteignamálum, með það að markmiði að skapa þá aðstöðu sem best hentar starfseminni með sem hagkvæmustum hætti.

**Hvað er stoðþjónusta?**
Dæmi um stoðþjónustu er sorphirða, orkunotkun, snjómokstur, umhirða lóðar, umsjón bílastæða, sameiginleg afgreiðsla, rekstur mötuneytis, umsjón og viðhald búnaðar.

**Hvers vegna er fasteignastjórnun að ryðja sér til rúms á Íslandi?**
Fasteignastjórnun hefur eflst víða um heim síðustu ár. Stofnuð hafa verið fasteignafélög eða einingar sem sérhæfa sig í fasteignastjórnun fyrir hönd eigenda. Þetta gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að einbeita sér að meginverkefnum sínum og nýta sér sérþekkingu, reynslu og útsjónarsemi félaga eða starfseininga í fasteignastjórnun. Nú er óspart leitað leiða til þess að draga úr kostnaði við rekstur fasteigna. Oft kemur í ljós að ná má fram ýmsum sparnaði og betri nýtingu. Þegar grannt er skoðað og þegar horft er til annarra landa hefur svona fyrirkomulag verið góð stoð í slíkum sparnaði. Bættur árangur og nýting kemur fram við samstarf fasteignastjórnunar við þjónustudeildir og yfirstjórn. Leit að nýjungum verður frekar til innan fasteignastjórnunar og fasteignastofa/félag verður þekkingarbrunnur.

**Nýta ríkið og sveitarfélögin sér þessa þjónustu?**
Já, meðal annars í tengslum við einkaframkvæmd. Einkaframkvæmd er heiti yfir verkefni þar sem einkaaðilar hanna, byggja og fjármagna fasteignir eða mannvirki, leigja opinberum aðilum með leigusamningi til langs tíma, til dæmis í 25 til 30 ár og annast ýmsa stoðþjónustu allan samningstímann. Til eru mismunandi útfærslur af einkaframkvæmd. Ástæður þess að ríki og sveitarfélög nýta sér þessa þjónustu eru meðal annars þær að traust og öflug fasteignafélög eru til.

**Hvaða hagur hlýst af því?**
Af þessu getur meðal annars hlotist stærðarhagræði. Stórt fasteignafélag nýtur betri kjara á lánamarkaði. Sveitarfélög geta selt eignir inn í félagið og greiða niður lán og fá hlutabréf í félaginu fyrir hluta söluverðs. Þau fá stjórntæki til fasteignareksturs, framkvæmda og uppbyggingar á hagkvæmari hátt en ella.

Einnig má nefna að hagurinn endurspeglast í lækkun kostnaðar, að yfirstjórn getur einbeitt sér að meginstarfsemi fyrirtækisins, bætt nýtingu rýmis og aukið við framleiðni. Ýmsir kostir fylgja sérhæfingu og kostnaðareftirlit, skráning og samanburður verður virkari og vinnulag samræmdara. Rekstrarkostnaður fasteigna verður sýnilegri þannig að hver stofnun ber þann raunkostnað þess húsnæðis sem hún nýtir og samanburður fæst á kostnaði milli fasteigna.

**Hvað er hlutverk Fasteignastjórnunarfélags Íslands?**
Fasteignastjórnunarfélag Íslands er félag áhuga- og fagmanna um fasteignir. Tilgangur félagsins er að efla fagþekkingu í fasteignastjórnun, að halda fundi, námskeið, kynningar og miðla þekkingu í fasteignastjórnun til félagsmanna og annarra þeirra er áhuga hafa. Jafnframt að vera vettvangur félagsmanna til að skiptast á upplýsingum og reynslu um fasteignastjórnun, að starfrækja sameiginlegan gagnabanka með upplýsingum um kostnað við rekstur og umsýslu fasteigna, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í fasteignastjórnun og að miðla íslenskri þekkingu og reynslu í fasteignastjórnun til annarra landa.



**HELGI S. GUNNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝSIS FM (FACILITIES MANAGEMENT)** Hjá Fasteignafélaginu Nýsi og s
legum félögum færist það í aukana að sjá hvernig mannvirki getur nýst sem viðskiptatækifæri á breiðari vettvangi en í útleigu.
MARKAÐURIN

# Betri nýting mannvirkj

Á morgun verður fasteignamarkaðurinn tekinn fyrir á ráðstefnu í tengslum
sýninguna Verk og vit 2006. Meðal þess er verður rætt er svokölluð fasteig
stjórnun. Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur lék forvitni á að vita hvað felst í
hugtakinu og talaði við Helga S. Gunnarsson hjá Fasteignafélaginu Nýsi.

Lengi vel voru aðeins tvö eða þrjú fasteignafélög hér á landi en nú eru þau fjölmörg, af mismunandi stærðum og bjóða mismunandi gerðir þjónustu. Útskýrir þetta að nokkru hið mikla líf sem hefur verið á fasteignamarkaðnum á undanförnum mánuðum. Hugtakið fasteignastjórnun er tiltölulega nýtt í íslenskri tungu og lítið þekkt meðal almennings, en það er eitt af því sem nýju fyrirtækin hafa komið með í fasteignabransann.

**HEILDARUMSJÓN FRÁ A TIL Ö**
Í fasteignastjórnun felst heildarumsjón með byggingum og mannvirkjum og margþætt þjónusta tengd notkun þeirra. Má þar nefna húsumsjón, nýtingu og útleigu rýma, viðhald húsa, búnaðar og lóðar, ræstingu, aðgangsstýringu og öryggismál og margvíslega sameiginlega þjónustu fyrir notendur húsa og mannvirkja.

Helgi S. Gunnarsson er framkvæmdastjóri Fasteignafélagsins Nýsis FM (facilities management) sem á og rekur fjölmargar eignir og er meðal annars eitt þeirra íslensku fasteignafélaga sem hefur verið að hasla sér völl í Danmörku á undanförnum misserum. Félagið keypti meðal annars nýverið tvö fasteignafélög þar sem eiga og reka um sextíu þúsund fermetra skrifstofu-, verslunar- og geymsluhúsnæði miðsvæðis í Kaupmannahöfn.

**MÁLIÐ ER** *Fasteignastjórnun*

Nýsir er ekki hefðbundið fasteignafélag því að upphaflegur fasteignarekstur þess hófst í kringum einkaframkvæmdarverkefni og fasteignastjórnun er kjarnastarfsemi félagsins. Þjónusta hefur alltaf verið stór hluti af fasteignarekstri þess.

**REKSTUR MANNVIRKJA VIÐSKIPTATÆKIFÆRI**
„Helsti munurinn á Nýsi og öðrum hefðbundnari fasteignafélögum er að við sjáum viðskiptatækifæri fyrst og fremst í starfsemi í kringum mannvirkin sem við byggjum á meðan önnur fasteignafélög leggja fyrst og fremst áherslu á að leigja út fasteignina,“ segir Helgi. Hann segir það færast í aukana hjá Nýsi og sambærilegum félögum að sjá hvernig mannvirki getur nýst sem viðskiptatækifæri á breiðari vettvangi og hvernig er hægt að skapa viðskipti í kringum það. Sem dæmi nefnir hann Austurbæ sem Nýsir á og rekur í samstarfi við fagfólk á sviði viðburða og leiklistar. Sömu sögu er að segja með Egilshöll sem Nýsir leigir borginni og útvegar ákveðna þjónustu með einkaframkvæmdarsamningi. Nýsir nýtir svo húsið fyrir ýmiss konar aðra starfsemi þess á milli, bæði með beinni útleigu og með því að leigja húsnæðið fyrir skammtímaviðburði. „Þetta er hagkvæmt því með þessu ná opinberir aðilar niður kostnaði

með því að fá einkaaðila til að veita ákveðna
þjónustu. Enn fremur er umfang og breidd þ
þjónustu oft mun meira en opinberir aðilar geta
Einkaframkvæmdaraðilar fá á móti tækifæri
skapa viðskipti í kringum mannvirkið. Þetta
sér betri nýtingu á húsnæði, starfsfólki og fjárm
samfara bættri og umfangsmeiri þjónustu.“

**EINKAFRAMKVÆMD FÆRIST Í AUKANA**
Færst hefur í aukana að opinberir aðilar kaup
ustu af einkaaðilum í gegnum einkaframkva
samninga eða með annars konar samningska
Þannig geta þeir einbeitt sér að sinni kjarnasta
og látið aðra um rekstur húsnæðisins og stoðstar
eins og viðhald, ræstingar, orkustýringu og þar
eftir götunum. Margar þeirra miklu bygging
byggðar hafa verið undanfarið eru í eigu fastei
laga sem annast rekstur og stoðstarfsemi í þeir
Það eru ekki bara opinberir aðilar sem eru a
sér kosti sérhæfðra fasteignastjór
fyrirtækja. Mörg einkafyrirtæki
einnig að einbeita sér að eigin k
rekstri án þess að þurfa að hug
rekstur fasteignarinnar. Slíkir sam
geta verið eins misjafnir og þe
margir, allt til þess að leigusalinn
alla þjónustu á svæðinu, til dæmis mötuneyt
ustu, ræstingar, húsvörslu, ljósritun, fjarskip
raun allt nema það sem lýtur að kjarnastarfse
komandi fyrirtækis.

Þjónusta á borð við þá er hér um ræðir er síf
verða algengari. Sem dæmi um mannvirki sem
verið reist með þessu móti hér á landi af ýmsum
um má nefna Hvalfjarðargöngin, Reykjanes
og Heilsumiðstöðina Laugar. Tónlistar- og ráðs
húsið sem rísa mun við Reykjavíkurhöfn er n
dæmið en framkvæmdir við byggingu þess
hefjast síðar á árinu. Ríki og borg, sem munu
rekstrarstyrk með mannvirkinu í 35 ár, hafa
við eignarhaldsfélagið Portus, sem er í eigu Ny
Landsafls, um að byggja húsið og annast rekstu
á samningstímanum.

**STÓRSÝNINGIN VERK OG VIT**
Fasteignastjórnun, og önnur mál er varða
fasteignamarkaðarins og rekstur fasteigna,
rædd á ráðstefnu sem haldin verður á mo
tengslum við sýninguna Verk og vit 2006 í sam
við Fasteignastjórnunarfélag Íslands og Viðski
Íslands. Verk og vit 2006 hefst á morgun, 16. m
stendur yfir til 19. mars og verður stærsta sýnin
haldin hefur verið um byggingariðnað, skipula
og mannvirkjagerð á Íslandi.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐ




**Philips 26PF5320**
26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Digital Crystal Clear, Digital Comb Filter og Anti Reflex, 600:1 skerpu, HD Ready, 20w Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D og VGA), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

HD ready

**TILBOÐ**
**119.995**
FULLT VERÐ **139.995**




**Philips 32PF7320**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Pixel Plus myndtækni, 600:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, AutoFormat/ 6 breiðtjaldsstillingum, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

PIXEL PLUS

**TILBOÐ**
**179.995**
FULLT VERÐ **214.995**




**Philips 37PF7320**
37" LCD Pixel Plus BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1 skerpu, 8ms svartíma, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-i tengi (styður VGA, SVGA, XGA, WXGA), textavarpi og fjarstýringu.

PIXEL PLUS

**TILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ **299.995**




**Philips 42PF7320**
42" ED Plasma SJÓNVARP með Pixel Plus myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu, 852x480 upplausn og 5.000:1 skerpu (VGA, SVGA, XGA), HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, sjónsviði: (H/V): 160/160° og birtustigi: 1100 cd/m2, ljósskynjari og Active Control til að minnka glampa, 2x30w Nicam Stereó hljóðerfi, 2 Scart tengjum og PC inngangi (DVI-i), SVHS, RCA, textavarpi, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

PIXEL PLUS

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ **289.995**

**ALLAR STÆRÐIR SJÓNVARPA – FRÁ 14 UPP Í 50 TOMMU**

EISA AWARDS
**ÓUMDEILD GÆÐI**

Philips er óumdeildur konungur myndgæðanna þegar kemur að sjónvarpstækjum. Philips hefur unnið hin virtu EISA verðlaun fyrir sjónvörp oftar en nokkur annar framleiðandi. EISA eru samtök 50 fagtímarita í Evrópu og eru verðlaunin talin þau virtustu. EISA eru sannkölluð Óskarsverðlaun raftækjanna.

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HUGVERKAsmiðja

**HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR**

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**43** milljarða evrópskt sambankalán KB banka á fjórum sinnum hagstæðari kjörum en með útgáfu skuldabréfa.

**70** króna múr gengis dollarans í fyrsta sinn síðan í október 2004.

**17,2** milljarða hagnaður FL Grou 2005 samanborið við 3,6 m árið 2004.

BANKAHÓLFIÐ




## Ráðherra og forseti

Íslandsbanki heitir nú Glitnir og var nýja nafnið kynnt með pompi og prakt. Nafnið kom mörgum á óvart, en það hefur verið tengt bílalánum innanlands til þessa. Eins og alltaf þarf tíma til að venjast nýju nafni, en það á efalítið eftir að venjast vel. Á erlendum mörkuðum, sérstaklega á Norðurlöndum, ætti nafnið að verða þokkalega þjált.

Nafnið hefði samt ekki átt að koma á óvart ef horft er til róta þess. Í höllinni Glitni bjó sjálfur Forseti sem var sonur Nönnu og Baldurs. Það hefði því ekki átt að koma mönnum á óvart að þegar Bjarni Ármannsson væri búinn að ráða ráðherra í bankann, þá dygði auðvitað ekkert minna en að verða forseti.

## Stirt í Straumi

Í Gylfaginningu er Glitnir höll sátta og því táknrænt fyrir bankann sem nú virðist sigla lygnari sjó en oft áður. Í Valhöll börðust menn hins vegar og féllu á velli, en risu upp frá dauðum að kveldi og héldu til veislu. Sóttdauðir fóru ekki til Valhallar en þeir kappar sem féllu í vopnaskaki áttu þar vísan verustað. Enn mun vera vopnaskak í Straumi-Burðarási og óvíst er hvort og hvernig barist verður á næstunni eða hvort veisla verður í Valhöll að kveldi. Herma sagnir að búast megi við að línur skýrist á næstunni og hvort staðan verður áfram þversum milli Björgólfs Thors og Magnúsar Kristinssonar. Eru margir sem spá því að ekki muni verða friður fyrr en annar hvor hverfur úr hluthafahópi Straums-Burðaráss.

## Rauð útrás

Annað sem þykir merkilegt við nýja ímynd Glitnis er að fagurrauður litur er nú tákn bankans. Bankar eru í eðli sínu fremur íhaldssamar stofnanir og sækja því síður í rauðan lit. Þar við bætist að rauðar tölur eru eitthvað sem menn forðast eins og heitan eldinn. Hitt er svo annað að í fjölþjóðlegum viðskiptaheimi gera menn sér grein fyrir því að litir hafa menningarsvæðabundna merkingu. Íslandsbanki hyggst nú fljótlega opna skrifstofu í Kína, en þar er rauði liturinn alls ráðandi og tákn ríkjandi afla. Á Vesturlöndum er liturinn tákn ástríðu og blóðs og ekki ónýtt í sókn á heimsvísu að hafa þau tákn í farteskinu.







Þegar við veljum búnað fyrir heimilið þitt höfum við bæði fegurð og notagildi að leiðarljósi – fullkomið samræmi milli óska og þarfa.

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76 200 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

# Steingrímur Hermannsson og stríðið í Írak

**UMRÆÐAN**
INNRÁSIN Í ÍRAK



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

„Ég hefði slitið stjórnarsamstarfinu með Sjálfstæðisflokknum fremur en að styðja innrásina í Írak,“ segir Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, í viðtali við Egil Helgason í Silfri Egils 5. mars 2006.

Steingrímur sagði, að Framsóknarflokkurinn hefði alltaf verið andvígur styrjöldum og stuðningi Íslands við stríð. Framsóknarflokkurinn hefði alltaf stutt frið í heiminum. Hann taldi, að breytingin á stefnu Framsóknar, þ.e. að styðja innrásina í Írak hefði skaðað Framsókn og dregið úr fylgi flokksins.

Steingrímur nefndi fleiri mál, sem hefðu haft áhrif í þessu efni, t.d. skefjalausa stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Hann sagði, að Kárahnjúkavirkjun mundi stórskaða náttúru Íslands. Þá vék hann að gerð rammaáætlunar um virkjunarkosti á Íslandi en Finnur Ingólfsson setti þá áætlunargerð í gang sem iðnaðarráðherra. Fjölmargir komu að gerð þeirrar áætlunar en hún átti að auðvelda stjórnvöldum að taka ákvörðun um næstu virkjanir. Athuga skyldi hvaða virkjunarkostir væru hagstæðastir og yllu minnstu raski á náttúru og umhverfi. Fyrsta áfanga þessarar áætlunar er lokið en ekkert hefur verið gert með áætlunina heldur hefur henni verið stungið niður í skúffu. Þetta gagnrýndi Steingrímur harðlega.

Steingrímur var einnig í viðtali í Silfri Egils 26. mars sl. 2004 Athygli vakti, að í því viðtali talaði Steingrímur eins og jafnaðarmaður. Hann gagnrýndi það, að velferðarkerfið hefði þurft að láta undan síga í tíð núverandi stjórnarflokka. Hann kvað nauðsynlegt að efla velferðarkerfið. Nefndi hann í því sambandi heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Hvort tveggja þyrfti að efla. Hann gagnrýndi niðurskurðinn til Landspítala háskólasjúkrahúss og kvað það alrangt að Íslendingar eyddu of miklu í heilbrigðiskerfið. Þá kvaðst Steingrímur vera andvígur skólagjöldum. Hann kvað alla, án tillits til efnahags, þurfa að eiga möguleika á námi við Háskóla Íslands.

Steingrímur sagði þá, að óhjákvæmilegt hefði verið að hefja einkavæðingu og ekki taldi hann meiri fákeppni nú en áður nema síður væri. Ekki væri því þörf á sérstökum ráðstöfunum gegn fákeppni. Hins vegar gagnrýndi Steingrímur harðlega græðgisstefnuna. Hún hefði gengið út í öfgar. Hann kvaðst sakna þess, að bankarnir sinntu þjónustuhlutverki við almenning og fyrirtæki eins og áður hefði verið. Nú væru bankarnir teknir að ráðskast með atvinnufyrirtækin og farin að búta þau í sundur. Það væri ekki hlutverk þeirra. Kvaðst hann sammála gagnrýni Árna Magnússonar í því efni.

Steingrímur gagnrýndi innrásina í Írak harðlega í viðtalinu 26. mars 2004 og sérstaklega gagnrýndi hann, að íslensk stjórnvöld skyldu styðja hana. Hann sagði, að það væru í gangi átök milli tveggja menningarheima, bókstafstrúarmanna múslima og bókstafstrúarmanna vestrænna landa eins og Bush. Innrásin í Írak hefði gert illt verra. Það væri verra ástandið í heiminum í dag en fyrir innrásina og verra ástand í dag en eftir að Berlínarmúrinn féll. ■

## AF NETINU

### Dauðinn bankar upp á

Á fundi hjá leiðandi fyrirtæki í Borgarnesi sat þvalur stjórnarmaður með skýrslu varðandi afkomu fyrirtækisins síðustu þrjá mánuði. Aðrir fundarmenn biðu með öndina í hálsinum, það var hægt að skera andrúmsloftið með hníf. Þá grunaði hvað var í gangi en enginn þorði að hreyfa legg né lið. Stjórnarmaðurinn andvarpaði: „Herrar mínir, ég hef slæmar fréttir að færa.“, ófáar svitaperlur spruttu fram á lífsreyndum ennum, mörkuðum af árum og sveiflum í hagkerfinu, „þessi sífelldi dauði er að gera útaf við okkur! Við neyðumst til að grípa í taumana. Það er ekki hægt að sitja undir þessari bölvun mikið lengur. Hagur okkar allra er í húfi.“

**Jón Þór Pétursson á kistan.is**

### Selja! Selja! Selja!

Þegar bankastjórar, forsætisráðherra og fjármálaráðherra koma fram og segja að allt sé í himnalagi, þá bendir það auðvitað ekki til annars en að eitthvað sé í ólagi. Svona reyna þeir að sefa óróann á mörkuðum, en auka þess í stað á taugaveiklunina til muna. Litlu fjárfestarnir flýta sér í símann. Nú í febrúarlok var verðbréfamarkaðurinn íslenski búinn að taka út alla hækkun sem hafði verið spáð fyrir árið. Sérstaklega hafði verið passað upp á að sprengja upp verð í fyrirtækjum eins og FL-grúppunni, í von (jafnvel vissu) um að síðar kæmu einhverjir sem væru nógu vitlausir til að kaupa á hinu fáránlega gengi. Þetta er alþekkt í hlutabréfaviðskiptum og heitir meirafíflskenningin. Byggir á að alltaf sé til meira fífl en maður sjálfur til að kaupa draslið. En þegar maður heyrir bankastjórana, Halldór og Árna Matt reyna að lægja öldurnar dettur manni bara eitt í hug – SELJA! SELJA! SELJA!

**Egill Helgason á visir.is**

### Vandi aldraðra

Og hver er þá vandi aldraðra? Fyrsta vísbending er að vandi aldraðra er ekki heilbrigðisvandi og heilbrigðisráðherra er jafnvel sísta manneskjan til að leysa hann. Önnur vísbending er að hann verður ekki leystur með því að öldrunariðnaðurinn innleiði nýtt kerfi til að „meta hjúkrunarþyngd“. Þriðja vísbending er að enginn þeirra stjórnmálamanna sem segist vilja ráða bót á vanda aldraðra hefur opinberlega sagt hver vandinn er. Svarið er einfaldlega það að aldraðir eiga ekki pening. Þeir eru skítblankir.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Hagsmunir hverju sinni

Svo langt er þessi flokkur [Framsóknarflokkurinn] sem einu sinni hafði samvinnuhugsjón kominn af leið að það er kallaður kommúnismi og rússneskar hugmyndir að vatn sé sameign mannkyns en ekki einstakra fjárfesta. Þetta endurspeglar kannski betur en margt annað og á táknrænan hátt að það er ekki lengur neinn hugmyndalegur grundvöllur sem framsóknarflokkurinn byggir á. Það er ekki lengur skoðun eða lífsafstaða sem hann endurspeglar því honum finnst ekkert annað en hagsmununum hentar hverju sinni. Kannski það sé ástæðan fyrir því að góðir og gegnir framsóknarmenn hafa á síðustu árum, þúsundum saman, snúið við honum baki og þeir sem einhverra annarra kosta eiga völ kjósa sér annan starfsvettvang.

**Helgi Hjörvar á helgi.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





HEILBRIGÐUR ÚTBOÐSMARKAÐUR?

Ráðstefna SI á stórsýningunni Verk og vit 2006
fimmtudaginn 16. mars frá 14:00 til 16:30

SI efna til ráðstefnu um útboðsmál við verklegar framkvæmdir fimmtudaginn 16. mars á stórsýningunni Verk og vit 2006 í nýju Íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal.

Ráðstefnan hefst kl. 14:00 í sal-1 og stendur til 16:30. Hún er öllum opin og aðgangur ókeypis en tekið er við skráningum á www.si.is.

Dagskrá:


Setning ráðstefnu
Þorsteinn Víglundsson, stjórnarmaður í SI og ráðstefnustjóri


Lausn ágreiningsmála
Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur SI


Ábyrgðir í mannvirkjagerð
Erlendur Gíslason, hrl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu


Útboðsskilmálar
Kolbeinn Kolbeinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks hf.


Útboðsgögn - tæknilegar lýsingar
Haukur Magnússon, framkvæmdastjóri tæknisviðs ÍAV hf.


Viðhorf eftirlitsaðila
Mikael J. Traustason, Fjölhönnun ehf. verkfræðistofu

Að ráðstefnu lokinni bjóða SI gestum að vera við opnun sýningarinnar Verk og vit 2006 kl. 16:30

Skráning fer fram á www.si.is

SI
Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

# VELGENGNI ER AÐ VITA HVAÐ SKIPTIR MÁLI

**Velgengni birtist í ýmsum myndum og á öllum sviðum mannlífsins. Hún kemur fram í smæstu hlutum og þeim stærstu. Ólíkir einstaklingar hafa mismunandi viðhorf til þess hvað skiptir mestu máli í lífinu. En öll viljum við njóta velgengni.**

**Velgengni í fjármálum getur lagt grunninn að farsæld á öðrum sviðum og gert þér kleift að njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Þá skiptir máli að hafa traustan og snjallan samstarfsaðila sem beitir öllum sínum hyggindum til að tryggja hag þinn. Samstarfsaðila á borð við Glitni.**

## FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

*Íslandsbanki og 7 dótturfyrirtæki og starfsstöðvar heima og erlendis hafa sameinast undir einu nafni – Glitnir. Samræmd ásýnd mun auðvelda okkur að skapa fleiri tækifæri fyrir viðskiptavini okkar.*




GLITNIR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**TOMMY COOPER (1921-1984) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Konan mín og ég giftum okkur á klósettinu. Það var hagkvæmnishjónaband.“*

*Breski gamanleikarinn Tommy Cooper dó úr hlátri í bókstaflegri merkingu á sviði í London.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 15. MARS 44 FYRIR KRIST

# *Júlíus Sesar stunginn til bana*

Þennan dag árið 44 fyrir Krist er talið að Gajus Júlíus Sesar hafi verið ráðinn af dögum. Um sextíu manns tóku þátt að samsærinu um að myrða hann en tilgangurinn var að endurreisa gamla rómverska lýðveldið.

Árið 63 f. Kr. var Sesar kjörinn pontifex maximus, eða æðsti prestur Rómar, og síðar gerður að landstjóra á Spáni. Þegar hann flutti aftur til Rómar sóttist hann eftir embætti konsúls. Tveir gegndu embætti konsúls í einu, eitt ár í senn. Konsúlar réðu yfir hernum, öldungadeildinni, framvæmdavaldinu og utanríkismálum. Sesar myndaði bandalag, þrímenningastjórnina fyrri, með Pompeiusi og Crassusi, ríkasta manni Rómar, og var kjörinn konsúll árið 59 f. Kr.



JÚLÍUS SESAR

Undir stjórn Sesars þandist rómverska ríkið út sem og orðstír hans sjálfs. Fljótlega sló þó í brýnu milli hans og Pompeiusar og slitu félagarnir bandalagi sínu árið 53 f. Kr. Fjórum árum síðar fóru þeir í stríð hvor við annan sem lauk með sigri Sesars hálfu öðru ári seinna. Árið 45 f.Kr., eða ári fyrir lát Sesars, lét hann svo tryggja sér embætti konsúls og einvalds Rómar til lífstíðar. Þessi ákvörðun kallaði á reiði þeirra sem síðar reyndu að ráða hann af dögum. Ætlanir þeirra um endurreisn lýðveldisins í Róm gengu ekki eftir því við lát Sesars komst frændi hans Sesars, Oktavíus, síðar þekktur sem Ágústus keisari, til valda.

## MERKISATBURÐIR

**1820** Maine verður 23. ríki ríkjanna.

**1905** Bæjarsíminn í Reykja tekur til starfa með leikið er á fiðlu í sím Þá voru einungis fim símar tengdir.

**1953** Þjóðvarnarflokkur Ísla stofnaður en aðalba mál hans var brotth varnarliðsins.

**1962** Frost mælist -33°c í M dal á Fjöllum en síð frostaveturinn mikla hafði aldrei mælst s mikið frost.

**1983** Farþegaþota frá Arnar lendir næstum því í við herflugvél skamm utan Vestmannaeyja



*Innilegar þakkir til þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Jónssonar**

vélfræðings, Dalbraut 20, Reykjavík.

**Ingunn Erla Stefánsdóttir**
**Jón Örn Guðmundsson**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir** **Eiríkur Þorgeirsson**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir** **Sigurður Torfi Jónsson**
**Stefán Már Guðmundsson**
**Guðmundur Ingi Guðmundsson** **Anna Margrét Björgvinsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vilhjálmur Árnason**

hæstaréttarlögmaður,

lést miðvikudaginn 8. mars. Útförin verður gerð frá Langholtskirkju, föstudaginn 17. mars kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Skálatúnsheimilið njóta þess.

**Sigríður Ingimarsdóttir**
**Guðrún Vilhjálmsdóttir** **Pétur Björnsson**
**Árni Vilhjálmsson** **Vigdís Einarsdóttir**
**Guðbjörg Vilhjálmsdóttir** **Torfi H. Tulinius**
**Arinbjörn Vilhjálmsson** **Margrét Þorsteinsdóttir**
**Þórhallur Vilhjálmsson** **Glenn Barkan**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## SÉRA SIGURÐUR JÓNSSON: TEKUR VIÐ ÁSPRESTAKALLI

# Situr í Odda fram í fardaga

Nýtt starf og nýtt líf bíður séra Sigurðar Jónssonar sem nýverið var skipaður prestur í Áskirkju í Reykjavík. Hann hlakkar mikið til að takast á við nýtt verkefni þótt nokkur tregi fylgi því að yfirgefa Oddaprestakall á Rangárvöllum sem hann hefur þjónað undanfarin ár. „Talsvert miklar breytingar verða á högum mínum þar sem ég hef verið búsettur hérna í Odda síðastliðin fimmtán ár,“ segir Sigurður. Starfið verður líka ólíkt enda er Ásprestakall fjórum sinnum fjölmennara en Oddaprestakall. „Helstu viðbrigðin gagnvart starfinu verða þó sú að nú verður allt safnaðarstarf á einum stað,“ segir hann og útskýrir að undanfarið hafi hann þjónað þremur sóknum með þremur kirkjum og haft þar að auki starfsstöð á fjórða staðnum.

Sigurður býst einnig við breytingum sem munu felast í því að þjóna í stórri borgarkirkju með öllu sem því fylgir. „Breytingin er ekki síst fólgin í því að stóru söfnuðirnir hafa meiri burði til dæmis til að halda starfsfólk. Þannig er ekki þessi sami einyrkjabragur,“ segir Sigurður. Þótt vissulega sé bara einn sóknarprestur í Áskirkju er starfsfólk í kirkjunni og söfnuðinum. Þjónustan er því dreifð á fleiri hendur en í sveitinni þar sem fleiri þættir kirkjustarfsins koma í hlut prestsins,“ segir hann

„Ég er úr Borgarfirði en var bæði í framhaldsskóla og háskóla búsettur í Reykjavík eða alls í tíu ár,“ segir Sigurður aðspurður um hvort hann hafi kynnst dvölinni á mölinni. „Þó svo að fyrir átján árum þegar ég lauk námi hafi verið kærkomin tilbreyting að fara út á land þá held ég að sama skapi verði flutningurinn góð breyting. Ég ætla að reyna að njóta þess sem borgin hefur upp á að bjóða fyrir utan þetta starf sem ég er að taka við og heillar mig mikið.“ Þótt Sigurður hafi ekki bein tengsl inn í söfnuðinn og aldrei búið í sókninni talar hann um að í söfnuðinum sé eftirtektarvert starf. „Í kirkjunni sé ég fyrst og fremst gróinn og vel ræktaðan söfnuð sem ég hlakka til að fá að þjóna og taka þátt í starfinu með,“ segir hann. „Það sýnir líka dug safnaðarins og fegurðina við hann hvað hann hefur komið sér upp fallegri kirkju.“

Ekki er enn ákveðið hvenær Sigurður tekur við Ásprestakalli. „Ég er auðvitað á fleygiferð í mínum söfnuði,“ segir hann. Fermingar eru í Oddaprestakalli fram í júní, yngsta Sigurðar í skóla og kona hans í að ógleymdum sauðburðinum. býst við að hefja störf fimmtánd svo að mögulegt sé fyrir hann a öllu sómasamlega af sér til nýs í Odda. „Þannig fylgi ég hinni venju sveitaprestanna að sitja fardaga,“ segir hann.

Fyrsta verk Sigurðar í nýrri verður innsetningin og svo tek aðlögunartími í nýju starfi. „S eru nú rólegur tími í kirkjunni get nýtt hann vel í að undirbúa inn,“ segir Sigurður. „En allra þarf ég að kynnast samstarfsfó kirkjunni.“



**SÉRA SIGURÐUR JÓNSSON** Hlakkar til að starfa með grónum söfnuði í Áskirkju. Hann vill þó fy gamalli hefð sveitapresta og sitja fram í fardaga til að geta lokið fermingum og sauðburði í Od

FRÉTTABL



*Okkar ástkæri*

**Kristján Þórðarson**

loftskeytamaður, Miðvangi 1, Hafnarfirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi laugardaginn 11. mars, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 17. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga (FAAS).

**Sigrún Sigurðardóttir**
**Gunnar Kristjánsson** **Ingigerður Sigurgeirsdóttir**
**Rósa Kristjánsdóttir** **Benedikt Kristjánsson**
**Fjóla Kristjánsdóttir** **Jón Trausti Harðarson**
**Kristján Kristjánsson** **Borghildur Kjartansdóttir**
**Reynir Kristjánsson** **Soffía Helgadóttir**
**Guðrún Bríet Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

## ANDLÁT

**Theodóra Þuríður Kristinsdóttir**, frá Vestmannaeyjum, Borgarheiði 9v, Hveragerði, lést á heimili sínu laugardaginn 4. mars.

**Kristinn Richardsson**, Sunnuvegi 15, lést á hjartadeild Landspítalans aðfaranótt mánudagsins 13. mars.

**Elísabet Pétursdóttir**, áður Langholtsvegi 150, síðast til heimilis á Dalbraut 27, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 13. mars.

**Valgard Jörgensen**, málarameistari, Asparfelli 12, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 1. mars.

**Herdís Ásgeirsdóttir Matthewman**, andaðist á heimili sínu í Derby, Englandi, föstudaginn 10. mars.

**Gunnlaugur Páll Kristinsson**, Víðilundi 20, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 10. mars.

**Sigtryggur Jósefsson**, Breiðumýri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 12. mars.

**Guðmann Skæringsson**, Suðurbraut 2a, Hafnarfirði, lést á heimili sínu aðfaranótt mánudagsins 13. mars.

**Steinunn Pálsdóttir**, Sigtúni 29, Reykjavík, andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli aðfaranótt sunnudagsins 12. mars.

**Aðalheiður Þorsteinsdótt** Litlu-Tungu í Holtum, Græn 2, Selfossi, lést á Landspíta Fossvogi föstudaginn 10. m

**Ásrún Þórhallsdóttir**, Slétt 23, Hafnarfirði, lést á Hrafn Hafnarfirði sunnudaginn 12

**María Ingibjörg Guðnadó** Ásgarði 24a, Reykjavík, er l

## JARÐARFARIR

13.00 **Einar J. Gíslason**, bi stjóri, Ásvegi 16, Rey verður jarðsunginn f Áskirkju.

15.00 **Magnús Heimir Gís** Granaskjóli 80, Reyk verður jarðsunginn f Neskirkju.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kolbrún Diego**

Bergþórugötu 3, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 3. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 16. mars kl. 15.00.

**Valtýr Diego** **Helena Kr. Hrafnkelsdóttir**
**Svanhildur Auður Diego**
**Eysteinn Vignir Diego** **Alda Hanna Hauksdóttir**
**Friðrik Agnar Diego** **Inga Hrönn Sveinsdóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okk*

**Böðvar G. Baldursson**

Smárarima 74, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 8. mars. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju föstudaginn 17. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er be Krabbameinsfélag Íslands.

**Gerður Jensdóttir**
**Grétar Böðvarsson**
**Signý Marta Böðvarsdóttir**
**og Haukur Böðvarsson.**

Tvöfaldur pottur 2

# 200 milljónir

100 + 100
1. vinningur

Bónus-vinningur
7 milljónir

# Lífið er lotterí - taktu þátt í því!

**Treystu á lukkuna og kauptu þér miða á næsta sölustað.**

Potturinn stefnir í 100 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 100 milljónir
og bónusvinningurinn í 7 milljónir.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Vertu með fyrir kl. 17.

ENNEMM / SIA / NM20906






# STUÐ MILLI STRÍÐA Hí á þig varaþurrkur

**STEINÞÓR HELGI** ARNSTEINSSON HEFUR KVEÐIÐ NIÐUR VARASALVADRAUGINN.



Sú var tíðin að vinir mínir gátu treyst á fernt í sambandi við mig; þeir gátu alltaf spurt mig ef þeir þurftu að vita um einhverja höfuðborg, ég átti aldrei pening en var samt alltaf tilbúinn í að eyða honum, ég var alltaf tilbúinn að fá mér í aðra tána ef þeir nauðuðu nógu mikið í mér og þeir gátu ALLTAF verið viss um að ég hafði varasalva í fórum mínum. Ef ég hefði ekki varsalva á mér þá mundi ég hvort sem er bera þess merki eftir um klukkutíma. Þá gat ég vanalega ekki opnað á mér munninn og leit oftast út eins og trúður, með varirnar lengst út á kinn. Frá því að ég var tólf ára gamall hafði ég alltaf varasalva í vasanum, enda svo illa háður honum að ég hefði valið hann fram yfir föt.

Fyrir stuttu síðan sagði ég hins vegar hingað og ekki lengra, nú er komið nóg! Ég henti þess vegna öllum Blistex og Labello varasölvunum mínum og einnig brjóstasmyrslinu. Ég ætlaði að verða „náttúrulegur“ að nýju. Næstu vikurnar voru hins vegar helvíti. Varirnar á mér litu út eins og skotgrafir fyrri heimsstyrjaldarinnar. Úr skotgröfunum fossaði blóð og þær urðu alltaf dýpri og dýpri. Hins vegar var ekki lengi tíðindalaust á vesturvígstöðvunum. Vopnum tók að fækka í hersetuliðinu og brátt hurfu skotgrafirnar með vi vatni. Brátt var óvinurinn á ég hafði unnið fullnaðarsig stjórna ég svæðinu, deili og d (divide et impera). Inni á hefur varaþurrkurinn látið kræla en þá skelli ég einung sterakremi á svæðið og þurr hverfur jafnharðan. Ég er orðinn minn eigin herra.

Ég held samt að þessi fo draugur muni ávallt fylgja m er jú einu sinni með exem. samt ánægður með að hafa mig við þess varasalvafík verð ég að vona að ég geti til móts við varasalvaþarfi minna með því að segja þe höfuðborgin á Madagaskar s ananarivo.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Bor




## Pú og pa

Efti




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDo




## Barnalán

Eftir Kirkman/



# Verður Travolta J.R.?

Orðrómur er uppi um að John Travolta, Jennifer Lopez, Shirley Maclaine og Owen Wilson muni leika í kvikmyndinni Dallas sem verður byggð á sjónvarpsþáttunumm vinsælu.

Ef orðrómurinn reynist réttur mun Travolta fara með hlutverk illmennisins J.R. Ewing, Lopez mun leika drykkfellda eiginkonu hans Sue Ellen, Maclaine mun leika móður hans Miss Ellie og Owen Wilson fer með hlutverk bróður hans Bobby Ewing.

Wilson er sagður sá eini sem er þegar byrjaður í samningaviðræðum vegna hlutverksins. Leikstjóri myndarinnar verður Robert Luketic, sem áður hefur m.a. sent frá sér Legally Blonde og Monster-in-Law.



**JOHN TRAVOLTA** Orðrómur er uppi um að John Travolta muni leika J.R. Ewing í kvikmyndinni Dallas.

# Tónleikaplata frá Springsteen

Tónleikaplatan tvöfalda Hammersmith Odeon Live ´75 með „stjóranum“ Bruce Springsteen er komin út.

Á plötunni eru upptökur frá tónleikum Bruce Springsteen og E-Street Band í Hammersmith Odeon í London hinn 18. nóvember 1975. Þessar upptökur hafa aldrei komið út á geislaplötu áður.

Þeir sem upplifðu þessa tónleika telja þá með þeim bestu sem Bruce og félagar hafa spilað á, sökum þess hve andrúmsloftið var magnþrungið.

Meðal laga sem þeir tóku þetta kvöld voru Spirit In the Night, Born to Run, The E Street Shuffle, Thunder Road, Jungleland, Rosalita (Come Out Tonight) og Quarter to Three.

Hinn 24. apríl er síðan væntanleg tuttugasta hljóðversplatan frá Springsteen, sem nefnist We Shall Overcome: The Seeger Sessions. Platan inniheldur þrettán lög í þjóðlagastíl eftir goðsögnina Pete Seeger, sem er komin vel á níræðisaldur. Plötunni fylgir DVD-diskur í takmörkuðu upplagi. Til að fylgja plötunni eftir ætlar Springsteen í tónleikaferð um Bandaríkin og Evrópu.



**BRUCE SPRINGSTEEN** Tónleikaplatan Hammersmith Odeon Live ´75 er komin út.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan kynþokkafulla Kylie Minogue hitti fyrir skömmu börn sem misstu foreldra sína vegna flóðanna í Asíu. Minogue, sem er að jafna sig eftir að hafa greinst með krabbamein, flaug óvænt til Sri Lanka og hitti börn í leikhópnum Children of the Sea sem var stofnaður eftir hamfarirnar. Minogue, sem hefur verið verndari leikhópsins frá stofnun hans, fór meðal annars á fílsbak með krökkunum og skemmti sér vel.



Leikkonan Sharon Stone vildi að kynlífsatriðin í Basic Instinct 2 yrðu stuðandi fyrir áhorfendur. Hvatti hún leikstjórann til að halda ekki aftur af nektinni í myndinni. Hún segir að þetta sé hugsanlega í síðasta sinn sem hún verði nakin á hvíta tjaldinu og hafi hún viljað nota tækifærið vel. „Ég vildi að hún yrði mjög karlmannleg, eins og maður í gufubaði,“ sagði Stone um aðalpersónuna.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

12 13 14 **15** 16 17 18

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 12.30 **Gerður Bolladóttir** sópransöngkona, **Hlín Erlendsdóttir** fiðluleikari og **Sophie Schoonjans** hörpuleikari flytja þjóðlög á Háskólatónleikum í **Norræna húsinu.** Aðgangseyrir er kr. 1000, kr. 500 fyrir aldraða og öryrkja en ókeypis fyrir nemendur Háskóla Íslands.
- 20.00 **Elísabet Waage**, hörpuleikari, heldur tónleika ásamt félögum úr **CAPUT** hópnum í **Salnum** í Kópavogi. Harpan verður í aðalhlutverki og m.a. verða flutt þrjú verk sem aldrei hafa verið flutt áður á Íslandi.
- 20.00 Nemendur mið- og grunndeildar **Söngskólans í Reykjavík** flytja kammertónlist eftir Mozart í sal Söngskólans kl. 20.00. Aðgangur ókeypis.
- 21.00 **Tríó Reynis Sigurðssonar leikur** í Þjóðleikhúskjallaranum vegum Jazzklúbbsins Múlans í Reykjavík.
- 21.00 **Hermigervill**, **Ampop** og **Dikta** halda tónleika á **Ránni** í Reykjanesbæ. Gesta hljómsveitin **Koja** treður upp. Salurinn opnar klukkan 20.00 en tónleikarnir hefjast klukkan 21.00

### FYRIRLESTRAR

- 12.00 **Sigurður Gylfi Magnússon** sagnfræðingur fjallar um sjálfsbókmenntir og rannsóknargildi þeirra. Erindið flytur Sigurður á vegum **Félagsvísindatorgs Háskólans á Akureyri**, í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



# JPV selur bækur fyrir metfé

JPV útgáfa hefur gengið frá samningum um útgáfu á Öxinni og jörðinni eftir Ólaf Gunnarsson í Þýskalandi. Þá hefur forlagið einnig selt útgáfuréttinn á glæpasögunni Tíma nornarinnar, eftir Árna Þórarinsson, til Hollands. Samningarnir náðust á bókamessunni í London en Jóhann Páll Valdimarsson segist hafa gert óvenjugóða ferð á messuna að þessu sinni.

„Það er yfirleitt ekki mikið um að samningar séu gerðir á staðnum á þessum stóru bókamessum. Maður er meira að kynna tiltekna höfunda og bækur sem menn taka svo til skoðunar í framhaldinu. Það er svo allur gangur á því hvað kemur út úr því,“ segir Jóhann Páll.


JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON

„Það er því mjög skemmtilegt að okkur hafi tekist að ganga frá góðum samningum á staðnum auk þess sem margt annað er í farvatninu sem líklegt er að ljúki með útgáfusamningum.“ Jóhann Páll seldi einnig réttinn á Svaninum eftir Guðberg Bergsson til Hollands og er vongóður um að verk Steinunnar Ólínu og Þráins Bertelssonar verði prentuð erlendis áður en langt um líður.

„Það er mjög líklegt að fleiri samningar komi út úr þessu og þeir útgefendur sem ég ræddi við sýndu Þráni mikinn áhuga.“ Jóhann Páll segir útgefendur mjög áhugasama um Ísland og það sem hér er að gerast. „Það er einfaldlega staðreynd að þær bækur sem íslenskir rithöfundar eru að skrifa standast samanburð við það besta sem verið er að skrifa úti í hinum stóra heimi. Ef svo væri ekki hefði þessi bylgja fjarað út fyrir löngu en við erum alltaf að fá meiri athygli og gerum betri og stærri samninga en nokkru sinni fyrr.“

Jóhann Páll nefnir í þessu sambandi Tíma nornarinnar, en hann segir að hann sé að selja fyrir hærri upphæðir en áður hafi sést í þessum geira. „Það má segja svipaða sögu af Öxinni og jörðinni en það gleður mig mest í hversu góðar hendur þessar bækur eru að komast. Áður fyrr kepptust íslenskir útgefendur einfaldlega við að selja bækur sínar til útlanda en nú erum við einfaldlega farnir að gera upp á milli útgefenda og leggjum áherslu á að ná sem hagstæðustum samningum við bestu útgefendurna. Það borgar sig oft að hinkra og freista þess að ná samningum við öflugri útgefendur.“

Jóhann Páll segist hafa búið sig vel undir messuna í London og uppskeran hafi verið eftir því. „Ég hef aldrei haft jafn góða ástæðu til þess að vera fullur sjálfsöryggis á þessum markaði.“





IÐNÓ

*Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir leikritið*

**GLÆPIR OG GÓÐVERK**

**Byggð á verki Antons Delmer, "Don´t utter a note"**
**Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson**
**leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir**

**Sýningar í IÐNÓ**

**10. sýning mið. 15. mars** kl. 14.00
**11. sýning sun. 19. mars** kl. 14.00
**12. sýning mið. 22. mars** kl. 14.00
**13. sýning mið. 26. mars** kl. 14.00
Sýningar eru miðvikudaga og sunnudaga kl. 14.00

**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700 og við innganginn**
**www.midi.is**
**Miðaverð kr. 1.200**










**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning fim. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

GLITNIR

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

**HIMNARÍKI**
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

## SÍÐUSTU SÝNINGAR Á HIMNARÍKI

Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
*Síðasta sýning.*

## VIÐTALIÐ

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is




**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




Lyf & heilsa
**Við hlustum!**

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð · Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

fjörið ...
# Fólk
folk@frettabladid.is

# Nökkvi er varðhundur varahlutann

**Þýski fjárhundurinn Nökkvi gætir bílaportsins hjá varahlutaþjónustu Vöku dag og nótt og sér til þess að fingralangir menn komist ekki í stuðara, púströr og aðra varahluti.**

Nökkvi er sextán mánaða gamall og hefur vaktað bílaportið hjá Vöku á Eldshöfða undanfarna fjóra mánuði. Starfsmennirnir bera honum vel söguna og segja hann vera hvers manns hugljúfa en vei þeim sem fer inn í portið í leyfisleysi, því Nökkvi lætur boðflennur óhikað fá það óþvegið. „Þótt það sé þriggja og hálfs metra hár veggur í kringum svæðið var ekki óalgengt að menn neyttu færis í skjóli nætur og reyndu annað hvort að klifra yfir eða grafa sig undir girðinguna til að stela varahlutum,“ segir Ingvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vöku. Síðan Nökkvi kom hafa gripdeildir hins vegar snarminnkað. „Við erum með myndbandsupptökur þar sem við sjáum menn keyra upp að girðingu og ætla greinilega að príla yfir. Þeir flýja hins vegar í skyndingu þegar þeir sjá Nökkva, svo það fer ekki á milli mála að hann gerir mikið gagn.“

Að sögn Ingvars hefur það færst í vöxt að fyrirtæki sem eru með stór bílaport fái sér varðhunda, bæði þýska fjárhunda og Dobermann, og veit hann ekki betur en að það gefist vel.



**NÖKKVI OG INGVAR** Nökkvi er sextán mánaða gamall og nær ekki fullum vexti fyrr en um tveggja ára aldur. Þá mega rummungar s verða á vegi hans biðja bænirnar sínar. FRÉTTABL

Nökkvi býr í upphituðum kofa í portinu og gengur um frjáls dag og nótt. Þótt hann sé þegar orðinn mikill að vexti verður hann ekki fullvaxinn fyrr en um tveggja ára aldur. „Þetta er hálfgerður unglingur ennþá og dálítil hvolpalæti í honum. Það fer þó að styttast í það að hann nái fullum kröftum, en þeir verða gríðarlega sterkir fullvaxnir.“

Portið hjá Vöku er um 4.000 fermetrar að flatarmáli þannig að Nökkvi er frjálsari en flestir hundar á landinu, en Ingvar pas hann fái stundum félagsska arra fjórfætlinga. „Ég fer lega með hann á Geirsnef þa hann getur blandað geði vi hunda. Honum finnst það ro gaman.“

**bergsteinn@fretta**



**ROGER WATERS** Fyrrum liðsmaður Pink Floyd heldur tónleika í Egilshöll 12. júní.

# Miðasala að hefjast

Miðasala á tónleika Rogers Waters, fyrrum forsprakka Pink Floyd, sem verða í Egilshöll 12. júní, hefst í dag.

Á fyrri hluta tónleikanna spilar Waters hluta af plötunni The Wall en á þeim síðari er svo röðin komin að plötunni The Dark Side of the Moon frá upphafi til enda.

Miðasalan hefst klukkan 10.00 og fer fram á midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík og í BT á Akureyri og Selfossi. Miðaverð er 8.900 á svæði A og 7.900 á svæði B, auk miðagjalds.

Þess má geta að miðar á tónleika Roger Waters í Noregi seldust upp á aðeins átján mínútum. ■



**MÆTT Á STAÐINN** Þóra Þorsteinsdóttir, Ólafía Svansdóttir, Hjörtur Einarsson og Jóhanna Kampenaar voru öll mætt til að sjá sænska trúbadorinn.



**JOSÉ GONZÁLEZ** Sænski trúbadorinn, sem er ættaður frá Argentínu, hélt sína aðra t hér á landi í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/A

# González stóð fyrir sínu

Sænski trúbadorinn José González, sem nýtur sívaxandi vinsælda um þessar mundir, hélt mjög vel heppnaða tónleika á Nasa í fyrrakvöld. Þetta voru aðrir tónleikar González hér á landi en síðast spilaði hann á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í október í Þjóðleikhúskjallaranum. Komust þá mun færri að en vildu. Siggi Ármann, sem gaf nýverið út plötuna Music for the Addicted, hitaði upp fyrir González. Var góður rómur gerður að leik þeirra beggja. ■



**BROSANDI Á TÓNLEIKUM** Þau Bjarni, Gerður og Sigrún brostu sínu breiðasta á tónleikunum.



**SIGGI ÁRMANN** Einlægi trúbadorinn gaf út plötu fyrir síðustu jól hitaði u González.



**EFTIRVÆNTING** Eftirvæntingin skein augum þeirra Davíðs, Svanhvítar og rúnar skömmu fyrir tónleikana.


Ummmm ...
TVÖFALDUR
OSTBORGARI
Brakandi ferskur í dúnmjúku sesambrauði.
Tvöfaldur borgari, tvöföld ánægja.

BURGER KING
ÞITT ER VALIÐ
SMÁRALIND • ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA • ESSO FOSSVOGI

# Zeta-Jones þóttist vera tvífari

Kvikmyndastjörnur eru tilbúnar að ganga langt til að búa sig undir hlutverk sín. Catherine Zeta-Jones hefur nú stritað myrkranna á milli við að bera fram mat á veitingastað í New York og reyndi sig einnig við matseld ofan í gesti staðarins.

Þetta er hluti af rannsóknarvinnu leikkonunnar í undirbúningi fyrir hlutverk matreiðslumeistara í mynd Scott Hicks, Mostly Martha, sem nú er í framleiðslu. Þegar gestir veitingastaðarins bentu henni á hversu lík hún væri kvikmyndastjörninni sagðist hún oft fá að heyra þetta.



**CATHERINE ZETA-JONES** er sjálfri sér lík.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Stone vill ógnandi og truflandi nekt

Sharon Stone krafðist þess að nektaratriðið í Basic Instinct 2 gæfi hinu fræga glennuatriði úr fyrri myndinn ekkert eftir í djarfleika.

Samkvæmt fréttavef NBC mun ræman hefjast á kynlífsatriði en sjálf allsherjarberunin verður ekki fyrr en tveir þriðju hlutar myndarinnar verða liðnir. „Mér fannst við þurfa að geyma kviknektina þar til nokkuð væri liðið á myndina en þá mun hún líka skella á áhorfendum, truflandi og ógnandi í senn," sagði Sharon í viðtali við Lundúnablaðið Evening Standard.

Nokkuð er síðan Sharon hefur berað sig á hvíta tjaldinu og eflaust bíða margar spenntir en fjórtán ár eru síðan fyrri myndin kom út. Basic Instinct 2 verður tekin til sýninga í kvikmyndahúsum vestanhafs seinna í mánuðinum.



**BATNANDI FÓLKI ER BEST AÐ LIFA** Sharon vill toppa eigið nektaratriði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stór nöfn úr tónlistarheiminum, þar á meðal Black Sabbath, Blondie, Lynyrd Skynyrd, Sex Pistols og Miles Davis, voru innvígð í frægðarhöll rokksins í New York. Rokkararnir í Metallica afhentu Ozzy Osbourne og félögum í Black Sabbath verðlaunin. Tóku þeir síðan tvö lög með sveitinni, Hole in the Sky og Iron Man, við mikinn fögnuð viðstaddra.



Leikkonan Nicole Kidman ætlar að giftast kántrísöngvaranum Keith Urban í heimabæ hans Nashville í júní. Þau ætluðu upphaflega að ganga upp að altarinu í Sydney í Ástralíu síðar í þessum mánuði. Hættu þau við athöfnina vegna allrar athyglinnar sem hún fékk í heimalandi Kidman.



Orðrómur er uppi um að leikkonan Charlize Theron sé hætt með leikaranum Stuart Townsend. Ástæðan er sögð vera miklar annir hjá þeim. Þau Theron og Townsend hafa verið saman í fimm ár.



Isaac Hayes er hættur að tala fyrir kokkinn í teiknimyndunum South Park vegna þess að grín var gert að vísindakirkjunni í einum þáttanna. Í þættinum, sem heitir „Fastur í skápnum" er Tom Cruise sýndur inni í skáp og er hvattur til að koma út úr honum. Hayes telur að ekki eigi að gera grín að trúarbrögðum í sjónvarpi og því ákvað hann að hætta.



Leikarinn Macaulay Culkin hefur þverneitað að eiga við fíkniefnavanda að stríða. Culkin var handtekinn fyrir tveimur árum með maríjúana í fórum sér en segist eingöngu reykja gras af og til. Culkin, sem er 25 ára, sló í gegn í tveimur Home Alone-myndum á sínum tíma en má muna fífil sinn fegri í kvikmyndaborginni.










# Varað við ljósabekkjanotkun

Hafin er herferð á vegum Félags íslenskra húðlækna, Geislavarna ríkisins, Krabbameinsfélagsins og Landlæknisembættisins þar sem varað er við ljósabekkjanotkun fermingarbarna.

Þetta er þriðja árið sem þessir aðilar standa saman að fræðsluherferð undir slagorðinu „Hættan er ljós“.

Í herferðinni er vakin athygli á því að börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól. Bent er á að tíðni húðkrabbameins hafi aukist mikið á síðustu árum, einkum tíðni svonefndra sortuæxla, en þau eru alvarlegasta tegund húðkrabbameins og algengasta tegund krabbameins hjá konum á aldrinum 15 til 34 ára. Að meðaltali greinast 45 manns á ári með sortuæxli í húð, 45 með önnur húðæxli og um 170 manns með svonefnd grunnfrumuæxli í húð. Tíðni húðæxla í heild hefur tvöfaldast á síðustu tíu árum.

Í kjölfar fræðsluherferðanna síðustu tvö ár hefur dregið verulega úr ljósabekkjanotkun ungs fólks og nokkrar sveitarstjórnir hafa hætt að bjóða upp á sólböð í ljósabekkjum í íþróttamannvirkjum sínum.




**HERFERÐIN** Á veggspjaldi vegna herferðarinnar er kaffibrúnum fermingarbörnum stillt upp.

# Moby gefur út DVD-disk

Tónlistarmaðurinn Moby hefur gefið út DVD-mynddiskinn Live - The Hotel Tour 2005. Diskurinn hefur að geyma lög úr tónleikaferð Moby um heiminn frá síðasta ári, þar á meðal Why Does My Heart Feel So Bad?, Porcelain og We Are All Made of Stars.

Þar eru einnig tvær heimildarmyndir. Sú fyrri heitir Little Movie #1 og fylgir Moby á tónleikaferðinni en hin, Mr. Fish, er brúðumynd með Mr. Fish í aðalhlutverki sem syngur sínar útgáfur af lögum Moby.

Með mynddisknum fylgja einnig fimm myndbönd og geisladiskur með endurhljóðblönduðum lögum af síðustu plötu Moby, Hotel.



**MOBY** Tónlistarmaðurinn Moby hefur gefið út DVD-mynddisk með lögum úr Hoteltónleikaferðinni.

# Afslappandi plata

**[UMFJÖLLUN]**
**TÓNLIST**

Blindfold er sólóverkefni Birgis Hilmarssonar, söngvara og gítarleikara Ampop. Sú sveit hefur vakið töluverða athygli fyrir þriðju plötu sína, My Delusions.

Áður en Ampop ákvað að breytast í hreina poppsveit í anda Bítlanna og Radiohead gaf hún út tvær plötur þar sem sveimkennt tölvupoppið var í fyrirrúmi. Þessi plata frá Blindfold er mikið meira í þeim anda heldur en nokkurn tíma það sem Ampop er að gera núna.

Sleepless Nights ríður á vaðið með flottri melódíu í anda Sigur Rósar og á eftir því tekur við Daze þar sem fallegur gítarleikur ýtir laginu áfram. Yfirhöfuð er þetta mjög afslappandi plata uppfull af rólegum og fallegum lögum sem gætu þess vegna hljómað sem bakgrunnur í kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum. Sú var einmitt raunin með lagið Sleepless Nights og lokalagið flotta, Þokubörnin, sem bæði fengu að hljóma í sjónvarpsþáttaröðinni Allir litir hafsins eru kaldir. Birgir notast við hin ýmsu hljóð, sem virðast sum hver vera af sprottin frá Austurlöndum, til að krydda lögin og nær tilætluðum árangri.

Þetta er góð plata en ekki allra. Draumkennd fegurðin skín víða í gegn og festir Birgi í sessi sem öflugan sólótónlistarmann.

Freyr Bjarnason




**BLINDFOLD: BLINDFOLD**

NIÐURSTAÐA:
**Fyrsta** sólóplata Birgis Hilmarssonar úr Ampop stendur vel fyrir sínu þar sem draumkennd fegurðin skín í gegn víðast hvar.






## Englendingur til Fylkis

Fylkir fær í dag 21 árs gamlan leikmann frá Englandi til reynslu en hann heitir Tariq Khalil og kemur frá Cardiff City. Khalil hefur verið í fimm ár hjá enska 1. deildarliðinu en hann hefur spilað sextán leiki fyrir varalið félagsins á tímabilinu og skoraði í þeim sjö mörk. Hann verður hjá Fylki fram á sunnudaginn.

**sport**

sport@frettabladid.is

MIÐJUMAÐURINN HÓLMAR ÖRN RÚNARSSON: KOMINN AFTUR HEIM TIL KEFLAVÍKUR

# *Vonbrigði hjá Hólmari í Svíþjóð*



Knattspyrnukappinn Hólmar Örn Rúnarsson er kominn aftur til Keflavíkur eftir dvöl hjá sænska liðinu Trelleborg. Keflavík samþykkti tilboð frá Trelleborg í desember en Hólmar náði ekki samkomulagi við sænska liðið um samninginn. Því var hann lánaður til liðsins en Svíarnir ákváðu að slíta þeim samningi í vikunni.

„Þjálfarinn var ekki viss um að ég yrði í byrjunarliðinu á tímabilinu og þeir sögðust ekki hafa efni á því að hafa útlending hjá sér sem væri ekki öruggur með sæti í liðinu. Auk þess sögðu þeir mér að þetta væri þar sem ég tognaði aðeins í nára í leik á sunnudaginn. Það er nú viss skítalykt af því máli en þetta eru ástæðurnar sem þeir gáfu mér," sagði Hólmar Örn í gær en hann skoraði tvö mörk á leiknum áður en hann þurfti að fara út af vegna meiðsla.

Hólmar stóð sig mjög vel hjá Trelleborg þar sem hann skoraði grimmt og því kom ákvörðun liðsins honum nokkuð á óvart. „Ég gat ekki heyrt neitt annað á þeim en að þeir væru ánægðir með mig en þetta er harður heimur og svona er þetta bara. Ég varð fyrir vonbrigðum með þetta en vissulega er ekki alslæmt að koma heim og ég lít alls ekki á þetta sem svo að ég sé að koma heim með skottið á milli lappanna. Ég hlakka til að koma heim aftur og spila fyrir mitt félag, Keflavík, sem er stórhuga í sumar," sagði Hólmar, sem hafði það að sögn ágætt í Svíþjóð.

„Hvað varðar knattspyrnuna var dvölin mjög fín. Mér gekk vel í leikjunum sem ég spilaði en dvölin var ekki alveg eins og ég bjóst við. Liðið æfir klukkan fjögur á daginn þar sem það eru ekki allir atvinnumenn í liðinu og því var biðin fulllöng á daginn á tímum. Þetta var góð reynsla og það er aldrei að vita nema maður fari aftur út ef það býðst í framtíðinni," sagði Hólmar Örn að lokum.

## > Sex leikmenn framler

Eftir aðalfund knattspyrnudeildar mánudag skrifuðu sex leikmenn nýja samninga við félagið. Þeir er Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, Guðm Sævarsson, Atli Guðnason, Matth Vilhjálmsson, Róbert Örn Óskars og Árni Freyr Guðnason. Svo sannarlega góðar fréttir fyrir Íslandsmeistarana, sem eru að fá upp fullt af stórefnilegum leikmönnum sem vonandi fá að láta ljós sitt skína hjá félaginu.





**REYNIR STEFÁNSSON** Hættur vegna persónulegra ástæðna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Reynir Stefánsson:

## Hættur hjá KA

**HANDBOLTI** Reynir Stefánsson er hættur þjálfun meistaraflokks KA í handknattleik vegna persónulegra ástæðna. Sævar Árnason, leikmaður KA, mun stjórna æfingum fyrst um sinn en leit að eftirmanni Reynis er í fullum gangi og vonast stjórn KA til að finna hann sem fyrst.

Reynir óskaði þess í gær að vera leystur undan samningi og varð KA að beiðni hans. Það er gert í bróðerni en Reynir tók við þjálfun meistaraflokks KA á síðasta ári. Áður hafði hann verið aðstoðarmaður Jóhannesar Bjarnasonar við þjálfun liðsins en hann er í miklum metum hjá Akureyrarliðinu.

KA er í sjöunda sæti DHL-deildar karla en liðið tapaði síðasta leik í deildinni fyrir Fram, með tíu marka mun. - hþh

# Rúmlega sex milljóna hagnaður hjá FH-ingum

**Knattspyrnudeild FH skilaði 6,5 milljónum króna í hagnað árið 2005. Rekstrartekjur félagsins jukust um rúmar tuttugu milljónir króna á milli ára og deildin greiddi þjálfurum og leikmönnum laun fyrir um 35 milljónir króna.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH eru á fljúgandi siglingu innan sem utan vallar. Liðið hefur orðið Íslandsmeistari tvö ár í röð og á sama tíma aukast tekjur félagsins gríðarlega, sem skilar sér nú í hagnaði ár frá ári.

Í ársreikningi 2005 kemur meðal annars fram að rekstrartekjurnar hafi verið 114 milljónir króna, sem er aukning um 23 milljónir á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir var 9,1 milljón króna en hagnaður ársins var 6,5 milljónir. Árið 2004 var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir 5,7 milljónir króna og hagnaðurinn var 3,8 milljónir. Langtímaskuldir félagsins fóru úr tíu milljónum króna í 8,8 milljónir á árinu 2005.

„Við útskýrum þennan hagnað með góðum rekstri," sagði Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar. „Það eru litlar skuldir en við lítum svo á sem hinn íþróttalegi árangur félagsins sé aðalhagnaðurinn. Svo má ekki gleyma félagslega hagnaðinum en við erum með bestu stuðningsmenn landsins."

Pétur segir að helsti munurinn á rekstrinum á milli ára liggi í auglýsingastyrkjum, sem hafa aukist gríðarlega. Launagreiðslur félagsins árið 2005 voru í kringum 35 milljónir króna en undir þann lið falla launagreiðslur til þjálfara og leikmanna í meistara- og 2. flokki hjá körlum og konum.



**SÓL Í HEIÐI** Lífið leikur við FH-inga þessa dagana en þeir eru ekki bara meistarar heldur er félagið að græða verulega. Það sýnir sig því enn og aftur að árangur skilar tekjum til félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



„Það er hagnaður víða hjá okkur því fyrir utan þann hagnað sem ég hef áður nefnt er líka framkvæmdahagnaður. Við byggðum Risann til að mynda," sagði Pétur en knattspyrnudeildin á helminginn í Risanum, sem er knattspyrnuhús FH-inga. Aðrar eignir knattspyrnudeildar eru til að mynda flettiskilti og stólarnir í stúkunni.

Mikið er fram undan hjá FH á næstu árum enda á að stækka völlinn mikið þannig að hægt verði að koma 4.000 áhorfendum fyrir í sætum.

henry@frettabladid.is

Peter Matzen æfir með F

## Keflvíkingar furðu lostnir

**FÓTBOLTI** Danski varnarma Peter Matzen verður við æ hjá FH næstu dagana en han hingað til lands fyrir tilstill víkinga í febrúar. Matzen með Keflvíkingum og stóð og félagið bauð honum sa sem hann hefur enn ekki sv

„Þetta kom okkur mjög s fyrir sjónir. Við vorum b bíða eftir svari frá honum kemur þetta eins og þru heiðskíru lofti yfir okku gerðum honum tilboð en he ekkert fyrr en hann fór a með FH," sagði Rúnar Arn formaður knattspyrnud Keflavíkur, við Fréttablaðið

„Ég er meira sár út í st eða umboðsmanninn fyrir a ekki en ég hefði kannski vi staðið væri öðruvísi að þes FH. Vissulega eru þeir e gera neitt ólöglegt og hann enn komið til okkar," sagði að lokum.

Franska knattspyrnan:

## Gleymdi að fara í treyjur

**FÓTBOLTI** Ótrúlegt atvik át stað í franska boltanum um ina sem stal helstu fyrirs íþróttablaða þar í landi eftir ina. Fousseni Diawara, leik St. Etienne og landsliðs Malí, er maðurinn sem á hei að öllu saman en þegar hann þann mund að koma inn varamaður í leiknum gegn eille um helgina uppgötvað að hann var ekki í neinni ke treyju.

Til að gera langa sögu tók það liðsstjóra félagsins fimm mínútur að finna tr hans en á þeim tíma, þar s St. Etienne var skiljanlega færri, skoraði Marseille tvö og tryggði sér sigurinn í lei

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

12 13 14 **15** 16 17 18

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- ☐ 19.50 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Bein útsending frá leik **West Ham** og **Bolton.**
- ☐ 20.00 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Liverpool** og **Fulham.**
- ☐ 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- ☐ 22.35 **Formúlukvöld** á RÚV.






Einar Hólmgeirsson fer á kostum með Grosswallstadt í þýska boltanum:

# Rothöggið á EM háir mér ekk

**HANDBOLTI** Landsliðsskyttan skotfasta Einar Hólmgeirsson hefur farið mikinn með félagi sínu Grosswallstadt í síðustu leikjum og það er ekki síst frábærri frammistöðu hans að þakka að liðið er komið í áttunda sæti þýsku úrvalsdeildarinnar þar sem það berst um sæti í Evrópukeppni að ári.

„Það hefur gengið mjög vel og sem betur fer eru flest skotin að fara inn," sagði Einar hógværðin uppmáluð en hann er í 30. sæti yfir markahæstu leikmenn þýsku úrvalsdeildarinnar með 97 mörk, 4,85 að meðaltali í leik.

„Ég er búinn að æfa mjög vel sem og liðið og það er að mínu mati ástæðan fyrir þessu góða gengi. Það hafa verið mikil meiðsli í okkar herbúðum og liðið treystir því mikið á að ég klári sóknirnar," sagði Einar en hann var með ellefu mörk í síðasta leik og hefur oftar en ekki verið í kringum tíu mörkin í s leikjum.



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Var fljótur að jafna sig eftir að hafa rotast á EM og fer á kostum í þýsku úrvalsdeildinni um þessar mundir.

Öllum handknattleiksu um ætti að vera í fersku þegar Einar rotaðist illa á Sviss og varð að hætta k Blessunarlega reyndust m ekki alvarlegri en svo að missti ekki af neinum lei félagi sínu eftir EM.

„Það tók smá tíma að jaf Ég hvíldi mig í tvær og hálf Ég var að fá smá hausverk á um til að byrja með en þá hv mig bara. Þetta hvarf fljótt byrjaði ég strax að spila og h ert fundið til," sagði Eina hefur horft á atvikið frá EM en hann man ekkert eftir þv ur. „Mér fannst þetta hálfhla þegar ég sá þetta. Ég r greinilega í loftinu og dett eins og sementspoki í gólfið, Einar og hló.

## ÚR SPORTINU

Varnarmaðurinn Ólafur Tryggvason er hugsanlega á förum frá Þrótti í Reykjavík en hann hefur farið fram á verða leystur undan samningi við félagið. Ólafur lék 14 leiki með Þrótti í Landsbankadeildinni í fyrra og skoraði í þeim tvö mörk.

Rafael Benitez, stjóri Liverpool, hefur skorað á framherja sína að sýna hvers megnugir þeir eru í stað þess að þurfa að éta ofan í sig gagnrýni fjölmiðla viku eftir viku. Þeir Robbie Fowler, Fernando Morientes, Peter Crouch og Djibril Cisse hafa saman aðeins skorað eitt mark á síðustu 51 klst. sem Liverpool hefur spilað. „Ef ég væri framherji í þessari stöðu myndi ég vilja sýna fólki úr hverju ég væri gerður,“ segir Benitez, sem er vís til þess að kaupa einn eða tvo framherja í sumar.

Umboðsmaður Michael Ballack, Michael Becker, segir að skjólstæðingur sinn gæti allt eins verið búinn að skrifa undir samning áður en HM í Þýskalandi hefst í byrjun júní. Samningur Ballack við Bayern München rennur út um miðjan maí og á Becker von á því að hlutirnir gerist hratt eftir það. „Inter og Real Madrid hafa sýnt áhuga en Ballack er aðeins að ræða við Chelsea,“ segir Becker.

Michael Schumacher, þýski ökuþórinn hjá Ferrari, segir að 2. sætið sem hann hreppti í fyrsta kappakstri tímabilsins í Barein um helgina hafi verið mun betri árangur en hann átti von á. „Ef haft er í huga hversu lélegir við vorum á síðasta tímabili var árangurinn í Barein í raun ótrúlegur. Það er með ólíkindum að sjá hversu miklar framfarir hafa orðið á bílnum á einum vetri,“ segir Schumacher.

Cesc Fabregas, miðjumaður Arsenal, er ekki á förum til Real Madrid þrátt fyrir að spænska félagið hafi staðfest áhuga sinn á leikmanninum stórefnilega í síðustu viku. Að sögn umboðsmanns Fabregas er leikmaðurinn mjög ánægður í herbúðum Arsenal. „Það þarf ekki aðeins að vera gott tilboð fyrir hann sjálfan heldur einnig fyrir Arsenal, en Arsene Wenger vill alls ekki missa hann,“ segir umboðsmaðurinn.

Peter Hill-Wood, stjórnarformaður Arsenal, hefur neitað því að félagið hafi áhuga á David Beckham, miðjumanni Real Madrid og fyrirliða enska landsliðsins. Hill-Wood segir það vera gegn stefnu Arsene Wenger að kaupa stjörnur til liðsins.



Sol Campbell og Robin van Persie léku með varaliði Arsenal í gær sem sigraði Reading 1-0 og komu báðir heilir frá leiknum. Þeir hafa báðir verið frá vegna meiðsla í nokkrar vikur en ættu að koma til greina í hóp Arsenal sem mætir Charlton um næstu helgi.



Jose Mourinho, stjóri Chelsea, kveðst hafa áhuga á því að þjálfa í Þýskalandi í framtíðinni og sér hann þá helst Bayern München koma til greina. „Ég fylgist mjög vel með þýskum fótbolta og það yrði mikil áskorun fyrir mig að þjálfa þar,“ segir Mourinho. „Mér líkar vel við þýsku deildina og get vel hugsað mér að stjórna liði Bayern.“

Alan Curbishley, knattspyrnustjóri Hermanns Hreiðarssonar og félaga hjá Charlton, hefur staðfest áhuga sinn á því að taka við enska landsliðinu eftir að Sven-Göran Eriksson hættir með liðið. „Ég vil starfið,“ sagði Curbishley í gær. „Ég hef rætt við enska knattspyrnusambandið en það þarf ekki að þýða neitt. Ég veit ekkert hvar ég er í goggunarröðinni en mig langar í starfið,“ segir Curbishley.

Henrik Pedersen, danski knattspyrnumaðurinn hjá Bolton, segir að það verði mikil eftirsjá í Sam Allardyce, fari svo að honum verði boðin staða landsliðsþjálfara Englands. „Meirihluti almennings í Bolton yrði vonsvikinn ef Allardyce færi. En á hinn bóginn er þetta stærsta starf sem völ er á í Englandi svo að allir myndu skilja ef hann færi.“

Markvörðurinn Fjalar Þorgeirsson er farinn frá Þrótti og genginn til liðs við Fylki:

# Þetta var ekki erfið ákvörðun

**FÓTBOLTI** Fylkir hefur fest kaup á markmanninum Fjalari Þorgeirssyni frá Þrótti en hann skrifaði í gær undir þriggja ára samning við liðið. Fjalar uppfyllir þar með metnað sinn um að spila í efstu deild en honum gekk illa að losna frá Þrótti, sem vildi alls ekki missa einn af máttarstólpum liðsins.

„Ég er mjög ánægður með að óvissunni sem ég hef lifað í að undanförnu er loksins lokið og mér líst stórvel á Fylki. Félagið er með mjög færa þjálfara sem vita alveg hvað þarf til að ná árangri, meðal annars Bjarna Sigurðsson markmannsþjálfara sem mér líst einkar vel á. Ég hef lært vel með Guðmundi Hreiðarsyni hjá Þrótti og ég á honum mikið að þakka,“ sagði Fjalar við Fréttablaðið í gær.

Bjarni Þórður Halldórsson var aðalmarkmaður Fylkis síðasta sumar en tæpt er að hann verði tilbúinn í slaginn í byrjun sumars vegna þrálátra meiðsla í nára.

Fjalar ólst upp í Þrótti, en færði sig um set til nágrannaliðsins Fram um stundarsakir áður en hnann sneri aftur í Þrótt. „Að vissu leyti er mjög erfitt að fara frá Þrótti. Ég er alinn upp þar, allar mínar rætur liggja þangað og ég á marga vini í félaginu. En miðað við hvert minn metnaður snýr í dag var þetta ekki erfið ákvörðun,“ sagði Fjalar að lokum.

Fylkir hafði samband við Þrótt fyrir nokkrum vikum með það í huga að kaupa Fjalar en vildi ekki fá hann á láni eins og Þróttarar lögðu til. Fjalar hefði orðið samningslaus í haust og því kom aldrei til greina að lána hann í sumar án þess að hann framlengdi samning sinn. „Þróttur bauð mér samning í desember sem ég hafnaði enda hafði ég ekki áhuga á að framlengja samninginn. Ég vona að þessi málalok séu öllum fyrir bestu,“ sagði Fjalar að lokum.

- hþh




**FJALAR ÞORGEIRSSON** Hefur átt í útistöðum við forráðamenn Þróttar í nokkurn tíma vegna tregðu þeirra við að selja hann, en hann er núna loksins búinn að ganga frá samningum við Fylki. Fjalar skrifaði undir þriggja ára samning. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Fjölskylduhlaup Atlantsolíu



10 fá frítt á tankinn
- ekkert þátttökugjald

10 heppnir þátttakendur fá frítt á tankinn

Létt hlaup þar sem hver fer á sínum hraða

Tilvalið fyrir alla fjölskylduna að mæta

Fjölskylduhlaup Atlantsolíu og skokkhóps Víkings um Elliðaárdalinn fer fram laugardaginn 18. mars kl.10.30 fyrir hádegi. Borgarstjóri ræsir.

Hlaupið verður frá bensínstöð Atlantsolíu við Sprengisand (Bústaðaveg). Farnar verða tvær vegalengdir; 3 og 7 km. Hlaupið verður inn norðanmegin í Elliðaárdal, upp í Árbæ og til baka sunnanmegin í Elliðaárdal og endað við Víkina, á íþróttasvæði Víkings í Fossvogi.

*Í Víkinni er öll íþróttaaðstaða eins og best verður á kosið og tilvalið að bregða sér í tækjasalinn – aðgangur ókeypis. Maraþonklukka verður við Víkina en ekki formleg tímataka.*

pipar / SÍA / 6635

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Do you see that house? I used to know a kid who lived there, he had the biggest tongue in the world.“**

**svar:** Jeffrey Beaumont í Blue Velvet frá 1986.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON VEÐJAR Á MANNKYNSSÖGUNA.

# *Listin að spinna góða sögu*

Á þessum degi árið 44 fyrir Krists burð var Júlíusi Sesar slátrað í ruddalegri hnífaárás. Júlli er hins vegar enn brattur í þrælgóðum þáttum um Róm sem ganga nú á Stöð 2 þótt þessi blóðugi marsdagur færist nær með hverju sunnudagskvöldinu sem líður. Það þarf ekki mikla spádómsgáfu til þess að gefa sér það að Brútus og hans hyski muni vega Sesar í lokaþætti Rome. Það ætti þó síður en svo að binda enda á þáttaröðina þar sem eftirleikurinn var svo magnaður að hann hefur lifað í gegnum árþúsundin og er meira að segja enn kenndur í framhaldsskólum á Íslandi.

Þeir handritshöfundar sem berjast við að skrifa frambærilegt sjónvarpsefni munu aldrei ná að toppa þá safaríku, blóðugu og kynósa hápunkta sem mannkynssagan náði á tímum Rómverja. Þess vegna ríghalda þessir þættir jafn vel og raun ber vitni. Að Sesari föllnum taka Markús Antóníus og Oktavíanus litli sviðið og reka flótta hnífamannanna. Þá verður fjör, að maður tali nú ekki um þegar Oktavíanus sýnir síðar óvænta meistaratakta þegar hann stomar fram á sjónarsviðið sem Ágústínus keisari. Þessi saga klikkar ekki og hefur staðist tímans tönn.

Hreinn skáldskapur á það frekar á hættu að lenda í frásagnarlegum öngstrætum og botnlöngum og ég er enn að bíða eftir því að höfundar Lost skrifi sig út í horn og spinni svo mikla þvælu að þeir fái ekki úr henni greitt nema með ódýrum lausnum sem kenndar eru við guð úr vélinni. Það hefur oft staðið tæpt en þeir hafa hingað til reddað sér snilldarlega fyrir horn. Nú hafa þeir svo aukið keyrsluna með því að veita fersku blóði í þættina með nýjum persónum. Þar vegur töffarinn Michelle Rodriguez þyngst. Hún er harðjaxl af guðs náð og hélt mér hugföngnum við tækið á mánudag. Megi hún lifa sem lengst á eyju hinna fordæmdu.



**MICHELLE RODRIGUEZ** Er líkleg til þess að lyfta töffinu í Lost upp í hæstu hæðir.



▶ **20.30** *Keppni*

PROJECT RUNWAY



▶ **20.50** *Spjall*

OPRAH



▶ **21.00** *Gaman*

MY NAME IS EARL



▶ **20.00** *Lífstíll*

HOMES WITH STYLE



▶ **19.** *Fótbol*

WEST HAM – BOLTON

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Steini (38:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (24:42)

**18.31** **Líló og Stitch (61:65)** (Lilo & Stitch)
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.30** **Tískuþrautir (3:12)** (Project Runway)Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**21.15** **Svona er lífið (3:13)** (Life As We Know It)Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Handboltakvöld**
**22.35** **Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn í Malasíu um helgina.

**23.00** Róska **0.15** Kastljós **1.15** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** The Apprentice – Martha Stewart **15.05** Fear Factor **16.00** Sabrina – Unglingsnornin **16.25** BeyBlade **16.50 17.15** Pingu **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Strákarnir**
**20.05** **Veggfóður (7:17)**
▶ **20.50** **Oprah (42:145)** (Why Do Men Go To Strip Clubs? And Other Burning Questions)Í þessum þætti veltir sjónvarpsdrottningin Oprah Gail Winfrey fyrir sérhvers vegna í ósköpunum sumir karlmenn sækjast svo mjög í nektarbúllurtil að sjá ókunnugar konur fækka fötum og sýna á sér líkamann nakinn gegnháu gjaldi.
**21.35** **Missing (18:18)** (Mannshvörf)
**22.20** **Strong Medicine (22:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)(Quarantine)

**23.05** Stelpurnar **23.30** Grey's Anatomy **0.15** Derek Acorah's Ghost Towns **1.00** Session 9 (Str. b. börnum) **2.35** Perfume (B. börnum) **4.20** Missing **5.05** The Simpsons 15 **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **The War at Home (e)** (Dave Get Your Gun)
**20.00** **Friends (17:24)**
**20.30** **Sirkus RVK**
▶ **21.00** **My Name is Earl** (White Lie Christmas) Earl hittir fyrrum tengdarforeldra sína sem halda að hann sé enn giftur dóttur þeirra og það sem meira er þá halda þau að hann sé nýkominn heim frá stríðinu í Írak. Earl ákveður að hjálpa Joy að ljúga að foreldrum hennar.
**21.30** **The War at Home** (Breaking Up Is Hard To Do)
**22.00** **Invasion (10:22)** (Origin Of Species)
**22.45** **Reunion (9:13) (e)** (1994)

**23.30** Kallarnir (e) **0.00** Friends (17:24) **0.25** Sirkus RVK (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Heil og sæl (e)

**15.20** Worst Case Scenario (e) **16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Cheers**
**19.25** **Fasteignasjónvarpið**
**19.35** **The Drew Carey Show (e)**
▶ **20.00** **Homes with Style** Í þættinum eru skoðuð falleg heimili jafnt utan sem innan.
**20.30** **Fyrstu skrefin** Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er og hvað við getum gert til að börnunum okkar líði sem best.
**21.00** **Queer Eye for the Straight Guy**
**22.00** **Law & Order: SVU** Stabler vinnur að máli sem að hann náði ekki að klára 14 árum áður.
**22.50** **Sex and the City – 4. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.55** Cheers (e) **1.20** Fasteignasjónvarpið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**16.20** Enska bikarkeppnin (Man. City Villa) **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Spo

**18.30** **Skólahreysti 2006** 45 grunnskó höfuðborgarsvæðinu keppa í hreysti.
**19.15** **Gillette World Cup 2006** (Gillette Cup 2006)Öll liðin og leikmennir 2006 í Þýskalandi teknir ítarlega f
▶ **19.50** **Enska bikarkeppnin** (West Ha Bolton) Bein útsending frá síð West Ham og Bolton í 16 liða enskabikarsins, FA Cup. Fyrri le anna lauk með markalausu ja nú eigast þau við að nýju og v leikið til þrautar.
**22.00** **US PGA Tour 2005 – Highlights** PGA Tour 2006 – Highlights)

**22.55** **Intersport-deildin** (Keflavík – S
**0.50** Enska bikarkeppnin (West Ham Bolton)

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Starsky & Hutch (Bönnuð börnum) **8.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **10.00** Johnny English **12.00** Scorched **14.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **16.00** Johnny English **18.00** Scorched **20.00** **Starsky & Hutch** Bönnuð börnum. **22.00** **Fourplay** (Ástin er óútreiknanleg) Ben erhandritshöfundur við vinsælan sjónvarpsþátt í Bretlandi. Bönnuð börnum. **0.00** Shaolin Soccer (Bönnuð börnum) **2.00** FeardotCom (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Fourplay (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Superstar Weddings Gone Bad **14.00** 101 Most Awesome Moments in... **15.00** 101 Most Awesome Moments in... **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** 101 Most Awesome Moments in... **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **23.00** Supermodels Gone Bad **23.30** Superstar Weddings Gone Bad **0.00** E! News **0.30** Superstar Weddings Gone Bad **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leiks (e) **14.00** Brimingham -W.B.A. frá 11. **16.00** Portsmouth – Man. City frá 11 **18.00** Everton – Fulham frá 11.03
**19.50** **Liverpool – Fulham (b)**
**22.00** **Charlton – Middlesbrough frá**
**0.00** Dagskrárlok



INVASION
Í KVÖLD KL 22:00

ÞAÐ ER VERIÐ
AÐ FYLGJAST
MEÐ ÞÉR
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Róska RÚV, kl. 23.00

### *Dramatískt og ævintýralegt líf Rósku*



Heimildarmynd um líf og listir Rósku (Ragnhildar Óskarsdóttur) eftir Ásthildi Kjartansdóttur verður endursýnd á Ríkissjónvarpinu í kvöld en myndin var opnunarmynd á Reykjavík Shorts and Docs í maí í fyrra. Róska var listakona, bóhem og fyrsta íslenska kvikmyndagerðarkonan. Megináhersla myndarinnar er á ár Rósku á Ítalíu þar sem hún bjó í Róm í þrjátíu ár með manni sínum Manrico Pavolettoni ljóðskáldi. Róska var merkileg kona sem fór sínar eigin leiðir í lífinu. Hún var mjög pólitísk og lífsskoðanir hennar speglast glögglega í kvikmyndum hennar og málverkum. Hún var flogaveik frá 13 ára aldri og dó úr heilablóðfalli hér á Íslandi aðeins 56 ára en eiginmaður hennar lést ári síðar. Skömmu áður en hún lést hélt hún gjörning í Nýlistasafninu sem er eins konar uppgjör á lífi hennar.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | | | 3 | 9 | | |
| | 3 | | | | 4 | | | |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | 3 | | | | 2 | | 9 |
| | 9 | | | | | | 7 | |
| 8 | | 1 | | | | 6 | | |
| | 7 | | | 4 | | | | |
| | | | 2 | | | | 3 | |
| | | 8 | 5 | | | 1 | 2 | 4 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 9 | 3 | 1 | 8 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 9 | 8 | 1 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 3 | 2 | 9 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 | 8 |



▶ **21.10** *Heimildamynd*

RYANAIR CAUGHT NAPPING

**NFS**

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45 Brot úr dagskrá**
**20.00 Fréttir**
**20.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur**
**20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes**
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 Ryanair Caught Napping** (Ryanair hneykslið) Sláandi ný heimildarmynd frá bresku sjónvarpsstöðinni Channel 4 þar sem fréttamenn tóku sig til, réðu sig sem flugliða hjá Ryanair, störfuðu þar í heila fimm mánuði, og tókst þannig að afhjúpa glæpsamlega galla á öryggismálum þessa stærsta lággjaldaflugfélags í Evrópu.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut**

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.20** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying




WWW.SVAR.IS

# ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ

acer 30 ára

ATHUGIÐ! TAKMARKAÐ MAGN



ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Ótrúlegt verð!

## ACER ASPIRE 5502WLMi

**Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino** / 1GB DDR2 533Mhz
14.1" WXGA skjár / ATI Mobility Radeon x700 - 64MB skjákort
80GB ATA100 HD / Þráðlaust netkort
Windows XP Home

VERÐ ÁÐUR: ~~139.900-~~
TILBOÐ: **114.900-**

Þú sparar 25.000-

Ótrúlegt verð!

## ACER ASPIRE 1694WLMi

**Intel Pentium M 2.0Ghz - Centrino** / 1GB DDR2 533Mhz
15.4" WXGA breiðtjald / ATI Mobility Radeon x700 - 256MB skjákort
100GB ATA100 HD / Þráðlaust netkort
Windows XP Home

VERÐ SAMKEPPNISAÐILA: ~~169.900-~~
TILBOÐ: **149.900-**

Þú sparar 20.000-



ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

Ótrúlegt verð!

## ACER ASPIRE 1692WLMi

**Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino** / 1GB DDR2 533Mhz
15.4" WXGA breiðtjald/ ATI Mobility Radeon x700 - 128MB skjákort
80GB ATA100 HD / Þráðlaust netkort
Windows XP Home

VERÐ SAMKEPPNISAÐILA: ~~144.900-~~
TILBOÐ: **129.900-**

Þú sparar 15.000-



ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

Ótrúlegt verð!

## ACER ASPIRE 5622WLMi

**Intel Core Duo M 1.66Ghz - Centrino** / 1GB DDR2 533Mhz
15.4" WXGA breiðtjald / ATI Mobility Radeon x1300 - 128MB skjákort
80GB ATA100 HD / Þráðlaust netkort
Windows XP Home

TILBOÐ: **159.900-**

Ný vél!



ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**





ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSI

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikm

í stafrænum gæðum á vísir.is




**BAKÞANKAR**


**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**


## *Ertu fatlaður eða hvað?*

Af einhverri furðulegri ástæðu er næstum alltaf talað um fatlað fólk sem „einstaklinga", hvort sem er í ræðu eða riti. Fólk með sjúkdóma eða hömlur af einhverju tagi hættir að vera menn, konur eða manneskjur þegar umræðan snýst um það í tengslum við fötlunina og breytist umsvifalaust í „einstaklinga". Ég held að enginn annar þjóðfélagshópur fái þennan stofnanalega stimpil í svipuðu samhengi. Að minnsta kosti man ég ekki til að þátttakendur á læknaþingi heiti óumflýjanlega „einstaklingar á ráðstefnu" eða flugfarþegar séu kallaðir „einstaklingar á ferðalagi" eða þingmenn nefndir „einstaklingar á þingi".

**UNDANFARIÐ** hef ég fengið smjörþefinn af því að vera í hópi hinna fötluðu því fótgangandi ýti ég nú ætíð á undan mér manneskju á hjólum. Þetta er bara pínulítill „einstaklingur" og mætir þess vegna alls staðar aðdáunaraugum en ekki vorkunnar þótt hún geti ekki gengið ennþá en liggi í vagni og láti sinna sér. Samt mæta okkur mæðgunum svipaðar hindranir í bæjarerindum eins og værum við alvöru „einstaklingar". Við bankatröppurnar þarf ég til dæmis að pikka út góðgjarnan vegfaranda til að lyfta undir „einstaklinginn" minn svo við komumst til að borga gíróseðil. Ég legg til að þau fyrirtæki og stofnanir sem treysta sér ekki til að byggja skábraut við innganga sína komi sér að minnsta kosti upp lúguafgreiðslu svo við „einstaklingarnir" getum sinnt erindum eins og annað fólk.

**SÚ ÞRÁLÁTA** hugsun sækir nefnilega að mér að flest okkar druslist með vandamál sem gætu alveg flokkast sem fötlun ef kerfið væri dálítið víðsýnna. Um daginn var hópur þroskaheftra unglinga í strætó. Það var galsi í krökkunum, þau sungu og göntuðust og voru með dálítil læti eins og unglinga er siður. Gamall geðvondur kall í sama vagni átti mikið bágt með að þola þennan skríl og að lokum sprakk á honum túðan. Hann þandi sig upp úr sætinu með munnsöfnuði og galaði að þeim að hafa sig hæg. Steinhaldiði kjafti fávitarnir ykkar!

**ÞESSIR** þroskaheftu „einstaklingar" vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Fyrst sló þögn á hópinn en svo upphófst mikil ráðstefna um ástæðu uppþotsins í kallinum. Hver og einn spurði annan hissa: Hvað er eiginlega að, afhverju var hann að garga svona? Ha? Er hann eitthvað reiður? Eftir miklar umræður komust krakkarnir að þeirri niðurstöðu að þau ættu að sýna honum umburðarlyndi og gæsku. Hann ætti eitthvað bágt greyið, það væri áreiðanlega bara eitthvað að honum.


www.toyota.is

# risaSMÁR




## Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

Verð frá **1.359.000** kr.

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.**
**En risaSMÁR er snilld.**
risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.
**Yaris** er ekki stór. Samt hefur hann í mörg ár verið vinsælasti bíll á Íslandi vegna þeirra eiginleika sinna að sameina í einum bíl kosti smábíls og fjölskyldubíls hvað varðar hönnun, búnað og öryggi. **Yaris** er risaSMÁR.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| Toyota | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |